FINNUR JÓNSSON

ISLANDSKE LÆSESTYKKER

MED

FORKLARINGER OG ORDSAMLING

I

UDGIVNE AF

DANSK-ISLANDSK SAMFUND

ANDR. FRED. HØST & SØNS FORLAG
KØBENHAVN 1918

S. L. Møllers Bogtrykkeri. København.

HENSIGTEN med denne lille bog er at give dem, der måtte ønske at lære nutidsislandsk, et hjælpemiddel ihænde dertil. Man har savnet et sådant middel, hvad læsestykker angår. I 1905 udgav jeg en kort Islandsk formlære, til brug for begyndere. De her valgte læsestykker er formentlig ikke for svære. Foruden de originale islandske læsestykker har man ment det hensigtsmæssigt at vælge nogle, der var oversatte fra dansk, eller som findes på dansk; dette vil yderligere lette begynderens studium, og det tilrådes at begynde netop med disse stykker. Man vil se, at valget af de originale stykker beror på en bestemt tanke. Forklaringerne under teksten og ordsamlingen udfylder formentlig hinanden. Desværre kan der ikke henvises til en for begynderen passende ordbog; derfor er forklaringen og ordsamlingen gjort ret righoldige. Meningen er, senere at udgive endnu et hæfte af lignende art.

Læsestykkerne er følgende:

I. Þ. Thóroddsen: Lýsing Íslands (Islands beskrivelse) I, s. 3—4 og 5—7.

II. Benedict Gröndal, (tidsskriftet) Gefn V, 22—25.

III. Jónas Hallgrímsson, Grasaferðin (Mosturen), trykt i Ljóðmæli [2].

IV. H. C. Andersen: Prinsessen på ærten
Flipperne
Den lille pige med svovlstikkerne
(taget fra Stgr. Thorsteinsons oversættelse).

V. Odysseifsdrápa (Odysséen), af VI bog, efter Svbj. Egilssons oversættelse, 2. udg.

VI. Første Mosebog III og Ljóðaljóðin (Höjsangen) I—II.

F. J.

I. Stærð Íslands.

Ísland er stærst af öllum þeim eyjum, sem teljast til Norðurálfu heims, þegar Bretland eitt er undanskilið. Að því er menn vita best, mun Island vera hjerumbil 1870 ferhyrndar mílur að flatarmáli, en Bretland (England og Skotland) er meira en helmíngi stærra (4174 ferh. mílur), en Írland er nokkru minna (1530 ferh. mílur), og gengur það næst Íslandi að stærð. Ísland er ekki lángt frá því að vera þrisvar sinnum stærra að flatarmáli en Danmörk (697 ferh. mílur), en í Danmörku má hver blettur heita ræktaður, aftur á móti er það aðeins lítill hluti Íslands, sem kallast getur byggilegur (15—20 %), og örlítið það sem ræktað er, mestur hluti flatarmálsins eru afrjettir og öræfi, hraun og jöklar. Ísland er 66 mílur á lengd frá austri til vesturs frá Öndverðarnestá til Gerpis og 42 mílur á breidd frá norðri til suðurs frá Dalatá við Siglufjörð til Dyrhólaeyjar.

Í fornöld, löngu áður en landið var mælt, reiknuðu menn stærð þess í dagleiðum á sjó og landi. Forn-

---

Norðurálfa: egl. nord-halvdel ɔ: Evropa. — Bretland: (Stor)britanien. — undanskilið: af skilja undan, = unddrage, fradrage, undtage. — aftur á móti: til gengæld. — Öndverðarnestá: vestligst på Snefjældsnæs; tá (pl. tær): tå, yderste pynt. — Gerpir: forbjærg på Østlandet (i Østfjordene). — Siglufjörður: vest for Øfjordens munding (nordl. Isl.). — Dyrhólaey: på sydlandet; Dyrhólar af dyr = port (på grund af et af brændingen dannet hul i klippen) og hólar, her = holm· — löngu: egl. dat. sing. ntr. af lángur, adverbielt = længe. — dagleið: dagsrejse, så lang strækning, man kan tilbagelægge

menn sögðu, að um endilángt Ísland væri tuttugu dagleiðir á sumardegi, en fjórar um þvert. Þá töldu þeir að umhverfis Ísland væri sjö dægra sigling „at hröðum byr ok skiptist svá sem þarf, því at eigi má eitt veðr hafa“. Þessa vegalengd töldu þeir 14 tylftir og voru í hverri tylft 12 vikur sævar, taldist þeim þannig vegalengdin kringum landið alt, er siglt var rjettleiðis fyrir öll annes, 168 vikur sævar.

Enn meiri óvissa er á því, hve hlutfallsleg stærð er milli bygðra hjeraða og óbygðra, milli ræktaðs lands og óræktaðs, heimahaga, afrjetta og öræfa; fulla vissu er að svo stöddu ómögulegt að fá af þeim uppdráttum, sem nú eru til, enda er komið undir álitum manna hvernig reikna skal. Verður því hjer sem annarstaðar i landfræðisbókum að nota þær tölur, sem eftir kríngumstæðum virðast næstar því sem rjett er. Mjög misskiftar skoðanir munu vera um það, hvað telja skuli með bygðu landi eða eigi. Ef öll láglendi, dalir og fjallabygðir, heimalönd, búfjárhagar og bygðafjöll eru sameinuð og kölluð bygðir eða sveitir, þá verður þetta alt til samans 6—700 ferh. mílur, en afrjettir, öræfi og óbygðir 11—1200 □ mílur. Þannig hefur oftast verið talið, en i raun rjettri eru bygðirnar miklu minni og óbygðirnar stærri. Í þessum reikníngi

---

på én dag. — endilángur: lang fra den ene ende til den anden; um e—t Ísl. = fra den ene ende til den anden af I. (her fra vest til øst). — skiptist: fordeler sig, ændrer sig. — eitt veðr: en og samme vind. — vikur: sømil. — rjettleiðis—annes: ligeud udenfor alle fremstikkende næs. — heimahagar: græsgange (græsbevokset land) ved og omkring gårdene. — að—stöddu: ‚idet sagen er således stedt‘ (stöddu, dat. af staddur, stedt) ɔ: under de nuværende forhold, foreløbig. — enda er: det er da også, er komið undir: beror på („det beror da også på“). — Verður: man bliver nødt til. — misskiftar: ‚forskellig delte‘ ɔ: forskellige. — búfjárhagar: græsgange for hornkvæg og får. — í raun rjettri:

eru með bygðum talin stór svæði af gróðurlausum hraunum, fjöllum og söndum, urðum, melum og holtum, en ef aðeins er talið flatarmál samanhángandi sveita, mýrlenda og heimahaga, en slept hinum stærri fjallspildum, söndum og hraunum, sem liggja eins og óbygðir öræfakaflar innan um sveitir eða nærri þeim, þá verður flatarmál þess sem eftir er aðeins 250 ferh. mílur, og er þó vel í lagt. Þó er af þessu flatarmáli aðeins örlítið ræktað land. Landshagsskýrslur (1903) telja, að tún öll sjeu á Íslandi 53,445 vallardagsláttur eða þrjár ferh. mílur, þar við bætast svo kálgarðar og annað sáðland, sem 1903 voru 894 dagsláttur, flæðiengi, nátthagar og annað land sem einhver rækt er lögð við, og verður þetta alt varla meira en fjórar ferh. mílur. Það má þó vel vera, að þetta sje nokkuð lágt reiknað, en meir en fimm ferh. mílur er ræktað land ekki á Íslandi. Landið er mestalt hálendi og er ekki að búast við að land, sem liggur svo norðarlega og er svo hátt úr sjó, sje gróðrarmikið í heild sinni.

II. Um jurtir.

Þar sem hnattstaðan hefur engin áhrif á steinaríkið og jarðveginn í sjálfum sjer, þá hefur hún það því meira á jurtirnar. Í enum kaldari löndum eru jurtirnar ekki jafnblómfagrar, ávaxtarsamar og stórvaxnar eins og þar sem heitara er, nema sæjurtirnar,

---

‚i den rigtige erfaring‘ ɔ: i virkeligheden. — öræfakaflar (af kafli): stykker af ör. — og — lagt: ‚og der er dog rigeligt lagt deri‘ ɔ: det er beregnet rigeligt. — vallardagsláttur (sg. slátta): ‚dagslæt på tun‘, ɔ: så stort et stykke tun, man kan slå i løbet af én dag. — flæðiengi: oversvømmede enge. lögð við: anvendt på (af leggja við). — hálendi: fjældplateau. — búast við: vænte, forudsætte.

þær þroskast jafnvel enn meir í enum nyrðstu höfum en annarstaðar, og valda því en hlýju sjávarföll, sem koma frá enum heitari stöðvum hnattarins. Jarðvegurinn, sem jurtirnar vaxa í, er ekki eingöngu myndaður af jurtaleifum; hann er og samansettur af ýmsum jarðar- og steinategundum, og eftir eðli þeirra fer náttúra moldarinnar, hvort hún er frjósæl eða ekki; þar við bætist og vatnsmegnið, sem hamlar sumum jurtum, en eflir aðrar. Annars er ekki ætíð undir því komið, að jurtir hjálpi til að mynda jarðveginn, því þær vaxa sumar á mjög þurrum stöðum. Eftir því hvar jurtirnar vaxa, kalla menn þær fjörujurtir, sæjurtir, mýrarjurtir, fjallajurtir, engjajurtir, túnajurtir og má sjá af þessum orðum, í hversu margvíslegum jarðvegi jurtirnar geti þróast. Jafnvel á berum klettum setjast mosar, en þeir þurfa víst ætíð mold, og þegar menn rífa eða skafa þetta af, þá munu menn ætíð finna moldarduft, hversu lítið sem það er; það er það meðal, sem rót jurtarinnar fær næringuna úr, en hitt, sem ávantar, fær hún úr loftinu, sem um hana leikur.

Loftslagið hefur en mestu áhrif á jurtagróðann, sömuleiðis hnattstaðan. Til loftslagsins heyrir veðrátt öll, stormar og logn, þurkur og regn. Af því Ísland er umleikið af hafi, þá eru alstaðar við strendur þess hafviðri, og þar er eyjaloft, sem menn kalla; það er í því innifalið, að hafið mildar vetrarkuldann, en dregur úr sumarhitanum; þetta er gott fyrir sæjurtirnar, þáng og þara, en landjurtir verða við það smávaxnari. Uppi í landinu gætir hafviðranna síður,

---

frjósæl: rig på frugtbarhedskraft, givtig. — mosar (af mosi): mosarter. — það — innifalið: det består deri, det bevirkes derved (falið af fela, skjule). — dregur (af draga) úr: forminsker. — smávaxnari: af smávaxinn, ‚små-voksen‘ ɔ: lille af vækst. — gætir: upersonl., mærkes. — að framan:

þar er meiri munur á vetrarkulda og sumarhita; samt er aldrei svo kalt hjá oss á veturna, að jurtafræin deyi og missi vaxtareðli sitt, heldur geymir snjórinn þau, þángað til vorsólin vekur þau. Hnattstaðan veldur því, að vetur eru lángir, en sumur stutt; þetta veldur því aftur, að einúngis þær jurtir geta þroskast hjá oss, sem þurfa stuttan tíma til vaxtarins, eða þá þær verða smávaxnari en þar sem þær hafa nógu lángan tíma til að þróast. Tíðir og sterkir stormar, sem flytja með sjer saltryk af sjónum, segja menn að hamli skógargróðanum, en ekki vitum vjer hvað satt er í því; aðrar jurtir vaxa samt, þó þetta gángi eins yfir þær; vjer höfum að framan minst á kólnan fleiri enna norðlægu landa, en vjer höfum hvergi tekið eftir, að menn hafi kent þessu um annarstaðar en hjá oss.

Fjallajurtir eru raunar smávaxnar, en þær eru næsta litfagrar og margar ilmsætar; gróðraraflið er ı þeim á minna svæði, en líka drýgra og stæltara en í samkyns jurtum, sem vaxa á láglendum. Því sunnar sem kemur, því gisnar standa jurtirnar; þar þekkjast ekki en þjettvöxnu tún, þar sem gras hallast upp við gras og gerir jörðina eins og grænan, silkigljáandi flöjelsdúk. Það eru því einkum grasjurtirnar, sem gefa landi voru þá prýði, sem mörgum hefur geðjast að; þær skreyta hlíðar og dali, og eru aðalstofn tilveru vorrar. Flestir menn lifa svo, að þeir taka ekki eftir

---

forhen, i det foregående. — minst á kólnan: egl. ‚mindedes afkøling' (kólnan = det at noget bliver koldere) ɔ: gjort en bemærkning om. — tekið (af taka) eftir: bemærket, set. — kent þessu um: brugt dette som årsag (kenna um = beskylde). — drýgra og stæltara: ‚dröjere og mere stålsat' ɔ: mere intensivt (kraftig virkende) og stærkere (med mere modstandskraft). — gisnar: komparativ til gisinn, ntr. gisið, spredt. — hallast upp við: hælder, læner sig op til. — geðjast

enum huldu störfum náttúrunnar; hún hvílir aldrei, og hún lætur öfl sín fremja margvíslega vinnu, ekki einúngis til eyðileggíngar, heldur og til lífgunar. Heila daga er lítill lækur að leika við grös og mosa, þángað til hann flytur þau eitthvað sem þau geta orðið föst og myndað grundvöll annara jurta. Í heilar árþúsundir eru regn og vindar, snjóar og byljir að mylja og mýkja hraun og urðir, svo þar verði hæfilegur jarðvegur fyrir jurtagróðann; þetta sjáum vjer í hraungjótunum, þar sem jarðvegurinn er orðinn svo meyr og þroskasæll, að þar standa hávaxnar jurtir, vermdar og efldar af hinni blessandi og frjóvgandi sól. Ef þessi hraun liggja í friði og truflast ekki af jarðeldum, þá munu þau eftir margar þúsundir ára verða frjósamt og gróðasælt land. Á enum hörðustu klettum byrjar náttúran líka sitt verk, þegar tími er til: vindarnir feykja þángað moldardufti, svo fínu, að enginn tekur eftir því, og frækornum, svo litlum, að enginn sjer þau; þar kvikna mosar og lýng, og þar vaxa ber og blóm. Yfir höfuð má telja það víst, að eftir því sem oss fer fram í andlegum skilníngi, eftir því sem vjer tökum betur eftir náttúrunni, þá muni oss takast að efla jurtarækt og jarðargróða meir en verið hefur. Þegar menn gleyma sjálfum sjer, þá gleyma menn jörðinni, en jörðin er allra móðir. Vjer ímyndum oss, að einhvern tíma muni menn vinna eftir tignarlegri og fegri hvötum en verðlaunaloforðum í silfurpeníngum. — Róbert flutti íslensk jarðepli til

---

að: synes om, behage. — enum huldu: de skjulte; huldu af part. huldur, af hylja = hylle. — öfl: af afl, kraft. — eitthvað: acc. etsteds hen. — telja víst: anse det for sikkert, givet. — oss fer fram: ‚det går fremad for os' ɔ: vi gör fremskridt; oss er dativ. — muni oss takast: vil det ‚tage sig' ɔ: lykkes for os. — eftir hvötum (af hvöt f.): ‚efter opfordringer' ɔ: motiver. — fegri: komparativ af fagur, skön. —

París, og voru þau þar gróðursett og uxu svo, að menn höfðu aldrei sjeð þvílíkt af því tæi. Þau voru á ávaxtasýníngu í Bryssel 1848, og voru garðyrkjumenn samdóma í því, að þau tæki öllum öðrum jarðeplategundum fram að frjósemi, bráðþroska og næríngarafli, og væri ekki undirorpin þeim sjúkdómum, sem svo oft spilla jarðeplarækt í útlöndum.

III. Grasaferð.

„Systir góð! sjerðu það, sem jeg sje?“ Það var eitt kvöld um vorið, við komum af stekknum, að jeg sagði þetta við systur mína, fimmtán vetra gamla, og klappaði saman lófunum af gleði. „Jeg veit ekki, við hvað þú átt, drengur!“ — „hvað á jeg að sjá?“ sagði hún rjett á eftir og sneri sjer við, því jeg var orðinn aftur úr og horfði þegjandi ofan í jörðina. „Hjer hefur rignt ormum í skúrinni, en það var ekki það, sem jeg átti við“. „Þú ert skýrleiks barn“ sagði systir mín hlæjandi „og kemur alltjend upp með eitthvað nýtt; við skulum tala um ormana þína seinna; en hvað var hitt, sem jeg átti að sjá?“ „Jeg var

---

uxu: præt. til vaxa. — af því tæi: af den art (tæi, ntr., art). — samdóma: adj., ‚sam-dömmende‘ ɔ: enige. — taka fram (tæki præt. konj.): overgå. — öðrum: af annar, anden.

Grasaferð: grös, flt. af gras = isl. mos (lichen islandicus); grasaferð: mos-tur (udflugt for at samle isl. mos). — við komum: da vi kom. — við — átt: hvad du mener; eiga við: sigte til, mene. — á (jeg): af eiga (præs.) — rjett á eftir: lige bagefter, straks. — sneri: af snúa; snúa sjer við: vende sig om. — verða aftur úr: blive tilbage, komme bagefter. — þegjandi: tiende, tavs. — skýrleiks barn: begavet barn; skýrleikur, egl. klarhed, opvakthed. — nýtt: af nýr, ny. — seinna: kompar., senere. — hitt: det (be-

einatt vanur við hún leiddi mig, á meðan jeg var ýngri; en nú var jeg orðinn 13 vetra gamall, og þótti vera of stór til þess; samt sem áður fanst mjer það alltjend mesta skemtun, og vann jeg mjer það stundum inn með allskonar gamni og vinalátum, þegar við vorum einhverstaðar á gángi. „Leiddu mig dáltið“ sagði jeg og tók í höndina á henni, „annars kostar sjerðu ekki það, sem jeg bendi þjer á — þú sjerð fjallið hjerna fyrir ofan okkur, gáðu nú að“. „Nei, jeg sje ekki fjallið, frændi minn góður! var það ekki annað en fjallið?“ — „Og sjerðu bunurnar bláu, sem steypast fram af Bröttuskeið; það er eftir regnið áðan; lækirnir hafa allir vaxið og eru sumir mórauðir. Hvernig líst þjer núna á fjallið?“ „Ekki nema vel“ sagði systir mín „það er fallegt og farið að verða sumarlegt; en sona lítur það út á hverjum degi; þú verður að sýna mjer eitthvað meira“. „Jeg er að draga þig dáltið á því, sem best er; sjerðu nú rindana þarna upp á Bröttuskeið sunnanverðri? Þeir eru fagurbleikir; manstu, hvernig þeir eru að sjá í þurki?“ Þetta seinasta sagði jeg svo borginmannlega og með svo miklum spekíngssvip, að það var auðsjeð á öllu,

---

tonet). — við hún leiddi: for við að h. l., vant til, at hun (førte mig ved hånden, holdt mig i h.). — þótti: af þykja, syntes. — samt sem áður: alligevel. — vann mjer inn: af vinna sjer inn: skaffe sig noget (fordel) ved et el. andet arbejde; „opnåde det ved osv.“ — vinalátum: af vinalæti: venskabs-lader, indsmigrende adfærd. — dáltið: for dálítið: meget lidt; „hold mig lidt i hånden“. — annars kostar: egl. ‚under andet valg, betingelse‘, ɔ: i modsat fald. — bendi þjer á: viser dig. — gáðu = gá þú: læg mærke (til). — Bröttuskeið: af brattur: brat, stejl, og skeið: landstrimmel, fjældside. — það er eftir: det er følgen af. — ekki — vel: ikke undtagen godt, kun godt. — farið að verða: begyndt at blive. — draga á því: trække det ud (for en). — fagurbleikir: ‚fagert gule‘ (egl. blege), lysegule. — borginmannlega: stolt og kry (egl. „på den mands vis, der kan bjærge

jeg þóttist hafa sagt eitthvað merkilegt. Systir mín horfði stundarkorn á rindana, og sá jeg, hvernig hýrnaði yfir henni. „Þú ert mesta gersemi“ sagði hún þá „og besti frændinn, sem jeg á — það eru altsaman grös, það er ógn af blessuðum grösum!“ Nú líkaði mjer fyrst, hvernig gekk. Systir mín leiddi mig við hönd sjer, lagaði á mjer hattinn og strauk hárið frá enninu á mjer, en jeg hristi það jafnótt niður aftur, og horfði ýmist á hana eða tórnar bleiku, og bað með öllu móti, að hún þegði um grösin, og tæki mig svo einhvern tíma einan með sjer upp á Bröttuskeið, svo við hefðum bæði tvö sómann af þessari uppgötvun, og grösuðum meira en dæmi væru til. Hún lofaði mjer því loksins, og þá var jeg í mínum augum sæll eins og kóngssonur, og hugsaði til grasanna með hreinni og vonarfullri gleði. Þessháttar tilhlökkun verður varla lýst, og engum getur auðnast að njóta hennar fyllilega, nema unglíngum á mínu skeiði.

Þessi systir mín, sem jeg kallaði, hjet Hildur Bjarnadóttir, og var einkabarn prestsins á B***. Við höfðum alist upp saman frá því jeg var 4 vetra; þá

---

sig selv“). — jeg þóttist: at jeg mente. — hýrnaði yfir henni: hendes ansigt opklaredes; hýrna: blive glad (af udseende). — þú — gersemi: egl. ‚du er den störste kostbarhed‘, du er den dejligste dreng. — ógn: egl. ‚rædsel‘, men bruges ofte for at betegne noget stort og talrigt; „masse“. — lagaði — hattinn: rettede hatten på mig; laga: at bringe i den rette stilling. — ýmist — eða: snart . . snart. — tórnar: af tó: her mosbevokset plet; tó egl. afsats. — með — móti: på alle måder, på det indstændigste. — þegja um (þegði præt. konj.): fortie, „at hun ikke skulde fortælle nogen om“. — tæki: af taka, „tog mig“. — loksins: endelig; egl. gen. af lok, slutning. — hugsa til: tænke på (noget, der skal komme). — vonarfullur: forventningsfuld. — tilhlökkun: glæden-sig til; hlakka til: glæde sig til; ordet er her dativ, styret af lýst, af lýsa: beskrive. — skeið: ntr., tids-rum, her alder. — hjet: af heita: hedde. — Við — saman: vi var bleven opfostrede sammen; alast upp: vokse op. — 4: læs fjögurra

misti jeg foreldra mína, hvort á eftir öðru. Sjera Bjarni tók mig þá í fóstur, og ól hann mig upp, eins og jeg væri hans sonur. Hann hafði átt móðursystur mína, en misti hana, þegar jeg var barn. Frá þeim tíma bjó hann alt af með bústýru, og bar ekki á öðru, en það færi nógu vel. Hann var líka ríkismaður, og fluttust honum föngin víða að, svo enginn gat vitað, nema kunnugir, þó eitthvað þryti á heimabúinu. Ráðskonan var alt af heldur ill við mig, og kallaði jeg hana digru Guddu, þegar jeg var reiður, en Hildi, prestsdótturina, kallaði jeg aldrei annað en systur mína, og prestinn fóstra minn, eða þá stundum sjera Bjarna, þegar jeg átti tal við ókunnuga. Hann var aldrei harður við mig, og ekki man jeg til hann ofbyði mjer nokkurn tíma, hvað sem jeg átti að nema eða vinna, en heldur var hann strángur í útliti, og aldrei svo blíður eða eiginlegur í máli, að jeg gæti fest ást á honum; mjer lá alt af við að hræðast hann, og aldrei var jeg eins glaður eða upplitsdjarfur og jeg reyndar átti að mjer, þegar jeg sá hann einhverstaðar í nánd við mig. Samt sem áður virti jeg hann, eins og hann væri faðir minn, og vildi honum vel af heilum hug. Jeg var svo lánsamur, að koma mjer vel

---

(el. fjögra) af fjórir. — bjó — með bústýru: boede..med, holdt han en ‚bostyrerske‘ ɔ: husbestyrerinde. — bar ekki á öðru (af annar): man mærkede ikke andet (end). — færi: af fara, gå. — víða að: videnom fra, fra mange steder. — þryti: af þrjóta, slippe op. — ráðskona = bústýra. — heldur: temlig. — Gudda: kortnavn f. Guðríður. — sjera: værdighedstitel for præster. — harður: stræng. — ofbyði: af ofbjóða, ‚byde (for) meget‘, „krævede for meget af mig“. — útlit: udseende, mine. — eiginlegur: omtr. = hjærtelig. — mjer — við: jeg var altid lige ved (at være); lá af liggja. — upplitsdjarfur: egl. djærv til at se op, „dristig af mig“. — eiga að sjer: have den el. den naturlige egenskab; „som jeg af naturen i virkeligheden var“. — virti: af virða: ære, have ærefrygt for. — koma sjer vel: indynde

við fólkið á bænum, og hafði það sumt eftirlæti á mjer, en enginn horn í síðu minni nema ráðskonan. Best fjell mjer samt æfinlega við hana Hildi systur mína, og henni var jeg þægari en nokkrum manni öðrum á heimilinu.

Það var einn dag fyrir sláttinn, að jeg var kominn á hvíta brók og ljósbláa sokka, og saumaði þá upp um mig fyrir neðan hnjeð. Að ofanverðu var jeg snöggklæddur, á grænum bol og dúkskyrtu, með nýlegan hatt, sem jeg hafði keypt fyrir lamb, og þótti mjer það vera fallegur hattur. Sona stóð jeg úti á hlaði með hárband og ljósgráan tínupoka, og þar að auki var jeg vel útbúinn að snærum. Jeg hafði tekið með mjer peisuna mína bláu, og var að búa mig til að binda bagga úr henni og pokanum, en dró það samt, og horfði heim til dyranna, hvort enginn kæmi út. Það leið ekki heldur á löngu, fyr en systir mín kom með samanbrotinn tínupoka og snjóhvíta rósavetlínga á höndunum, en hversdagsbúin að öðru leyti, hreinlega og ljett, en þó hlýtt, svo kunnugum var hægt að sjá hún ætlaði i grasaferð. Jeg kallaði til hennar og sagði: „Fæ jeg að bera pokann þinn, systir góð!“ og

---

sig, göre sig til venner. — eftirlæti: velvilje, godhed. — best fjell mjer við: mest behag fandt jeg i, mest glad var jeg for; fjell af falla. — þægari: af þægur, medgörlig, föjelig. — sláttinn: ‚hø-slæt‘, høarbejdet. — brók f.: bukser (egl. underbukser). — að ofanverðu: foroven, oventil. — snöggklæddur: uden overtöj; snöggur: bar. — bolur: et slags vest. — dúkskyrta: skjorte af enskaftet (vævet) töj. — nýlegan: forholdsvis ny. — tínupoki: pose til at plukke (tína) i. — vel útbúinn: vel forsynet (med). — peisa: strikket tröje (med ærmer). — var — til: var i færd med at. — dró það: trak det (lidt) ud. — leið ekki á l.: varede ikke længe. — samanbrotinn: sammenlagt, foldet. — rósavetlíngar: vanter (bælg-) med indvævede (-strikkede) figurer (rósir) på vanternes bagside. — hlýtt (af hlýr): lunt, varmt. — ætlaði: agtede sig. — Fæ: af fá, „får jeg lov til“. —

leit svo um leið niður á mig, því aldrei þóttist jeg hafa verið eins karlmannlegur í vexti nje meira mannsefni að sjá, en núna á hvítu brókinni. „Heyr á endemi! ætli þjer veiti af að bera þig sjálfan?“ sagði digra Gudda; „það situr á þjer, pattanum, að þykjast vilja láta eins og fullorðnir menn!“ Hún stóð rjett fyrir aftan mig, og hafði jeg ekki fyr tekið eftir henni. „Jeg ansa þjer ekki“, sagði jeg í hálfum hljóðum, en systir mín fjekk mjer pokann sinn brosandi, og sagðist ekki efast um, að jeg bæri hann með heiðri og sóma, ekki síst, ef hún leiddi mig upp á móti brekkunni. „Það er alltjend ljettara“, ætlaði jeg að segja, en digra Gudda stóð við hliðina á mjer og brosti svo hæðnislega, að jeg beit á vörina og hnýtti baggann minn þegjandi. „Mundu mig um það, Hildur!“ sagði ráðskonan, „að færa mjer dálítið af helluhnoðra í kvöld, hann vex nógur í fjallinu, og alltjend er hann blessaðasta gras að drekka af“. Mig lángaði til að svara einhverri óþægð, en þorði það ekki fyr en jeg var albúinn. „Jeg skal muna til þín, Guðríður!“ sagði systir mín, „verið þið sæl öll!“ „Og jeg skal færa þjer einn eða tvo skollafíngur, eða þá dálitið af tóugrasi“ sagði jeg og hljóp á stað með sama, því jeg vissi digra Gudda mundi hafa orðið reið.

Veðrið var blítt og hreint, en ekki sá til sólar,

---

um leið: samtidig. — mannsefni: ‚mandsemne‘, egl. ‚stof til en mand‘, håbefuld mand. — Heyr á endemi: egl. ‚hør noget sludder‘ (endemi egl. ‚noget eksempelløst‘); „sikken noget vås“. — ætli — af: skulde du ikke have nok i; veita egl. yde. — það situr á þjer: det passer sig for dig (iron.). — í hálfum hlj.: halvhöjt. — upp á móti: opad. — ætlaði jeg: var jeg lige ved (at sige). — beit á vörina: bed mig i læben. — hann vex nógur (adj.): der vokser nok af den. — skollafíngur — tóugras: ɔ: Lycopodium selago og Cystopteris fragilis; det sarkastiske ligger også i de isl. navnes betydning: djævlefinger og rævegræs (ræveurt). — hrannaði

því skýjadrög voru um himininn, og hrannaði austurloftið. Það var eins og sveitin hefði sniðið sjer stakk eftir veðrinu; alt var svo kyrt og blítt yfir að líta, túnin græn og glóðu í fíflum og sóleyjum; engjarnar líka grænar, en þó nokkuð ljósbleikari, og sumstaðar hvítir fífublettir, táhreinir, eins og nýfallinn snjór. Búsmalinn dreifði sjer um haga og hlíðar, og ekkert var að heyra nema einstaka lækjarbunu og árniðinn í dalnum; eða þá stundum fugla, sem flugu kvakandi í loftinu ellegar sátu á einhverri hæð og súngu sjer til gamans í morgunkyrðinni. Lengra í burtu var að sjá fagurblá fjöll með sólskins-blettum, og það breiddi nokkurskonar gleðiblæ yfir alt hitt, eins og þegar vonin skín yfir rósama lífstund góðs manns.

Þetta sagði systir mín á einum stað í fjallinu, þegar við stóðum við og horfðum yfir dalinn og sveitina; og hún sagði það satt, því jeg sá, hvernig hýran skein á andlitinu á henni. En jeg var mest að hugsa um grösin, og svaraði heldur óþolinmóðlega: „Jeg held það hafi verið fallegt, sem þú sagðir, en illa er mjer við sólskinið, ef það kemur híngað í dag; mjer þætti miklu betra, að við fengjum duglega skúr". „Vertu óhræddur", sagði hún, „grösin þín á Bröttuskeið verða varla svo smá, að við sjáum þau ekki nema í vætu; láttu mig nú leiða þig stundarkorn, litli frændi minn góður!" Jeg þektist það að sönnu, og tók þegjandi

---

austurloftið: det dannede bølger (hrannar upersonl.) på østhimlen (loftið acc.), skyerne var som småbølger på. — sniðið (af sníða) — veðrinu: egl. ‚skåret sig kappe efter vejret' ɔ: rettet sig efter vejret. — glóðu í: skinnede af (glóa). — fífublettir: pletter med kæruld (fífa). — táhreinir, egl. tárhreinir: rene (lyse) som tåre. — alt hitt: alt det øvrige. — stóðum (af standa) við: stansede. — jeg held: jeg tror; af halda, holde. — illa er mjer við: jeg er ikke glad ved. — duglega skúr: en dygtig, ordenlig regnbyge. — stundarkorn: en lille bitte stund. — jeg þektist það að s.: jeg mod-

í höndina á henni, en illa fjell mjer samt, að hún skyldi kalla mig „litla frænda“. Hún var farin að taka upp á því stundum, eftir það hún óx svo mikið yfir mig; enda var hún orðin fulltíða kvennmaður, og fermd fyrir meir en ári, en jeg var barn, að kalla, og ekki stór á mínum aldri. Þetta vissi jeg altsaman dável, og sárnaði mjer því heldur, að hún skyldi sona ósjálfrátt vera að minna mig á það. Við gengum nú áfram þángað til við komum undir skeiðina; jeg var þá orðinn dauðþreyttur, og settumst við niður á grænni tó og horfðum aftur ofan yfir dalinn. Nú var hann enn þá fegri að sjá en áður, þegar við stóðum lægra í fjallinu; allar ójöfnur voru horfnar á láglendinu, og ekkert var að sjá nema litaskiftin. Áin kom nú öll í ljós, og leið hún fram í bugðum og kvislum, eins og heiðbláir þræðir, ofnir í fegursta glitvefnað. Í þetta sinn gaf jeg samt lítinn gaum að fegurð náttúrunnar; mjer gat ekki liðið úr minni „litli frændinn“, það lá hræðilega illa á mjer, og loksins sagði jeg upp úr miðju kafi: „Jeg er ofurlítill, Hildur mín góð! aldrei held jeg verði að manni“. Systir mín hló hátt og horfði til mín svo kátbroslega, að jeg vissi varla, hvaðan á mig stóð veðrið. Það var eins og jeg heyrði óminn í loftinu, hvað aumingjalega skríngilegur jeg

---

tog det (tilbudet) ganske vist. — illa fjell mjer: jeg var misfornöjet med. — taka upp á: göre noget (hitte på noget). — sárnaði mjer: gjorde mig ondt. — skeiðina ɔ: Bröttuskeið. — lægra: af lágur, lav. — allar—horfnar: alle ujævnheder var forsvundne. — koma í ljós: egl. ‚komme for lyset‘, ɔ: vise sig. — þræðir: af þráður. — ofnir: af vefa, væve. — glitvefnaður: af glit, ‚noget, som glinser, stråler‘; brokade (töj, flöjl med guldstriber). — gefa gaum að: iagttage, ænse. — liðið: af líða, glide, líða úr minni = gå i glemme, „jeg kunde ikke glemme“. — upp—kafi: pludselig; kaf egl. ‚vandet under overfladen‘, dybet. — ofur-: forstærkende, meget. — hvaðan—veðrið: hvorfra vinden stod (blæste) på mig; en

hefði verið í rómnum, og fór það, eins og stundum ber við, að hugur minn komst í aðra stefnu, og hló jeg þá dátt að sjálfum mjer. „Þetta var það skrítnasta, sem jeg hef nýlega heyrt“ sagði systir mín; „blessaður vertu, segðu það aftur í sama róm og áðan; reyndu nú til!“ Jeg færðist undan fyrst í stað; en það fór eins og vant var, þegar Hildur var annars vegar, mjer var ekki hægt að synja henni lengi um það, sem hún bað; jeg varð þá að fara að herma eftir sjálfum mjer, og þó það tækist ekki sem best, varð okkur það samt báðum nægilegasta hlátursefni. Hún var þá svo blíð, og hló að mjer svo dátt og græskulaust, að mjer kom ekki til hugar að firtast við það minsta grand. Þegar við stóðum upp, sagði hún og var nokkuð alvarlegri: „Ef þú vilt, skal jeg aldrei kalla þig litla frænda meir; þú munt líka bráðum vaxa, ef þú lifir, og þegar þú ert orðinn stór, mun jeg verða að venja mig af því, hvort sem jeg vil eða ekki“. Jeg varð einhvern veginn undarlegur, þegar talið snerist sona við; mjer fanst nú lítið til þessa loforðs, og vissi ekki vel, hverju jeg átti að svara. „Kallaðu mig hvað sem þú vilt“ sagði jeg þá heldur lágt, „jeg skal kalla þig systur mína samt“ — og sona klifruðum við upp á skeiðina. Jeg var að hugsa hitt og þetta, og tók lítið eftir veginum, hann var ekki heldur mjög voðalegur; við fundum á einum stað klettaskoru, og komumst þar upp, án þess okkur vildi nokkurt slys til; en svo var hún þröng, að við urðum

---

talemåde. — ó m i n n : genklangen. — b e r v i ð : sker, tildrager sig. — d á t t : hjærtelig. — f æ r ð i s t u n d a n : undslog mig. — f y r s t í s t a ð : først, i begyndelsen. — H i l d u r — v e g a r : H. var på den anden side, ɔ: det gjaldt H. — t æ k i s t : lykkedes. — g r æ s k u l a u s t : uden ondskab. — t a l i ð — v i ð : samtalen drejede sig således, tog denne vending. — f a n s t — l o f o r ð s : var nu ikke så glad ved dette løfte. — v i l d i — t i l : der stødte

sumstaðar að renna okkur á rönd, og sáum við glögt, að hún varð ekki farin aftur, ef við fengjum nokkuð í pokana.

Jeg vonast til, að sumir af lesendum mínum muni til sín, þegar þeir hafa í fyrsta sinni fundið svo mikil grös, að þeir væru vissir um að geta tekið þar byrði sína fyrirhafnarlaust að kalla. Því er svo varið með áhugann, að hann þróast því meir, sem meiri er óvissan, og þetta veldur ákefð allra veiðimanna og annara, sem afla sjer fjár úr skauti náttúrunnar. Með handiðnirnar er alt öðruvísi ástatt: þeir sem eiga að vinna að því, sem aflað er, og endurbæta það og ummynda, vita oftast nær fyrirfram, hvað miklu þeir muni fá af kastað, og gerir vinnan þeim lángtum minni áhuga en hinum; enda lifa þeir minna á voninni, og búast ekki á hverri stundu við einhverjum feng. Jeg var í þetta sinn í þeirra tölu, sem gleðjast við að sjá von sína rætast, og þarf jeg ekki að lýsa huga mínum fyrir þeim, sem hafa reynt eitthvað líkt því á mínu reki. Undir eins og við systir mín komum upp á skeiðina, sáum við, að litaskiftin á tónum bleiku höfðu ekki dregið okkur á tálar; þær voru allar þaktar í grösum, og lágu þau í stóreflis-flekkjum, og svo þjett, að ekkert strá og engar mosa-tegundir voru vaxnar upp á milli þeirra. Það var auðsjeð á öllu, að þar höfðu ekki verið tekin grös í margt ár. Við bárum ekki við að binda á okkur pokana; því ekki þurfti

---

noget uheld til. — renna — rönd: lade os glide frem på siden, sidelænds. — hún — aftur: den (hún ɔ: klettaskora) ikke kunde passeres igen. — muni til sín: husker dem selv. — því — varið: det er således fat, beskaffent. — ástatt: beskaffent, „det forholder sig". — vinna að því: forarbejde det. aflað: erhvervet. — á — reki: i min alder. — dregið á tálar: skuffet. — þaktar (af þekja): bedækkede. — stóreflis-: forstærkende, vældig-; flekkur: langstrakt bunke. — við bárum — við: vi forsøgte slet ikke, det faldt os ikke ind.

lángt að gánga eftir tínunni. Við kiptum þá upp skúf og skúf, en grösin lágu laus, að kalla, og bárum við þau saman í smáhrúgur, þángað til við hjeldum, að við mundum ekki koma meiru heim. Við höfum varla verið að þessu lengur en svari einu dagsmarki, og þegar öllu var lokið og við búin að troða í pokana, hefur varla verið kominn miðmundi. „Þetta eru nógu laglegir pokar!“ sagði jeg þá, „en ógn verður eftir af grösunum; sestu nú við og saumaðu fyrir peisuna mína, hún tekur þó ekki svo lítið, og það er líka mannalegra, að koma heim með bagga í fyrir“. „Þú verður þá að segja mjer sögu á meðan, fyrst jeg er sona eftirlát við þig“ sagði systir mín um leið og hún fór að þræða saman peisuna. Jeg var fús til þess og settist jeg við hliðina á henni, en þó svo, að jeg sæi vel framan í hana, því þá gekk mjer alltjend betur að segja frá. Sona sat jeg stundarkorn og hugsaði mig um. Því næst spurði jeg systur mína, hvort það ætti að vera eitthvað um hann sjera Eirík í Vogsósum, eða þá saga af útilegumönnum. En hún hjelt, að lítið yrði úr öllum þessháttar sögum í björtu, og bað mig að finna eitthvað hentugra. „Þá muntu ekki heldur“ sagði jeg, „vilja heyra neitt um hann Björn í Öxl, eða þá ferðasöguna hans Lalla, þegar þau Skotta og hann sátu saman á húðinni og óku fram endilánga Fnjóská, en Þorgeirsboli dró, og

---

— koma — heim: bringe, bære mere hjem. — troða í: stoppe (fulde). — saumaðu fyrir: sy (åbningen) sammen. — tekur: rummer. — mannalegra: mandigere, stoltere. — með — fyrir: med en pakke foran på brystet (og ikke blot én på ryggen). — framan í hana: hendes ansigt. — Eiríkur í Vogsósum: en præst, der var heksemester, levede 1667—1716; Vogsósar, en gård i Selvogur, hvor han bode. — lítið yrði úr: kom lidet udaf, blev virkningsløse. — í björtu: ved höjlys dag (björtu, dat. sing. ntr. af bjartur). — Björn í Öxl: en misdæder; Öxl, en gård på Snefjældsnæs. — Alle de ellers

það var húðin af honum sjálfum. En áður en jeg gleymi því, systir góð! hvað eru þær margar — skotturnar?" „Það á jeg bágt með að segja þjer" sagði hún; „þær hafa verið sín í hverri sveitinni; þó eru tvær merkilegastar, að jeg held, Húsavíkurskotta og Hvítárvallaskotta, en þær eru nú báðar dauðar". „Þá þekki jeg mann, sem hefur sjeð hana Húsavíkurskottu" sagði jeg; „manstu ekki eftir lækninum, sem var að segja honum fóstra mínum frá, þegar hún kastaði selnum í hann Lalla? — En var hann dauður, selurinn? því er jeg nú búinn að gleyma". „Það verður ekki talað við þig" sagði hún, og heldur óþolinmóðlega; „þú ert með tóma útúrdúra, og enginn maður getur sjeð, hvort þjer er alvara eða gaman". „Mjer er þó alvara stundum, en núna getur mjer ekkert dottið í hug, sem vit er í; þú verður að gera þig ánægða með nokkrar vísur; það eru tvö kvæði eftir mig sjálfan, og tveimur er snúið". „Jeg fer sem næst um skáldskapinn þinn" sagði systir mín, „það er sjálfsagt eitthvað fallegt, en þó ætla jeg að biðja þig að hafa hinar yfir fyrst". „Öðru kvæðinu er snúið úr dönsku" sagði jeg þá; „það er munaðarlaus únglíngur, sem búinn er að missa alla hluti, auð og metorð og unnustu með glóbjart hár og fagurblá augu; það var um kvöldtíma, að hann settist einsamall á leiði móður sinnar, og þá kvað hann þetta:

---

nævnte personer er „gengangere", kendte fra „Isl. folkesagn og æventyr". Lalli = den, der går langsomt; Skotta = hende med hale (skott); Þorgeirsboli = Torgeirstyr; Fnjóská: elv i Tingøsyssel. — á jeg bágt með: kan jeg vanskelig; bágur: vanskelig. — sín — sveitinni: hver i sin egn. — því — gleyma: har jeg glemt; búinn: færdig med (noget). — tóma útúrdúra (af -dúr, m.): lutter udenomssnak. — detta í hug: falde ind. — eftir mig: (forfattede) af mig. — snúið: oversat. — jeg — um: jeg kender din digtning bedst. — hafa hinar yfir: fremsige de første. — Bíum, bíum: Visselulle;

Bíum, bíum,
barnið góða!
sofðu nú sætt
og sofðu lengi,
þó að höll
og hægindislaus
og grafkyr
í grundar skauti
vagga þín standi.
Vertu i ró!

Heyrirðu stynja
storminn úti
yfir mínum
missi þúnga,
og átfreka
yrmlínga fjöld
furu-kistu
kroppa þína?

Nú kemur hinn hljóðfagri
næturgali;
heyrirðu mjúkan
munaðarklið?
Var það áður,
er þú vaggaðir mjer;
nú skal jeg veslíngur!
vagga þjer aftur.

Hresstu huga þinn
hans við söng;
alt skal eg þjer
til yndis velja;
heyrirðu dimma
við dauðans hlið,
barn mitt! hríngja
bjöllu þína?

---

digtet er Oehlenschlægers digt i „Aladdin“: Visselulle nu, barn-lil. — höll (af hallur): hældende, skæv. — hægindislaus: uden dyner („uden dun“, orig.). — dimma: dump, hører til bjöllu (orig. rangle). — við — hlið: ved dødens port. —

Sje ei hjarta þitt
hart sem steinn,
sjáðu, móðir!
mína iðju:
eg skal af grátviðar
grein þessari
hljóðpípu smíða
handa þjer.

Hresstu hug þinn
við hennar róm,
er hún einmana
úti kvakar,
eins og vindur
á vetrarnótt
villur vakandi
í votum greinum.

Verð eg að víkja
vöggu þinni frá;
kalt er að búa
við brjóst þitt, móðir!
og jeg á mjer
ekkert hæli
aftur að verma
inni mig.

Bíum, bíum ....

„Jeg þekki þessar vísur“ sagði systir mín; „en þeim er ekki vel snúið, þú hefðir ekki átt að hafa fornyrðalagið, og ....“. „Hitt var ekki vinnandi vegur“ sagði jeg í mestu ákefð og gleymdi mjer öldúngis; „hefði jeg átt að fara eftir frumkvæðinu og hafa sömu stuðlaföll, þá hefði mjer tekist enn ver;

---

grátviður: grædepil (orig. hylde[gren]). — víkja frá: vige fra, forlade. — fornyrðalag (rettere fornyrðis-): oldmelodi (lag = versemål); således kaldtes det ældgamle versemål (firstavelses-linjen), der findes f. eks. i en mængde eddadigte. — vinnandi vegur: egl. farbar vej, mulighed. — fara eftir: rette mig efter (ↄ: beholde originalens versemål). — stuðlaföll: her

en hver hefur sagt þjer, að jeg hafi snúið því?" „Nú hefurðu sagt það sjálfur" svaraði hún mjer brosandi; „en svo jeg gegni því, sem þú ætlaðir að segja, þá held jeg leikinn maður hefði getað haldið hvorutveggja, bragarhættinum og efninu. Þegar snúið er í annan bragarhátt, fær skáldskapurinn oftast nær annan blæ, þó efnið sje reyndar hið sama; og víst er um það, að þetta kvæði hefur dofnað, jeg veit ekki í hverju; það er nokkurs konar inndæl og barnaleg ángurblíða í öllu frumkvæðinu, og hennar sakna jeg mest hjá þjer, frændi minn! enda tekstu of mikið í fáng, að reyna þig á öðrum eins skáldskap og þessi er". „Það held jeg nú líka" sagði jeg; „en þó hef jeg vitað suma takast meira í fáng; það er nú til að mynda hitt kvæðið, sem jeg ætlaði að hafa yfir; má jeg lofa þjer að heyra það?" Hún gegndi mjer engu og horfði ofan í saumana, eins og hún hefði ekki heyrt, hvað jeg sagði. „Hana grunar eitthvað" hugsaði jeg með sjálfum mjer, en ljet samt ekki á mjer bera og fór að þylja kvæðið. Það var sona:

Dunar í trjálundi, dimm þjóta ský —
döpur situr smámeyja hvamminum í;
bylgjurnar falla svo ótt, svo ótt;
öndinni varpar á koldimmunótt
brjóstið af grát-ekka bifað:

---

metrum = bragarháttur i det følg.; fall egl. rytme; stuðull her nærmest ‚fod'; egl. bet. ordet rimbogstav. — efninu: indholdet, af efni, n., stof. — blær: farve, kolorit; egl. ‚luftning'. — hefur dofnað: er blevet mat(tere). — takast í fáng: egl. tage (noget) i sin favn, påtage sig. — öðrum eins: egl. anden sådan, sådan en. — til að mynda: for eksempel. — hitt kvæðið: det andet digt. — hana grunar eitthvað: hun nærer en mistanke, hun aner noget; eitthvað er også acc. — ljet—bera: lod mig ikke mærke med noget. — Dunar osv. er Schillers „Der eichwald brauset". — ótt (af óður): rasende, hurtig. — öndinni varpar: sukke (egl. kaste ånden). — koldimmunótt: bælmørke(ts) nat; koldimma, f., egl. kulmörke.

„Heimur er tómur og hjartað, það deyr;
hvergi finst neitt, að eg æski þess meir.
Heilaga! kalla mig heim, jeg er þreytt,
hef eg þess notið, sem jörðin fær veitt;
því eg hefi elskað og lifað“.

Tárin að ónýtu falla á fold,
fá hann ei vakið, er sefur í mold.
Segðu hvað hjartanu huggunar ljær,
horfinnar ástar er söknuður slær;
á himnum þess hygg eg að leita.

Tárin að ónýtu falli á fold,
fái' hann ei vakið, er sefur í mold;
mjúkasta hjartanu huggun það ljær,
horfinnar ástar er söknuður slær,
hennar að minnast og harma.

Systir mín sat kafrjóð og keptist við að sauma. „Þessu er, held jeg, betur snúið“ sagði jeg þá, „og þú hefur náð bragarhættinum dável; það hef jeg sjeð, þó jeg skilji ekki sjálft kvæðið. Þú átt gott að geta skilið þjóðverskuna, og það væri vel gert af þjer, að kenna mjer dálítið líka. Mjer er kvöl í að skilja ekkert af því, sem þeir hafa gert, hann Schiller og aðrir á Þjóðverjalandi“. „Hvar hefurðu náð þessum vísum“ sagði systir mín, og sá jeg hún var bæði sneypt og reið; „jeg hef alt af haldið mjer væri óhætt að trúa þjer, og þú mundir ekki taka neitt í leyfisleysi“. Mjer varð bilt við þetta. „Það hef jeg ekki heldur gert“ sagði jeg, og var stuttur í svari; „þú gafst mjer um

---

— grátekki: gråd-sorg. — notið: af njóta, nyde. — veitt: af veita, yde. — að ónýtu: til ingen nytte; ónýtu, dat. sing. ntr. af ónýtur, adj. — ljær: af ljá, låne, give. — slær: slår, af slá. — fái — ei: hvis de ikke kan. — kafrjóð: blussende rød. — keptist við: var ivrig ved (i). — þjóðverskuna (af þjóðverska, f.): det tyske (sprog). — sneypt og reið: forlegen og vred. — mjer (her er að udeladt, að mjer) væri óhætt: egl. at det var uden fare for mig, ɔ: at jeg godt kunde. — í leyfisleysi: uden tilladelse. — mjer—bilt: jeg blev helt

daginn nokkrar sveskjur, eins og þú líklega manst, og vafðir kvæðinu utan um þær; það var að sönnu uppkast, en jeg hjelt mjer væri leyfilegt að lesa það, fyrst þú leyndir því ekki meir en sona. Jeg hef aldrei haft það yfir fyr en núna, og því síður hef jeg sagt frá, að þú hafir snúið því". „Blessaður! jeg ætla að biðja þig að gera það ekki heldur. Mjer er ekki mikið um það breiðist út, að jeg sje að fást við þess háttar; það hefur aldrei þótt mikil prýði á kvennfólki". „Vertu öldúngis óhrædd", sagði jeg svo blíðlega, sem jeg gat; „en takist þjer ekki ver í annað sinn, held jeg þú ættir að bera það oftar við; jeg skal hjartansfeginn eigna mjer alt, sem þú gerir — en það er samt reyndar skömm; þessu ráði verð jeg að sleppa". „Þjer er það held jeg óhætt" sagði systir mín, og var nú orðin eins hýr og áður. „Jeg yrki varla svo mikið, að okkur verði vandræði úr skáldskapnum mínum. En þú hafðir eitthvað eftir sjálfan þig, það held jeg verði gaman að heyra". „Já, það er satt" sagði jeg; „það voru tvö smá-kvæði; annað er síðan í hittifyrra, og það er um þig, en hitt gerði jeg um lóu, í gær eða fyrra dag; það eru nógu falleg kvæði, sjer í lagi endinn á þínu". „Jeg held jeg muni úr þjer bullið" sagði systir mín; „lof' mjer samt að heyra það seinna". „Mig lángar til að heyra hitt fyrst" sagði jeg; „það er best jeg fari með þau bæði". Hildur gat ekki gert að sjer að hlæja, en jeg gaf

---

forskrækket; bilt egl. ntr. adj. — um daginn: forleden dag. — vafðir: af vefja, vikle (om). — að sönnu: ganske vist. — því síður: endnu mindre. — Blessaður: Kære! — fást við: beskæftige sig med. — bera—við: forsøge det oftere. — okkur verði vandræði úr: at (det) vil volde os vanskeligheder. — hittifyrra (for hitt ið fyrra): forfjor. — nógu falleg: ret smukke (nette); nógu: af nógur, tilstrækkelig. — sjer í lagi: især. — lof': for lofa, imper. tillad, lad. — fari með: fremsiger. — gat — sjer: kunde ikke bare sig. —

mig ekki að því, og fór að þylja kvæðið það í hittifyrra:

Sáuð þið hana systur mína
sitja lömb og spinna ull?
Fyrrum átti jeg falleg gull;
nú er jeg búinn að brjóta og týna.

Einatt hefur hún sagt mjer sögu;
svo er hún ekki heldur nísk:
hún hefur gefið mjer hörpudisk
fyrir að yrkja um sig bögu.

Hún er glöð á góðum degi —
glóbjart liðast hár um kinn —
og hleypur, þegar hreppstjórinn
finnur hana á förnum vegi.

„Gaman hafði jeg af þjer þá“ sagði jeg kánkbrosandi, og byrjaði undir eins á hinu kvæðinu; það var reyndar ekki merkilegt; það er sona:

Snemma lóan litla í
lofti bláu „dírrindí“
undir sólu sýngur:
„lofið gæsku gjafarans!
grænar eru sveitir lands,
fagur himinhríngur.

Jeg á bú í berjamó,
börnin smá í kyrð og ró
heima í hreiðri bíða;
mata jeg þau af móðurtryggð,
maðkinn tíni þrátt um byggð
eða flugu fríða“.

---

gaf — ekki: brød mig ikke (om). — sitja lömb: sidde (ved) og vogte lammene. — gull (i flertal): legetöj (egl. guldstykker, guldgenstande). — bögu: af baga, et lille (dårligt, ringe) vers. — liðast um: falde i lokker (krøller) ned om. — á förnum vegi: på alfarvej. — kánkbrosandi: smilende gemytligt-drillende. — dírrindí: hjejlens lyd (opfattet som dýrðin, dí.., dýrð: herlighed). — berjamór: lyngegn, hvor der vokser bær

Lóan heim úr lofti flaug,
(ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu)
til að annast únga smá —
alla jetið hafði þá
hrafn fyrir hálfri stundu.

„Það er nú svo“ sagði systir mín; „sástu til lóunnar, sem þú gerðir þetta um?“ „Það trúi jeg ekki“ svaraði jeg henni, „en sona mun það hafa farið samt, annars hefði mjer varla dottið það í hug“. „Þú talar svo undarlega, frændi!“ sagði Hildur; „en nú er peisan búin; við skulum fara og tína í hana, alt hvað við getum“. Þetta starf var skjótt af hendi leyst; við fyltum peisuna með grös, bundum hana við annan pokann, og að svo búnu settustum við niður aftur. Þá var komið sólskin niður um dalinn, en uppi hjá okkur bar skugga á; hægur blær á sunnan rann um fjallið og flutti með sjer líf og yl. Við sátum þegjandi og skemtum okkur við að sjá skugg-ana, sem liðu í ýmsum myndum yfir engjar og haga, eftir því sem skýin losnuðu og bárust á burt um himininn.

„Vildirðu ekki vera svo ljettur“ sagði systir mín, „að þú gætir sest á einhvern fallegasta skuggann þarna niður frá, liðið svo yfir landið, sveit úr sveit, og sjeð það, sem fyrir ber?“ „Ekki væri það óskemti-legt“ svaraði jeg; „en ef skýin þarna uppi eyddust, þegar jeg væri kominn norður á Sljettu, þá færi, held

(kragebær). — blómi: kollektivt, urter. — til að annast: for at drage omsorg for, give føde. — það — svo: ja så! — mun — farið: er det vistnok gået til; mun udtrykker her en formodning. — af — leyst: udført. — settustum: yngre form f. settumst, satte vi os. — bar skugga á: egl. førtes en skygge over, var der skygge. — blær á sunnan: luftning fra syd. — skemtum okkur (dativ): morede os (med). — sem fyrir ber: som viser sig (for dig). — eyddust: gik til grunde, opløste sig og forsvandt. — Sljetta: Melrakkasletten, nordøstligt

jeg, skugginn líka, og svo hefði jeg ekkert að sigla á aftur heim til þín“. Systir mín leit við mjer einhvern veginn skrítilega, að mjer þótti, eins og hún væri að virða mig fyrir sjer, og sagði heldur seint: „Þá gætirðu sest að á Sljettunni, þángað til þú ert orðinn nógu stór til að geta gengið heim aftur og vaðið árnar á leiðinni“. Þetta svar sárnaði mjer, eins og von var til, og ætlaði jeg mjer að borga það með einhverjum meinyrðum; en í sama bili heyrðum við voðalegan dýnk, rjett fyrir ofan okkur, og síðan hvern af öðrum, svo fjallið skalf og titraði. „Guð varðveiti mig!“ sagði systir mín; „varaðu þig, blessaður! það er grjóthrun“. Jeg rauk á fætur og ætlaði, held jeg, að flýja, en þegar mjer varð litið upp, fleygði jeg mjer í fángið á henni, og sagði með öndina í hálsinum: „Jeg er hræddur við steininn, systir góð!“ Í þessu vetfángi flaug stóreflis-bjarg fram hjá okkur; það hófst í háa loft og hjó upp torfur úr rindanum, þar sem við stóðum, og fyr en augað eygði var það horfið fram af skeiðinni, en dýnkirnir ukust nú um allan helmíng, og gráblár reykur og eldlykt gusu upp. „Tarna eru óttalegar skruðníngar“ sagði systir mín og hjelt fast utan um mig; en þó jeg raunar væri hræddur, sá jeg samt, að steinninn var floginn fram hjá, og fór mjer þá að sýnast ráðlegast að bera mig karlmannlega. „Heyrist þjer það?“ sagði jeg; „en þjer er samt óhætt að sleppa, því þær eru allar í skeiðinni

---

på Island. — **virða—sjer**: betragte mig opmærksomt. — **sest að**: bosat dig. — **gengið**: vandret tilfods. — **meinyrði**: bidende, sårende ord — **dýnkur**: larm, brag som af noget, der falder. — **þegar—upp**: da jeg kom til at se op. — **með—hálsinum**: egl. med ånden i halsen ɔ: i den störste forskrækkelse. — **flaug**: af **fljúga**, flyve. — **hófst**: af **hefja**, hæve. — **torfur**: grönsværstykker; af **torfa**. — **augað eygði**: öjet öjnede. — **ukust**: øgedes, af **auka**. — **gusu**: af **gjósa**, „brød frem“. — **Tarna**: egl. **að þarna**, det dèr. — **bera mig**: te mig.

fyrir neðan okkur — þú varst býsna hrædd". Í því jeg sagði þetta, sneri jeg mjer undan um leið, til að þurka af mjer svitann og lofa guð í hálfum hljóðum; því jeg sá glögt, að við höfðum verið í lífshættu. „Þarna ertu kominn!" sagði systir mín, og vissi ekki, hvort hún átti að firtast eða hlæja; „hleypur fyrst í fángið á mjer af hræðslu, og segir svo jeg skuli vera óhrædd og mjer sje óhætt að sleppa, þegar hættan er um liðin". Jeg ljet eins og jeg heyrði ekki þetta, en bar mig að snúa talinu við. „Veistu þá, af hverju grjóthrunið kemur?" sagði jeg, og var býsna spekíngslegur; „það eru sumir steinar, sem sitja framan í brekkunni og tolla ekki á neinu nema leir og sandi, sem runnið hefur í kríngum þá. Nú þegar regnið kemur, skolast allur leirinn í burtu, og þá losnar steinninn og fer á stað, eins og þjer gefur að skilja". „Alltjend ertu nógu skýr" sagði systir mín; „það hefur sjálfsagt verið regnið í dag, sem losaði bjargið áðan". „Eða þessi þá" sagði jeg, og benti upp fyrir okkur; þar stóð maður á klettasnös, og bar við himininn. Nú fengum við nóg að hugsa um annað en grjóthrunið. Við gátum ekki giskað á, hvaða maður þetta gæti verið, og hvað hann væri að gera upp um tinda. „Það getur varla verið útilegumaður" sagði jeg, og fór að halda mjer í handlegginn á systur minni; „fjallið hjerna liggur milli sveita, og er ekki, svo jeg viti, áfast við jöklana eða Ódáðahraun. Vilt' ekki koma, systir góð! við skulum flýta okkur á stað!" Í þessu bili fór maðurinn aftur á hvarf, eins og hann hefði

---

— býsna: forstærkende, meget (egl. gen. plur. af býsn, stærkt, farligt varsel el. fænomen). — þarna — kominn: egl. der er du (selv) kommen, ɔ: det ligner dig. — um liðin: egl. gleden forbi. — snúa talinu við: dreje talen mod noget andet. — bar við: viste sin skikkelse (mod himlen). — Ódáðahraun: den vilde lavaörken i det nordøstlige Island (egl. udåds-lavaen.) — Vilt': f. viltu ɔ: vilt þú. — fór á hvarf: forsvandt.

gengið til fjalls. „Þjer er, held jeg, óhætt að sleppa“ sagði systir mín, og hermdi eftir mjer; „útilegumaðurinn þinn er farinn“ ....

IV.

Prinzessan á bauninni.

Einu sinni var prinz; hann vildi fá prinzessu fyrir konu, en það átti að vera sönn prinzessa. Ferðaðist hann því víða um veröld til þess að finna eina slíka, en alstaðar var eitthvað að; nóg var af prinzessunum, en hvort það væru sannar prinzessur, það gat hann ekki almennilega komist fyrir, því alt af var eitthvað, sem ekki stóð alls kostar heima. Kom hann svo heim aftur úr þessu ferðalagi og var hnugginn mjög, því hann vildi svo gjarnan eignast sanna prinzessu.

Eitt kvöldið gerði vonskuveður og gengu þrumur og eldíngar. Það rigndi eins og helt væri úr fötum; það var afskaplegt. Þá var barið á borgarhliðið og gamli kóngurinn fór ofan sjálfur til að ljúka upp.

Það var prinzessa, sem stóð fyrir utan. En hvílík ósköp voru að sjá hana, eins og hún var til reika af rigníngunni og illviðrinu! Vatnið rann niður af hári hennar og klæðum, það rann inn um tána á skónum hennar og út um hælinn og jafnframt sagðist hún vera sönn prinzessa.

---

fyrir konu: til kone. — vera að: være i vejen. — almennilega: egl. almindelig, rigtig, ganske. — komast fyrir: få opdaget, komme efter. — standa heima: passe, være rigtig. — alls kostar: i enhver henseende. — vonskuveður: egl. ondskabs-vejr, frygteligt vejr. — helt (af hella) úr fötum (af fata): hældt ud af spande. — barið: af berja, slå, banke. — fór ofan: gik ned. — ósköp: egl. u-skæbne, vanskæbne, så: frygtelig ting. — rann: af renna. — tána: af tá, en tå. —

Já, það skulum við nú ekki vera lengi að gánga úr skugga um, hugsaði drotníngin gamla með sjer, en sagði ekki neitt; fór hún svo inn í svefnherbergið, tók öll sængurfötin upp úr rúminu og ljet baun á rúmbotninn, tók síðan tuttugu stángdýnur og lagði ofan á baunina, og enn í tilbót tuttugu dúnsængur og hlóð þeim ofan á stángdýnurnar.

Þar átti nú prinzessan að hvílast um nóttina.

Um morguninn spurðu þau hana, hvernig henni hefði sofnast.

„O, tarna hefur verið ljóta nóttin“ sagði prinzessan, „mjer hefur varla komið dúr á auga alla nóttina. Hamíngjan má vita, hvað verið hefur í rúminu! Eg hef haft eitthvað hart undir mjer, svo jeg er bæði blá og blökk eftir um allan kroppinn. Þvílík skelfíng!“

Nú gátu þau sjeð að þetta var sönn prinzessa, þar sem hún hafði orðið vör við baunina gegnum tuttugu stángdýnur og tuttugu dúnsængur. Svo hörundsár gat engin verið nema sönn prinzessa.

Prinzinn gekk að eiga hana, því nú vissi hann, að hún var sönn prinzessa og baunin var látin á gersemasafnið, og þar er hún enn til sýnis, nema ef einhver skyldi hafa tekið hana.

Hana! börnin góð! Þetta er nú áreiðanlega sönn saga.

Flibbinn.

Einu sinni var fínn herra, sem enga innanstokksmuni átti, nema einn stígvjelaþræl og eina hárgreiðu;

---

gánga úr skugga um: egl. gå ud af skyggen (i det klare lys) om, få fuld vished om. — neitt: af neinn, ingen, nogen. — hlóð: af hlaða, opstable. — verða var við: blive var. — hörundsár: egl. hudsår, ömskindet. — til sýnis: til skue, til at se.

Flibbi: sing., er det danske ord, islandiseret. — herra: herre, orig.s kavalér. — innanstokks-munir: egl. genstande

— en hann átti þann fegursta flibba í heimi og frá þeim flibba er saga sú, er við nú fáum að heyra.

Það er nú af flibba þessum að segja, að hann var kominn á þann aldur, að hann var farinn að hugsa um að gifta sig, og vildi þá svo til að hann lenti í þvotti með sokkabandi nokkuru.

„Nei“ sagði flibbinn, „aldrei hef eg nú sjeð neina svo mjóslegna, fína og mjúka og svo dæilega. Hvað heitið þjer, má eg spyrja?“

„Það segi eg ekki“ sagði sokkabandið.

„Hvar eigið þjer heima?“ spurði flibbinn. En sokkabandið var svo feimið og þótti eitthvað svo undarlegt að svara svona lagaðri spurníngu.

„Þjer eruð víst mittisband“ sagði flibbinn, — „svona innanhafnar mittisband! eg þykist sjá að þjer eruð bæði til gagns og prýði, jómfrú góð!“

„Þjer megið ekki tala til mín“ sagði sokkabandið, „eg veit ekki til þess, að eg hafi gefið yður neitt undir fótinn“.

„Jú, þegar einhver er eins ljómandi falleg og þjer eruð, þá er nóg gefið undir fótinn með því“.

„Þjer megið ekki koma svona nærri mjer“ sagði sokkabandið, „það er svoddan karlmannabragur á yður“.

„Eg er líka fínn herra“ sagði flibbinn, „eg á stígvjelaþræl og hárgreiðu“; og það var nú ekki satt, því það var herra hans, sem átti það, en hann grobbaði af sjer.

„Komið ekki nærri mjer“ sagði sokkabandið, „eg er óvön þess konar“.

---

indenfor væggene, bohave. — vildi til: gik således til, traf det sig. — lenti: af lenda, egl. at lande, komme uforvarende. — svona lagaðri: således formet, beskaffent. — mittisband: af mitti, midje. — innanhafnar: egl. indenfor overtøj. — gefa undir fótinn: give en noget under foden (at stå på), ɔ: give anledning i orig. — teprudrós: orig. snerpe;

„Teprudrós!“ sagði flibbinn, og svo var hann tekinn upp úr þvottinum; hann var makaður i línsterkju, hjekk á stólnum i sólskini og var síðan lagður á strokfjöl; og nú kom boltinn heitur.

„Frúin góð!“ sagði flibbinn, „heyrið þjer, góða ekkjufrú! mjer verður svo fjarska heitt, eg verð allur annar en eg var, eg geng hreint af göflunum, þjer brennið gat á mig! ú — Eg verð að biðja yðar“.

„Lass!“ sagði boltinn og brunaði drembilega yfir flibbann, því hann hafði þá ímyndun um sig, að hann væri gufuketill, og ætti að fara út á járnbrautina og draga vagna.

„Lass!“ sagði hann.

Flibbinn trefjaðist dálítið í brúnunum, og komu þá pappírsskærin og áttu að klippa af trefjurnar.

„Ó!“ sagði flibbinn, „þjer eruð víst fremsta leikhúss danskona; þjer kunnið að rjetta út fótinn. Það er það yndislegasta, sem eg hef sjeð; enginn lifandi maður gæti leikið yður það eftir“.

„Eg veit það“ sögðu skærin.

„Þjer ættuð skilið að vera greifafrú“ sagði flibbinn. „Alt sem eg á i eigu minni, er einn fínn herra, einn stígvjelaþræll og ein hárgreiða. Bara að eg ætti greifadæmi!“

„Eru þetta biðilsbænir?“ sögðu skærin, því þau reiddust, og kliptu i flibbann stóra rifu, og var hann þá lagður fyrir óðal.

„Nú verð eg víst að biðja hárgreiðunnar“ sagði flibbinn. „Það er mikið, fröken góð! hvað þjer haldið svona öllum tönnunum yðar óskertum. Hafið þjer aldrei hugsað um trúlofun?“

---

drós: stolt kvinde. — geng af göflunum: egl. går af gavlene, forlader min egenlige plads, orig.s „kommer ud af folderne“. — fremsta: forreste, ypperste. — eiga skilið: have ret til, fortjæne. — leggja fyrir óðal: vrage, forkaste, kassere. —

„Já, það ættuð þjer nú að fara sem næst um“ sagði hárgreiðan, „eg er lofuð stígvjelaþrælnum“.

„Lofuð!“ sagði flibbinn; nú voru ekki fleiri, sem hann gat beðið og fjekk hann svo skömm á kvonbænum.

Nú leið lángur tími og lenti flibbinn seinast í kassa hjá pappírsmylnu-manninum; þar var mikið tusku-samkvæmi, fínu tuskurnar sjer og þær grófu sjer, alveg eins og á að vera. Alt þetta hyski kunni frá mörgu að segja, en þó bar flibbinn þar af öðrum, því hann var stórgrobbinn.

„Eg hef átt svo fjarska margar kærustur“ sagði flibbinn, „eg gat ekki verið í friði; eg var líka fínn herra, fyrirtaks vel stífaður, átti stígvjelaþræl og hárgreiðu, sem eg aldrei notaði. Þið hefðuð átt að sjá mig eins og eg var þá, helst þegar eg lá á hliðinni. Aldrei gleymi eg fyrstu kærustunni minni; hún var mittisband, hún var svo fín og mjúk og gullfalleg; hún steypti sjer í þvottabalann fyrir mína skuld. Þá var líka ein ekkjufrú, sem varð glóandi, en hún fjekk að bíða og blakna fyrir mjer. Og enn var danskona ein í fyrstu röð; hún veitti mjer skrámuna, sem eg geng með enn; hún var svoddan vargur. Það kvað svo ramt að kvennaláni mínu, að hárgreiðan mín varð skotin í mjer; hún misti allar tennurnar af ástasorgum. Já, eg hef lifað mikið og margt af þess konar, en sárast tekur mig til sokkabandsins — mittisbandsins ætlaði eg að segja, sem fór í þvottabalann. Eg hef mikið á minni samvisku, mjer er ekki vanþörf á að verða að hvítum pappír“.

Og það varð hann líka; allar tuskurnar urðu að

---

fara nærri (superl. næst) um: vide besked om. — fá skömm á: få uvilje til, foragte. — tusku-: af tuska, pjalt, klud. — bera af öðrum: overgå andre. — fyrirtaks vel: overordenlig godt. — það — mínu: det gik så vidt med mit fruentimmerheld. — skotin: skudt, forlibt; af skjóta. — lifað

hvítum pappír, en flibbinn varð einmitt að pappírsblöðunum, sem við höfum fyrir framan okkur og sagan er prentuð á, og varð það fyrir þá sök, að hann var svo upp með sjer og montinn af því, sem hann hafði aldrei verið. Við ættum því að láta okkur hugfast, að fara ekki eins að ráði okkar og hann; því ekki er að vita nema að við lendum líka einhvern tíma i tuskukassanum og verðum gerðir að hvítum pappír og fáum prentaða á okkur alla okkar sögu, jafnvel það, sem leyndast átti að vera, og verðum svo sjálfir að fara með hana víðsvegar eins og flibbinn og segja hana hverjum sem vera skal.

Litla stúlkan með eldspýturnar.

Það var nístings kuldi með fjúki og fannkomu og það var orðið dimt um kvöldið; það var líka síðasta kvöldið á árinu; það var gamlaárskvöld. Í þessum kulda og í þessu myrkri gekk á strætinu lítil stúlka, bláfátæk, berhöfðuð og berfætt; að sönnu hafði hún gengið á trjeskóm þegar hún fór að heiman, en hvað hjálpaði það? Það voru stórir trjeskór af móður hennar; en af því aumíngja litla stúlkan mætti tveimur vögnum, sem óku svo ákaflega hart, varð hún að hlaupa úr vegi fyrir þeim til þess að verða ekki undir þeim; hún týndi báðum trjeskónum, því þeir voru svo stórir, að þeir toldu ekki á fótunum á henni; annar trjeskórinn fanst aldrei aftur, en drengur, sem gekk fram hjá, fann hinn; hann hljóp burt með hann og sagðist ætla að hafa hann fyrir vöggu, þegar hann sjálfur eignaðist börn.

---

oplevet. — fyrir framan okkur: foran os. — vera svo upp með sjer: være så overmodig. — fara að ráði: handle, bære sig ad.

óku: af aka, age, køre. — ætla að hafa: agte at have,

Pannig gekk nú veslíngs stúlkan á berum fótunum; þeir voru rauðir og bláir af kulda; svuntan hennar var gömul og rifin og í henni bar hún mörg eldspýtnabrjef, og á einu þeirra hjelt hún í hendinni; enginn hafði þann dag keypt neitt af henni; enginn hafði gefið henni einn einasta eyri; þarna gekk hún sársvöng og nötrandi og var svo niðurdregin, veslíngs barnið; fjúkið dreif þjett niður á hárið hennar síða og glóbjarta, sem liðaðist svo fallega niður á hálsinn, en hún var lítið að hugsa um prýði eða fegurð. Út úr hverjum glugga skein ljósbirtan og um alt strætið ilmaði steikarlyktin; það var líka gamlaárskvöld, og það var hún að hugsa um.

Hún settist niður og hnipraði sig saman í skoti milli tveggja húsa; annað þeirra stóð framar í götunni en hitt; hún krepti undir sjer fæturna, en henni varð æ kaldara og kaldara, og heim til sín þorði hún ekki að fara; hún hafði ekkert selt af eldspýtunum og engan eyri fengið; hún vissi, að faðir sinn mundi þá berja sig; þar var líka litlu heitara, því ekki höfðu þau nema bláþakið yfir höfðinu og vindurinn bljes þar í gegn, eins og það væri hjallur, þó troðið væri hálmi og tuskum í stærstu rifurnar. Hendurnar hennar litlu voru krókloppnar af kulda. Æ, gott væri að kveikja á einni eldspýtu. Hún óskaði að hún mætti taka eina út úr brjefinu og kveikja á henni til að verma á sjer fíngurna. Hún tók þá eina eldspýtu og kveikti á henni — riss! riss! sagði spýtan; en hvað hún logaði fallega! hversu var loginn heitur og skær! alveg eins og dálítið ljós, þegar hún hjelt á eldspýtunni í lófa sínum; það var undarlegt ljós. Henni

---

bruge. — rifin: reven, flænget; af rífa. — niðurdreginn: egl. trukket ned, udmattet. — hjallur: tremme-hus (til forskellige genstande, også til at törre i). — en hvað: egl. men hvor!

virtist sem hún sæti fyrir framan heitan ofn, skínandi fagran og fágaðan; það logaði svo vel í honum og hann hitaði svo vel; nei, hvað var það? Veslíngs stúlkan rjetti fram fæturna og ætlaði að fara að hita sjer við ofninn — þá dó á eldspýtunni. Ofninn hvarf; hún sat með útbrunna eldspýtu í hendinni.

Hún kveikti á annari; hún logaði og lýsti, og þar sem birtan fjell á múrinn, varð hann gagnsær eins og blæja; hún sá beint inn í stofuna; þar stóð borð inni og var breiddur á það dúkur með fegursta borðbúnaði og á því miðju var steikt gæs á fati, fylt með sveskjum og eplum; og — það sem var enn betra — gæsin bylti sjer niður af fatinu og vagaði eftir gólfinu með hníf og gaffal í bakinu; hún kom til fátæku stúlkunnar, — en í sama bili sloknaði á eldspýtunni og var þá ekkert annað að sjá en myrkan og kaldan múrvegginn.

Hún kveikti á þriðju eldspýtunni; þá sat hún undir prýðisfallegu jólatrje; það var enn stærra en það, sem hún síðastliðið aðfángadagskvöld hafði sjeð gegnum glerhurðina hjá ríka kaupmanninum; þúsundum saman loguðu á því ljósin og allskonar dýrindis-gripir hjengu á greinum þess; stúlkan rjetti upp báðar hendurnar; — þá sloknaði á spýtunni; ljósin óteljandi, sem hún hafði sjeð, þau liðu æ hærra og hærra í loft upp; hún sá, að það voru stjörnurnar á himninum; ein af þeim hrapaði og dró eftir sjer lánga eldrák á himninum.

„Nú deyr einhver“ sagði litla stúlkan; því amma hennar sæla, sem var sú eina manneskja, sem nokkurn tíma hafði verið góð við hana, hafði sagt: „Þegar stjarna hrapar á himninum, þá fer einhver sál til guðs“.

— í sama bili: i samme öjeblik. — þúsundum saman: i tusindvis. — dýrindis: adv., udmærkede (ting). — sæla: sa-

Hún kveikti á fjórðu eldspýtunni; hún lýsti vel og í bjarmanum stóð amma litlu stúlkunnar skínandi björt með milda ásjónu. „Amma mín góð!“ kallaði litla stúlkan, „æ, taktu mig með þjer; eg veit að þú hverfur, þegar deyr á eldspýtunni, þú hverfur eins og heiti ofninn, góða gæsasteikin og blessað jólatrjeð“; og óðara kveikti hún á nærri því öllum spýtunum, sem eftir voru í brjefinu, en hún vildi með engu lifandi móti sleppa ömmu sinni; og eldspýturnar báru svo skínandi birtu, að það varð bjartara en um hádegi. Amma hennar hafði aldrei verið svona fríð og svona stór; hún tók litlu stúlkuna upp á handlegg sjer, og þær lyftust í ljóma og fögnuði upp í hæstu hæðir, og þar var enginn kuldi, ekkert húngur, og ekkert volæði — þær voru hjá guði.

En í skotinu milli húsanna sat litla stúlkan morguninn eftir með roða í kinnum og bros á vörum; hún var dáin; hún hafði orðið úti á síðasta kvöldi ársins. Nýjársmorguninn rann upp yfir litla líkið, sem sat með eldspýturnar í kjöltunni; einu eldspýtnabrjefinu hafði hún því nær eytt. „Hún hefur ætlað að hita sjer“ sögðu þeir, er fram hjá gengu. Enginn vissi neitt um alla þá fegurð, sem fyrir hana hafði borið; enginn vissi, í hvílíkri dýrð og ljóma hún gekk með ömmu sinni inn í hina eilífu nýjársgleði.

---

lige, afdøde. — óðara: egl. kompar., straks. — með—móti: egl. på ingen levende måde, ikke på nogen måde. — báru: udbredte. — orðið úti: egl. var bleven ude; dette udtryk bruges om dem, der omkommer af kulde og uvejr på landet, i ørken eller på fjælde; orig.s „frosset ihjæl“.

V. Af Odysseifsdrápa VI.

Að því mæltu gekk hinn ágæti Odysseifur fram úr runninum; hann braut með sinni þreknu hendi laufgrein úr hinum þjetta skógi, og vafði henni um sig til að hylja skapnað sinn. Hann gekk nú af stað sem fjallaljón, er treystandi afli sínu gengur regnvott og veðurbarið, og brennur eldur af augum þess; það fer eftir nautum eða sauðum eða villihjörtum, og sulturinn þrýstir því til að ráðast að smáfjenaði jafnvel inn í harðlæst hús: eins varð Odysseifur að gánga á fund hinna fagurlokkuðu meyja, þótt hann væri klæðlaus, því neyðin þrýsti að honum. Hann var ekki vel til reika af sjáfarseltunni, og varð hann þeim því ógurlegur í augum, svo þær hræddust og hlupu í sína átt hver fram á sjáfarbakkana. Dóttir Alkínóuss beið ein eftir, því Aþena hafði komið hug í brjóst henni og tekið frá henni allan ótta; hún sneri sjer því gegnt honum og stóð kyr. Þá hugsaði Odysseifur sig um, hvort hann skyldi taka um knje hinni sjónfögru mey og biðja hana ásjár, eða skyldi hann að eins standa álengdar og biðja hana með blíðum orðum að vísa sjer til borgarinnar og gefa sjer klæði. En er hann hugsaði um þetta, þótti honum ráðlegra að biðja hana með blíðum orðum álengdar, svo mærin skyldi ei reiðast honum, ef hann tæki um knje henni. Hann talaði þá þessi blíðu og kænlegu orð: „Eg knjefell þjer, drottníng, hvort heldur þú ert gyðja eða dauðlegur maður. Sjertu einhver af þeim guðum, er byggja víðan himin, sýnist mjer þú einna líkust Artemisi, dóttur ens mikla Seifs, bæði að fríðleik, hæð og vaxt-

---

að því mæltu: efter at det var sagt. — **þreknu**: tykke, kraftige; af **þrekinn**. — **fer eftir**: forfølger, jager. — **ráðast að**: angribe. — **vera vel til reika**: være i god stand. **komið hug í**: indgydt mod i (**hug** dativ). — **við lifna**: op-

arlagi. En sjertu ein af dauðlegum mönnum, er á jörðu búa, þá er þrísæll faðir þinn og þín heiðvirða móðir, og þrísælir bræður þínir; mun víst hugur þeirra jafnan lifna af fögnuði yfir þjer, þá er þau sjá slíkan blómkvist gánga í dansleik. En sá er þó í rauninni lángsælstur allra, sem fær unnið þig með brúðgjöfum og leiðir þig svo heim til sín. Því ekki hef eg enn augum litið nokkurn dauðlegan slíkan, hvorki mann, nje konu; eg undrast stórum, þá er eg horfi á þig. Einu sinni sá eg líkan úngan pálmakvist upprenna hjá stalla Apollons í Deley; því eg kom og þángað, og margir menn með mjer, og átti mjer þúngra mannrauna auðið verða í þeirri ferð. En þá er eg sá þann kvist, varð mjer hið sama sem nú, að eg starði lengi á hann með undrun, því aldrei hefur slíkt trje úr jörðu sprottið. Eins dáist eg að þjer, mær, og undrast þig, og þori með engu móti að taka um knje þjer. En harðan harm hefur mjer að hendi borið: eg kom í gær af hinu dimmbláa hafi eftir tuttugu daga útivist, hröktu mig bárur og snarir byljir allan þann tíma frá eynni Ógýgju; en nú kastaði einhver guð mjer hjer á land, má vera til þess að eg rati hjer og enn í nokkura raun, því ekki hygg eg að hjer muni staðar nema, munu guðirnir áður láta mjer enn margt að hendi bera. En þú, drottníng, miskuna mjer, því eg kem fyrst á þinn fund eftir afstaðnar margar þrautir; þekki eg hjer engan mann annan af þeim, er í þessu ríki og þessu landi búa. Vísa mjer á borgina, og gef mjer fat nokkurt til að klæðast í, af þeim umbúðum, er þú munt haft hafa híngað með þjer utan um þvottinn.

---

lives, glædes. — stórum: meget; adverb., egl. dat. af stór. — átti auðið verða: skulde blive (mig) beskåren; af auðið styres gen. mannrauna, prøver, prøvelser. — varð mjer: skete der for mig. — hröktu: af hrekja, omtumle. — rata í raun: komme i prøvelse, döje ondt. — hjer — nema: det vil stanse

En guðirnir veiti þjer alt, er þú æskir í hjarta þínu, og gefi þjer mann og hús og gott samlyndi; því ekkert er betra og ágætara, en þegar maður og kona búa í húsi saman samlynd í hugum; er það stór skapraun óvinum þeirra, en gleði vinum þeirra, en best hafa þau af því sjálf".

Hin hvítarmaða Násíka svaraði honum: „Svo líst mjer á þig, gestur, sem þú munir ekki vera ógöfugur maður, og ekki heimskur. Hinn ólympski Seifur úthlutar sjálfur sjerhverjum manni sitt hamingjulán, göfugum sem ógöfugum, eftir því sem hann vill; hefur hann og látið þetta verða þitt hlutfall, og ber þjer þó að vera þolinmóðum. En með því þú ert nú kominn í bygð vora og í land vort, þá skal þig hvorki klæði skorta, nje nokkuð annað, það er mótlættur miskunarmaður á að hafa, þá er hann kemur á fund manns. Eg skal vísa þjer á borgina, og segja þjer, hvað landslýðurinn heitir. Feakar búa í þessu ríki og í landi þessu, en eg em dóttir hins hugstóra Alkínóuss, er Feakar eiga undir mátt sinn og megin."

Að því mæltu kallaði hún til hinna fagurlokkuðu þjónustumeyja: „Staldrið við, þjónustumeyjar! Hvað flýið þjer, þó þjer sjáið karlmann? Þjer ætlið þó víst ekki, að hann sje einhver óvinur? Nei, engi lifandi maður er sá, og verður aldrei, er komi með ófrið inn í land Feaka; því þeir eru mjög kærir hinum ódauðlegu guðum. Vjer búum lángt frá öðrum mönnum úti í hinu brimótta hafi, og hafa aðrir menn engi mök við oss. Nei, þessi maður, sem hjer er kominn, er einhver vesalíngur, kominn af hrakníngi, og er skylt að hjúkra honum, því allir gestir og þurfamenn eru undir vernd Seifs; verður oft lángþurfi litlu feginn.

---

herved; staðar (af staður) styres af nema. — hamingjulán: lykke-forlening, lykke. — er F. eiga undir: på hvem Fæakernes (magt og betydning) beror. — lángþurfi: en, som

Þjónustumeyjar, gefið nú gestinum mat og drykk, og laugið hann í ánni, þar sem skjól er“.

Svo mælti hún, en þær stóðu við, og kölluðu hver á aðra. Þær ljetu Odysseif setjast, þar sem skjól var, eins og Násíka hafði boðið, dóttir ens hugstóra Alkínóuss, og lögðu hjá honum yfirhöfn og kyrtil til að fara í, fengu honum tært viðsmjör á gullflösku, og sögðu honum að baða sig í árstrauminum. Þá mælti hinn ágæti Odysseifur til þjónustumeyjanna: „Gángið nokkuð afsíðis, þjónustumeyjar, meðan eg þvæ sjáfarseltuna af herðum mjer, og smyr mig með viðsmjörinu; því lángt er síðan smyrsl hafa komið á hörund mitt. En ekki mun eg baða mig fyrir augum yðar, því eg fyrirverð mig að vera hjer í nærveru fagurlokkaðra meyja“.

Svo mælti hann, en þær gengu burtu, og sögðu konúngsdóttur frá. En hinn ágæti Odysseifur þvoði af sjer í ánni sjáfarseltuna, er á var baki hans og breiðum herðum, og strauk af höfði sjer froðu hins ófrjófa hafs. En er hann hafði alþvegið sig og smurt með feitinni, fór hann í þau klæði, er hin ógifta mær hafði gefið honum. Aþena, dóttir Seifs, gerði hann þá hærra á velli að sjá og þreknara, og ljet hrynja þykkva lokka niður af höfði hans, líka sverðliljublómi. Eins og hugvitsmaður nokkur, þeim er Hefestus og Pallas Aþena hefur kent allskonar hagleik, gullbýr silfur og smíðar fagra gripi: eins brá Aþena fegurð yfir höfuð og herðar Odysseifs. Því næst gekk hann ofan til strandar á afvikinn stað, og settist þar niður, skínandi af fegurð og yndisljóma. Konúngsdóttir horfði á hann með

---

i lang tid har været trængende. — stóðu við: stansede; stóðu af standa. — þvæ: vasker; af þvo; part. þveginn, straks nedenf. alþvegið: helt vasket. — hærra — sjá: höjere at se på marken, ɔ: som han stod og gik. — gullbýr: udstyrer, belægger med guld; býr af búa. — brá (af bregða)

undrun, og mælti til enna fagurlokkuðu þjónustumeyja: „Þjer hvítörmuðu þjónustumeyjar, takið eftir því sem eg segi: ekki kemur þessi maður á fund enna goðumlíku Feaka að óvilja allra guða, þeirra er á Ólympi búa; því í fyrstu þótti mjer hann heldur óálitlegur, en nú líkist hann goðum þeim, er byggja víðan himin. Eg vildi óska, að annar eins maður fengi mín, settist hjer að, og festi hjer yndi. En gefið nú, þjónustumeyjar, gestinum mat og drykk".

Svo mælti hún, en þær gáfu gaum orðum hennar og hlýddu henni, og lögðu mat og drykk fyrir Odysseif. Nú át og drakk hinn margþjáði, ágæti Odysseifur, og tók freklega til matarins, því hann hafði lengi einskis matar neytt.

VI. Første Mosebog III.

1. En höggormurinn var slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem Jahve guð hafði gjört. Og hann mælti við konuna: „er það satt, að guð hafi sagt: ‚þið megið ekki eta af neinu trje í aldingarðinum'?" 2. Þá sagði konan við höggorminn: „af ávöxtum trjánna í aldingarðinum megum við eta; 3. en af ávexti trjesins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, af honum, sagði guð, megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja". 4. Þá sagði höggormurinn við konuna: „vissulega munuð þið ekki

---

fegurð: udgød skönhed; fegurð er dativ. — fengi mín: ægtede mig; fá sættes med gen. i denne betydn., ellers med acc. — festi hjer yndi: egl. fæstede her tilfredshed, tog sig her fast opholdsted. — tók til matarins: nød maden.

slægari: af slægur, listig. — merkurinnar: af mörk, mark. — satt: af sannur, sand. — neinu: af neinn, nogen, ingen. — trjánna: af trje (gen. pl. trjáa, med art. trjánna).

deyja; 5. en guð veit, að jafnskjótt sem þið etið af honum, munu augu ykkar upp ljúkast og þið munuð verða eins og guð og vita skyn góðs og ills". 6. En er konan sá, að trjeð var gott að eta af, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks, þá tók hún af ávexti þess og át, og hún gaf einnig manni sínum, sem með henni var, og hann át. 7. Þá lukust upp augu þeirra beggja og þau urðu þess vör, að þau voru nakin, og þau festu saman fíkjuviðarblöð og gerðu sjer mittis-skýlur. 8. En er þau heyrðu til Jahve guðs, sem var á gángi í aldingarðinum í kveldsvalanum, þá reyndi maðurinn og kona hans að fela sig fyrir Jahve guði millum trjánna í aldingarðinum. 9. En Jahve guð kallaði á manninn og sagði við hann: „hvar ertu?" 10. Og hann svaraði: „eg heyrði til þín í aldingarðinum og varð hræddur, af því að eg er nakinn, og eg faldi mig". 11. En hann mælti: „hver hefur sagt þjer, að þú værir nakinn? Hefur þú etið af trjenu, sem eg bannaði þjer að eta af?" 12. Þá svaraði maðurinn: „konan, sem þú gafst mjer til sambúðar, hún gaf mjer af trjenu, og eg át". 13. Þá sagði Jahve guð við konuna: „hvað hefur þú gert?" Og konan svaraði: „höggormurinn tældi mig, svo að eg át". 14. Þá sagði Jahve guð við höggorminn: „af því að þú gerðir þetta, skalt þú vera bölvaður meðal alls fjenaðarins og allra dýra merkurinnar, á kviði þínum skalt þú skríða og mold eta alla þína lífdaga. 15. Og fjandskap vil eg

---

— ella: ellers, i modsat fald. — jafnskjótt sem: såsnart som, i samme öjeblik. — vita skyn: ‚vide skön', skönne, forstå. — girnilegur: lystelig, tillokkende. — mittis-skýla, f.: egl. ‚midje-skjul (-dække)', bælte. — kveldsvali: aftenkølighed. reyndi: af reyna, forsøge. — faldi: af fela, skjule. — bannaði: af banna, forbyde. — sambúðar: af sambúð, f., ‚sam-leven, samværen', „til at leve sammen med". — tældi: af tæla, lokke, forføre. — af því að = fordi. — meðal: imellem.

setja millí þín og konunnar, milli þíns sæðis og henn-
ar sæðis; það skal merja þitt höfuð og þú skalt merja
hæl þess". 16. En við konuna sagði hann: „mikla
mun eg gera þjáníngu þína, er þú verður barns haf-
andi; með þraut skalt þú börn fæða, og þó hafa
löngun til manns þíns, en hann skal drotna yfir þjer".
17. Og við manninn sagði hann: „af því að þú hlýddir
röddu konu þinnar og ást af því trje, sem eg bannaði
þjer, er eg sagði: þú mátt ekki eta af því, þá sje
jörðin bölvuð þín vegna; með erfiði skalt þú þig af
henni næra alla þína lífdaga; 18. þyrna og þistla skal
hún bera þjer, og þú skalt eta jurtir merkurinnar.
19. Í sveita andlitis þíns skalt þú neyta brauðs þíns,
þángað til þú hverfur aftur til jarðarinnar, því að af
henni ertu tekinn, því að mold ert þú, og til moldar
skalt þú aftur hverfa". 20. Og maðurinn nefndi konu
sína Evu, því að hún varð móðir allra sem lifa.
21. Og Jahve guð gerði manninum og konu hans
skinnkyrtla og ljet þau klæðast þeim. 22. Og Jahve
guð sagði: „sjá maðurinn er orðinn sem einn af oss,
þar sem hann veit skyn góðs og ills. Aðeins að hann
rjetti nú ekki út hönd sína og taki einnig af lífsins
trje og eti og lifi eilíflega". 23. Þá ljet Jahve guð
hann í burt fara úr aldingarðinum Eden til að yrkja
jörðina, sem hann var tekinn af. 24. Og hann rak
manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Eden-
garð og loga hins svipanda sverðs, til að geyma veg-
arins að lífsins trje.

— merja, marði, knuse. — þjáníng: kval, lidelse. — er þú — barns h. = når du bliver barnhavende ɔ: frugtsommelig. — ást, præt. af eta (át). — þín vegna: for din skyld; vegna styrer gen. þín. — hverfur aftur til: vender tilbage til. — aðeins að: blot at (blot han nu ikke osv.). — loga: af logi, lue, flamme. — svipandi: bevægelig (som bevæger sig lynsnart).

Ljóðaljóðin.

I.

Hann kyssi mig kossi munns síns;
því að ást þín er betri en vín.
Yndislegur ilmur er af smyrslum þínum,
nafn þitt eins og úthelt olía;
þess vegna elska meyjarnar þig.

Drag mig á eftir þjer; við skulum flýta okkur,
— kóngurinn leiddi mig í herbergi sín —.
Vjer viljum fagna og gleðjast yfir þjer,
vegsama ást þína meir en vín;
með rjettu elska þær þig.

Svört er eg og þó yndisleg, þjer Jerúsalem dætur,
sem tjöld Kedars, sem tjalddúkar Salómós.
Takið ekki til þess að eg er svartleit,
því að sólin hefur brent mig.
Synir móður minnar reiddust mjer,
þeir settu mig til að gæta víngarða,
míns eigin víngarðs hef eg eigi gætt.
Seg mjer, þú sem sál mín elskar,
hvar heldur þú hjörð þinni til haga, hvar bælir þú um hádegið?
Því að hví skal eg vera eins og villuráfandi
hjá hjörðum fjelaga þinna?
Ef þú veist það eigi, þú hin fegursta meðal kvenna,

---

smyrsl, n. pl., salve. — úthelt, udgydt (af úthella). — við — okkur: vi skal skynde os (okkur dativ). — leiddi: af leiða. — tjald-dúkur: telt-dug. — Taka til: med gen., udtale sig nedsættende om, dadle. — svartleit: med sort udseende, sortladen. — gætt: af gæta, bevogte; med gen. — heldur — til haga: holder — til græsgange; hagi, m., græsgang; altså: „i hvilke græsgange du vogter“. — bælir: af bæla (af ból), lade ligge, hvile. — villuráfandi: vildt flakkende.

þá far þú og rek för hjarðarinnar
og halt kiðum þínum til haga hjá kofum hirðanna.

Við hryssurnar fyrir vagni Faraós
líki eg þjer, vina mín.
Yndislegar eru kinnar þínar undir perluböndunum,
háls þinn undir kóralmenjunum.
Gullfestar viljum vjer gera þjer
settar silfurhnöppum.
Meðan konúngurinn hvíldi á legubekk sínum,
lagði ilminn af nardussmyrslum mínum.
Unnusti minn er sem knýti með myrru,
sem hvílist milli brjósta mjer.
Kipurber er unnusti minn mjer
úr víngörðunum í Engedí.
Hversu fögur ertu, vina mín, hversu fögur ertu.
Augu þín eru dúfuaugu.
Hversu fagur ertu, unnusti minn, já indæll,
já, iðgræn er hvíla okkar.
Bjálkarnir í húsi okkar eru sedrusviðir,
þiljur okkar kýpres-trje.

II

Eg er narsissa á Saron-völlum,
lilja í dölunum.
Eins og lilja meðal þyrna,
svo er vina mín meðal meyjanna.
Eins og apaldur meðal skógartrjánna,
svo er unnusti minn meðal sveinanna.

— rek för: rek af rekja, rakti, forfølge; för af far, ntr., spor. — hirðanna: af hirðir, hyrde. — hryssurnar: af hryssa, hoppe. — menjunum: af men, ntr., halsbånd. — gullfestar: af -festi, f., bånd, kæde. — legubekkur, m., egl. ‚ligge-bænk‘, sofa. — lagði ilminn (acc.): udgik duft. — knýti, ntr., egl. ‚noget knyttet‘ (myrrakugle). — kipurber: i dansk overs. copherdruer. — þiljur: af þilja, panel („loft“). —

I skugga hans þrái eg að sitja
og ávextir hans eru mjer gómsætir.
Hann leiddi mig í vínhúsið
og merkisblæja hans yfir mjer var elska.
Endurnærið mig með rúsínukökum, hressið mig á eplum,
því að eg er sjúk af ást.
Vinstri hönd hans sje undir höfði mjer,
en hin hægri umfaðmi mig.
Eg særi yður, Jerúsalem-dætur, við skógargeiturnar
eða við hindirnar í haganum:
vekið ekki, vekið ekki elskuna,
fyr en hún sjálf vill.

Heyr, það er unnusti minn,
sjá, þar kemur hann,
stökkvandi yfir fjöllin,
hlaupandi yfir hæðirnar.
Unnusti minn er líkur skógargeit
eða hindarkálfi.
Hann stendur þegar bak við húsvegginn,
horfir inn um gluggann,
gægist inn um grindurnar.
Unnusti minn tekur til máls og segir við mig:
stattu upp, vina mín,
fríða mín, æ kom þú.
Því sjá, veturinn er liðinn,
rigníngarnar um garð gengnar, á enda.
Blómin eru farin að sjást á jörðunni,
tíminn til að sniðla vínviðinn er kominn

þrái eg að: længes jeg efter at. — gómsætur: egl. ‚gane-sød', af gómur, m., gane. — merkisblæja: egl. ‚fanedug'. — sje — umfaðmi: skal være — omfavne. — heyr: imperativ til heyra, -ði. — þegar: allerede. — gægjast: titte, kige. — fríða: egl. hunkön af adj. fríður i bestemt form, her substantivisk. — eru — sjást: er begyndt at ses. — sniðla: beskære.

og kurr turtildúfunnar heyrist i landi voru.
Ávextir fíkjutrjesins eru þegar farnir að þroskast,
og ilminn leggur af blómstrandi vínviðnum.
Stattu upp, vina mín,
fríða mín, æ kom þú.
Dúfan mín i klettaskorunum,
í fylgsni fjallhnúksins,
lát mig sjá auglit þitt,
lát mig heyra rödd þína.
Því að rödd þín er sæt
og auglit þitt yndislegt.
Náið fyrir oss refunum, yrðlíngunum,
sem skemma víngarðana,
því að víngarðar vorir standa í blóma.

Unnusti minn er minn og eg er hans,
hans sem heldur hjörð sinni til haga meðal liljanna.
Þángað til dagurinn verður svalur
og skuggarnir flýja,
snú þú aftur, unnusti minn,
og líkst þú skógargeitinni
eða hindarkálfi á ánganfjöllum.

---

klettaskora: pl. -skorur, klipperævne. — fjallhnúkur, m., fjældtinde. — yrðlingur, m., ræveunge. — ánganfjall: duftende bjærg; ángan, f., duft.

Ordsamling

aðalstofn, m, **-ar**, hovedstamme.
aðeins, adv, kun, blot.
aðfángadagskvöld, n, aftenen på **aðfángadagur** = begyndelsesdag, ɔ: juleaftensdag.
afkasta, aði, udrette, få fra hånden.
afrjettir, f. pl, fjældgræsgange.
afskaplegur, adj, overordenlig, stærk.
afstaðinn, adj, overstået.
afvikinn, adj, afsides.
aldingarður, m, frugthave.
altjend (f. **altjafnt**), adv, altid.
alveg, adv, helt, ganske.
amma, f, gen. **ömmu**, bedstemor.
ansa, ði, svare.
auðnast, aðist, opnå, lykkes.
auðsjeður, adj, let set, åbenbar.
auglit, n, ansigt.
auminngja, adv, stakkels, **a. litla**, stakkels lille.
aumíngjalegur, adj, stakkels, ussel.

áhrif, n. pl, indvirkning.
áhugi, m, **-a**, iver (for noget).
ákaflega, adv, ivrigt, voldsomt.
ákefð, f, **-ir**, iver, voldsomhed.
álengdar, adv, i det fjærne.
álit, n. pl, betragtning, mening.
ángurblíða, f, vemod.
áreiðanlega, adv, tilforladelig, pålidelig.
árniður, m, elvesus.
ásjá, f, **-r**, hjælp.
átfrekur, adj, mad-grisk, grådig.
ávanta, aði, upers. **ávantar**, mangler.
ávaxtasamur, adj, frugtbar (af **ávöxtur**, frugt).
ávaxtasýníng, f, **-ar**, frugtudstilling.

bára, f, bølge.
benda, -ti, pege, vinke, **b. á**, pege på.
biðilsbænir, f. pl, frierbönner, frieri.
bjarmi, m, lysning.
blakkur, adj, mörk, brun.
blakna, aði, blive mörk, brun.
bláþak, det ydre tag (uden indvendig beklædning).
blessa, aði, velsigne.
blómfagur, adj, med smukke blomster.
blómkvistur, m, **-ir**, blomstergren.
blæja, f, flor, slør.
borðbúnaður, m, **-ir**, bord-dækning, alt, hvad der hører til en sådan.
borga, aði, betale.
borgarhlið, n, byport.
bráðum, adv, snart.

bráðþroska, adj, tidlig moden, udviklet.
brimóttur, adj, fuld af brænding (**brim**), stormende.
brjef, n, brev, papirhylster (om tændstikkerne).
bros, n, smil.
brosa, **ti**, smile.
bruna, **aði**, fare afsted.
brún, f, **-ir**, kant.
bugða, f, bugtning.
bull, n, vrövl, sludder, dårligt vers (digt).
buna, f, vandstråle, vand i småbække, særlig hvor der er en afsats.
búsmali, m, de til en gård hørende får (malkefår).
bylta, **ti**, kaste, **b. sjer**, kaste sig, tumle sig.
bylur, m, **-jir**, storm-stød, storm.
bætast, **ttist**, forbedres, **b. við**, komme til (som forøgelse).

dagsmark, n, **mörk**, en tid af 3 timer.
dapur, adj, nedslået.
dást, **dáðist**, beundre, **d. að e-u**, b. noget.
dável, adv, temmelig godt, ret godt.
dimmblár, adj, mörkeblå.
dimmur, adj, mörk.
drembilega, adv, stolt, overmodig.
dúr, m, **-ar**, slummer.
dýrð, f, **-ir**, herlighed.
dægur, n, halvdögn (dag eller nat).
dæmi, n, eksempel, forbillede.

eðli, n, natur.
efast, **aðist**, tvivle, **e. um**, betvivle.
efla, **di**, styrke; part. **efldur.**
eftirlátur, adj, föjelig, eftergivende.
eg = **jeg**, pron, jeg.
eilífur, adj, evig.
einatt (**-art**), adv, ofte.
eingöngu, adv, alene, udelukkende.
einkabarn, n, **-börn**, eneste barn.
einkum, adv, især, navnlig.
einmana, adj, ene, ensom, følende sig forladt.
einnig, adv, også.
einstaka, adj, enkelt, enkeltvis.
einúngis, adv, blot.
ekkert, ntr. til **enginn**, intet.
eldíng, f, **-ar**, lyn.
eldrák, f, **-ir**, ildstribe.
endilángur, adj, lang i sin hele udstrækning, fra ende til anden.
endurbæta, **tti**, forbedre, reformere.
enn, adv (konj.), endnu.
enni, n, pande.

fannkoma, f, snefald, nedbør af sne (**fönn**, snedynge).
fat, n, **föt**, klædningsstykke, i pl. klæder, dragt.
fágaður, adj, poleret, blank.
feiminn, adj, genert, tilbageholden.
feiti, f, fedt, olie.
fengur, m, fangst, bytte.
ferðalag, n, **-lög**, rejse.
ferhyrndur, adj, med 4 hjörner, kvadratisk, kvadrat-.
ferma, **di**, konfirmere.
feykja, **ti**, lade fyge, blæse bort.
firtast, **tist**, blive vred, fornærmet.
fífill, m, **-flar**, fandens mælkebøtte.

fjallspilda, f, fjældrække.
fjarska, adv (el. sammensætningsled, forstærkende), meget, vældig.
fjúk, n, snefog.
fjörujurt, f, **-ir**, strandplante.
flatarmál, n, flademål.
fleygja, **ði**, egl. lade flyve, kaste.
fornmaður, m, **-menn**, oldtidsmand.
freklega, adv, grådigt, kraftigt.
fríðleikur, m, skönhed.
frjóvga, **aði**, befrugte, frugtbargöre.
froða, f, skum.
fróðleikur, m, visdom, kyndighed.
frumkvæði, n, det oprindelige digt, original.
fullorðinn, adj, fuldt voksen, moden.
fulltíða, adj, d. s.
fús, adj, villig, begærlig.
fylgsni, n, skjul, skjulested.
fyrirhafnarlaust, adv, uden möje, besvær (**fyrirhöfn**).
fyrirverða sig, **varð**, skamme sig.
fögnuður, m, glæde.
föng, n. pl, midler, fangst.

gagnsær, adj, gennemsigtig.
garðyrkjumaður, m, **menn**, havedyrker (**garður**, have, **yrkja**, dyrkning).
gegna, **ndi**, svare.
gersimasafn, n, **söfn**, egl. kostbarheds-samling, kunstkammer.
giska á, **aði**, formode, gætte på.
gleðiblær, m, glædes-udtryk, glad ansigtsudtryk.
glóbjartur, adj, strålende lys, lysegul.
grafkyr, adj, egl. grav-stille, helt stille.
grasa, **aði**, indsamle mos.
grjóthrun, n, nedstyrtning af sten (**grjót**).
grobba, **aði**, prale.
grobbinn, adj, pralelysten.
gróðasæll, adj, rig på plantevækst.
gróður, m, gen. **-rar**, plantevækst.
gróðursetja, **setti**, plante.
grund, f, **-ir**, græsslette, jord.
gyðja, f, gudinde.
gæska, f, godhed.

hafviðri, n, vind fra havet, pålandsvind.
hagi, m, græsgang.
hagleikur, m, kunstfærdighed.
hamíngja, f, lykke.
hamla, **aði**, hindre, holde nede.
hana, adv (udråbsord), dèr!
handiðn, f, **-ir**, håndværk.
handleggur, m, **-ir**, arm.
harma, **aði**, sörge over.
hárband, n, **bönd**, bånd, reb af (heste)hår.
heiðblár, adj, ntr. **blátt**, lyseblå.
heiðvirður, adj, hæderværdig.
heimili, n, hjem (et).
heimskur, adj, dum, enfoldig.
helluhnoðri, m, planten sedum acre.
hent, egl. ntr. til **hentur**, passende.
hentugur, adj, passende, bekvem.
herma eftir, **di**, efterabe, efterligne.
himinbaugur, m, **-ar**, himmelhvælv (**baugur**, ring).
hjerna, adv, = **hjer**, her.
hjerumbil, adv, omtrent (også skrevet i 3 ord).
hjúkra, **aði**, pleje (syge).
hljóðfagur, adj, med smuk stemme.

hlutfall, n, **föll**, forhold, proportion.
hlutfallslegur, adj, forholdsvis, proportional.
hnattstaða, f, stilling på jordkloden, geografisk beliggenhed.
hnipra sig, **aði**, trykke sig sammen, krympe sig sammen.
hnugginn, adj, nedslået, sörgmodig.
hnöttur, m, gen. **hnattar**, pl. **hnettir**, kugle, jordklode.
holt, n, hård og stenfyldt, også lyngbevokset, grund (landryg).
horfa, **ði**, vende, se (i en vis retning).
hraður, adj, hurtig, rask.
hraknfngur, m, **-ar**, omtumlen, hård medfart.
hraun, n, lava, lavastrækning.
hraungjóta, f, lava-fordybning, hule i en lavastrækning.
hreppstjóri, m, rep-styrer, sognefoged; rep = kommune.
hressa, **ti**, vederkvæge, oplive.
hugfastur, adj, fast i hu, sind, om noget, der ikke må glemmes.
huggun, f, trøst.
hugvitsmaður, m, **menn**, kunstner.
hvaða, spörg. pron., uböjel., hvilken.
hvammur, m, **-ar**, en liden dal.
hylja, **hulði**, tilhylle, dække.
hyski, n, familje.
hýra, f, glæde.
hæð, f, **-ir**, höjde.
hæðnislega, adv, spottende.
hæfilegur, adj, passende.
hæli, n, ly, tilflugtsted.
hörpudiskur, m, **-ar**, en slags musling, pecten islandicus.

hörund, n, hud (den menneskelige).

iðgrænn, adj, lysegrön.
iðja, f, id, virksomhed.
illviðri, n, slemt vejr, uvejr.
ilma, **aði**, dufte.
ilmsætur, adj, duftsød.
ilmur, m, duft.
indæll, adj, yndig.

ímynda, **aði**, indbilde sig, tænke sig.
ímyndun, f, indbildning, tanke (man gör sig).

jafn-, i sammensætn., lige.
jafnframt, adv, samtidig.
jafnótt, adv, i det samme.
jafnvel, adv, endogså.
jarðepli, n, kartoffel; **jarðeplarækt**, f, kartoffeldyrkning.
jarðvegur, m, jordbund.
jurt, f, **-ir**, plante.

karlmannabragur, m, mandfolkeart, -væsen.
kátbroslega, adv, muntert (egl. muntert smilende, **kátur**, adj, glad).
kjalta, f, **kjöltur**, skød.
klettaskora, f, klippekløft.
klettasnös, f, **-snasir**, klippepynt (af **klettur**, m).
klifra, **aði**, klatre.
kofi, m, hytte.
kreppa, **pti**, trække (benene) op under sig.
kríngumstæður, f. pl, omstændigheder.
kroppa, **aði**, pikke, hakke i.
krókloppinn, adj, frysende om hænderne, så at fingrene kroges.

1. **kvaka, aði,** kvidre.
2. **kvaka, aði,** klage.
kvikna, aði, blive levende, fremspire.
kvísl, f, **-ir,** gren, arm (af elve).
kvonbænir, f. pl, frieri.
kænlega, adv, snildelig.

laglegur, adj, net, pæn.
landfræðisbók, f, **bækur,** geografibog, geografi.
landslýður, m, **-ir,** lands befolkning.
landshagsskýrsla, f, statistisk beretning (**landshagur,** lands økonomiske stilling).
lánga til, aði, længes efter, ønske.
lánsamur, adj, lykkelig (**lán,** n, lykke, held).
leiði, n, grav.
leifar, f. pl, levninger, rester.
leikinn, adj, øvet (i noget).
leyndur, adj, skjult.
litaskifti, n, farveskifte, -ændring.
litfagur, adj, lødfager, skön.
lífgun, f, levendegörelse, liv.
lífshætta, f, **-ur,** livsfare.
línsterkja, f, egl. middel til at stive linned, stivelse.
lítast á, leist, synes om.
ljómandi, part., strålende.
ljómi, m, glans.
ljósbirta, f, klarhed fra lys, lys.
loftslag, n, klima.
logn, n, stille vejr, stilhed.
lóa, f, hjejle.
lófi, m, håndens hulhed, den hule hånd.
læknir, m, **-ar,** læge.
lækur, m, gen. **-jar, -ir,** bæk.

makaður, adj, indgnedet (med).
margvíslegur, adj, mangeartet.
margþjáður, adj, meget og længe plaget, pint.
meðal, n, **-ul,** middel, medicin.
melur, m, **-ar,** grus og sandslette.
metorð, n. pl, höj værdighed, höj stilling.
meyr, adj, mør.
miðmundi, m, tiden ved kl. 1½.
miskuna, aði, vise nåde.
miskunsamur, adj, barmhjærtig.
missir, m, **-ar,** tab.
mjósleginn, adj, egl. tynd-slået, tynd, smækker.
mjúkur, adj, blød.
moldarduft, n, muld-støv.
montinn, adj, vigtig (göre sig vigtig).
morgunkyrð, f, morgenstilhed.
mórauður, adj, brun.
mótlættur, adj, som har haft modgang, hårdt prøvet.
munaðarkliður, m, orig.s blide klukke; **kliður,** sang; **munaður,** kærlighed, glæde.
munaðarlaus, adj, forældreløs.
mylja, muldi, bryde, knuse.
mýkja, ti, blødgöre, opbløde.
mök, n. pl, samkvem.

nánd, f, **-ir,** nærhed.
neinn, pron, ingen, nogen.
nema, nam, tage.
nískur, adj, gnieragtig, karrig.
nístíngskuldi, m, gennemtrængende kulde.
nægilegur, adj, tilstrækkelig.
nötrandi, part., rystende (af kulde).

óálitlegur, adj, uanselig.
ófrjór, adj, ufrugtbar.
ógöfugur, uædel, ikke fornem.
ósjálfrátt, adv, uvilkårlig.

óskertur, adj, uforminsket.
óþægð, f, **-ir**, uartighed.

patti, m, en lille, uanselig dreng.

regnvotur, adj, regnvåd.
reyna, di, prøve, forsøge.
reyndar, adv, i virkeligheden (egl. gen. af **reynd**, f.).
rindi, m, langstrakt strimmel (land).
ríkismaður, m, **menn**, rigmand.
rjetta út, ti, strække ud.
roði, m, rødme, -røde (f. eks. i morgenrøde).
rómur, m, **-ar**, stemme.
rósamur, adj, stilfærdig, rolig.
rúm, n, sæng.
rækta, aði, dyrke, opdyrke.
rætast, ttist, gå i opfyldelse.
röð, f, **raðir**, række.

saltryk, n, saltstøv.
sameina, aði, forene, forbinde.
samlyndi, n, enighed, samdrægtighed.
sársvángur, adj, smærtelig sulten, meget sulten.
selur, m, **-ir**, sæl.
síðastliðinn, adj, sidst afvigte.
sjávarbakki, m, strand.
sjávarföll, n. pl, ebbe og flod.
sjávarselta, f, søens salthed.
sjónfagur, adj, smuk af udseende.
skapnaður, m, blusel.
skapraun, f, **-ir**, ærgrelse.
skelfíng, f, **-ar**, rædsel.
skilníngur, m, forstand, forståelse.
skjól, n, læ, ly.
skoðan, f, **-ir**, mening, anskuelse.
skolast, aðist, skylles (bort).
skot, n, krog.
skreyta, tti, pryde.
skríngilegur, adj, pudsig.
skrítinn, adj, morsom.
skruðníng, f, **-ar**, larm (af noget nedstyrtende).
skúfur, m, **-ar**, dusk.
skúr, f, **-ir**, regnbyge.
skýjadrög, n. pl, skybanker (hist og her).
skær, adj, klar.
slys, n, uheld, ulykkestilfælde.
smáhrúga, f, lille dynge.
smyrja, smurði, smöre.
smyrsl, n, egl. smörelse, salve.
snerta, -ti, röre.
sokkur, m, **-ar**, strömpe.
sóley, f, **-jar**, ranunkel.
spekíngssvipur, m, **-ir**, vismandsmine.
spilla, ti, ødelægge, fordærve.
spretta, spratt, spire, vokse.
staldra við, aði, stanse, blive stående.
stalli, m, alter.
stara, rði, stirre.
stángdýna, f, madras.
stefna, f, retning.
stekkur, m, **-ir**, fårefold, lammefold.
steypa, ti, styrte (trans.), **steypast**, styrte ned.
strokfjöl, f, **fjalir**, strygebræt.
stuttur, adj, kort.
stöð, f, **-var**, station, sted hvor noget findes.
sveit, f, egn på landet.
sverðlilja, f, hyacint.
svunta, f, forklæde.
svæði, n, åben plads, rum.
synja, aði, nægte.
sýna, ndi, vise.

tegund, f, **-ir**, art.
telja til, taldi, opregne, fremføre.

tignarlegur, adj, höj, majestætisk.
tíður, adj, hyppig.
1. **tína**, f, hvad der skal el. kan plukkes.
2. **tína**, **ndi**, plukke.
tolla á, **ldi**, hænge fast ved.
truflast, **aðist**, forstyrres.
tuttugu, talord, tyve.
týna, **ndi**, tabe, miste.
tær, adj, ren (om væske).

umbúðir, f. pl, hylster.
umhverfis, adv, rundt omkring.
ummynda, **aði**, omdanne.
undir einsog, adv, så snart som.
undirorpinn, adj, underkastet.
unnusta, f, elskede, kæreste (om kvinden).
uppdráttur, m, **drættir**, kort, landkort.
uppgötvun, f, **-ir**, opdagelse.
uppkast, n, udkast, kladde.
urð, f, **-ir**, nedfaldne klipper og sten med huler imellem.

útbrunninn, adj, udbrændt.
úthluta, **aði**, uddele.
útilegumaður, m, **menn**, fredløs, der „ligger ude“ i örkener og fjælde.
útivist, f, **-ir**, egl. „væren ude“, ɔ: ophold på søen.

vaga, **aði**, vralte.
vanþörf, f, **þarfir**, ingen tarv, mangel på behov, trang.
varðveita, **tti**, opbevare, gemme.
vargur, m, **-ar**, egl. ulv, glubsk.
vaxtarlag, n, skikkelse, statur.
veðrátt, f (mere alm. **-átta**), vejrlig.
veðurbarinn, adj, egl. vejrpisket, medtaget af dårligt vejr.
vegsama, **aði**, lovprise.
veiðimaður, m. **menn**, jæger.
verðlaunaloforð, n, løfte om præmie (**verðlaun**).
veröld, f, **-aldir**, verden.
vesalíngur og **veslíngur**, m, **-ar**, stakkel.
vetfáng, n. öjeblik.
viðsmjör, n, egl. træ-smör, olie.
1. **vinna**, f, arbejde.
2. **vinna**, **vann**, arbejde.
virðast, **tist**, synes.
víðsvegar, adv (egl. gen. af **vegur**, vej), viden om.
voðalegur, adj, frygtelig.
volæði, n, elendighed.
von, f, **-ir**, håb.
væta, f, fugtighed.

yfirhöfn, f, **hafnir**, overkappe.
ylur, m, **-ir**, varme.
yndi, n, fryd.
yndislegur, adj, yndig, dejlig.
yndisljómi, m, ynde-glans, dejlighed.
yrmlíngur, m, **-ar**, småorm.

þekkjast, **tist**, lade sig behage, modtage.
þistill, m, tidsel.
þjóta, **þaut**, ryge, fare afsted.
þraut, f, hård prøve.
þrísæll, adj, tre gange lykkelig, meget l.
þroskast, **aðist**, trives, modnes.
þroskasæll, adj, rig på trivsel, frugtbar.
þróast, **aðist**, vokse, trives.
þruma, f, torden.
þrýsta, **ti**, tvinge.
þurfamaður, m, **menn**, trængende, fattig person.

þurka, aði, törre.
þvottabali, m. vaskebalje.
þyrnir, m, torn.

1. **æ**, adv, stadig.
2. **æ**, interj, ak.

öldúngis. adv, aldeles, i fuldt mål.
örlítill, adj, meget lille, ringe.
öræfi, n. pl, fjældörken, store, vidtudstrakte ufrugtbare fjælde.


1836
1873

FINNUR JÓNSSON

ISLANDSKE LÆSESTYKKER

MED

FORKLARINGER

II

UDGIVNE AF

DANSK-ISLANDSK SAMFUND

ANDR. FRED. HØST & SØNS FORLAG
KØBENHAVN 1920

DRUCK VON EHRHARDT KARRAS G.M.B.H., HALLE (SAALE)

I dette hæfte har jeg samlet forskellige læsestykker, både i prosa og poesi. Jeg har stræbt efter at have dem så forskelligartede, så ejendommelige som muligt. Men det forstår sig, at på en så lille plads, som der her kunde være tale om, måtte prøverne blive små i omfang. Valget må tale for sig selv. Dette hæfte ledsages ikke af et glossar, da omkostningerne vilde være bleven så store. Af hensyn til disse er hæftet blevet trykt i Tyskland.

Indholdet er følgende:

9. Jónas Hallgrímsson s. 65—69
Óhræsið [Overs. i Udv. isl. digte s. 99]
Dalvísur [Overs. i Udv. isl. digte s. 106]
Jeg bið að heilsa [Overs. i Isl. lyrik s. 51]
Vorvísur
Stökur
10. Jón Thóroddsen s. 69—71
Ísland [Overs. i Udv. isl. digte s. 30]
Til þorsksins
11. Benedikt Gröndal s. 71—72
Huggun
12. Steingrímur Thorsteinsson s. 72—77
Nautið og lóan [Overs. i Isl. lyrik s. 123]
Fyrsta lóukvak [Overs. i Udv. isl. digte s. 101]
Svanasöngur á heiði [Overs. sst. s. 108]
Laugardalur [Overs. sst. s. 119]
13. Grímur Thomsen s. 77—80
Sveinn Pálsson og Kópur
Jón tíkargjóla
14. Mattías Jóchumsson s. 80—84
Lofsöngur [Overs. i Udv. isl. digte s. 33]
Eggert Ólafsson [Overs. i Udv. isl. digte s. 70]
Leiðsla [Overs. i Isl. lyrik s. 141]
15. Þorsteinn Erlíngsson s. 84—87
Lágnætti
Sólskríkjan [Overs. i Udv. isl. digte s. 177]
16. Hannes Hafstein s. 87—91
Fuglar í búri
Fjallasöngur [Overs. i Udv. isl. digte s. 129]
Undir Kaldadal [Overs. i Udv. isl. digte s. 123]
Áníng [Overs. sst. s. 132]
17. Stökur s. 92

F. J.

1. Af Islandske folkesagn og æventyr.

Sagan af Hlini kóngssyni.

Það var einu sinni kóngur og drottníng í ríki sínu. Hann hjet Hríngur, en ekki er þess getið, hvað drottníng hans hjet; þau áttu einn son, sem Hlini er nefndur. Snemma var hann efnilegur og þótti hinn mesti kappi[1]. Sagan segir, að karl og kerlíng voru í garðshorni[2]; þau áttu eina dóttur, er Signý hjet.

Eitt sinn fór kóngsson á dýraveiðar með hirðmönnum föður síns. Þegar þeir höfðu veitt nokkur dýr og fugla og ætluðu heim aftur, sló yfir[3] svo dimmri þoku, að þeir mistu sjónar á kóngssyni. Leituðu þeir hans þá lengi, en fundu ekki, og sneru við það heimleiðis. Þegar þeir komu til kóngshallar, sögðu þeir, að þeir hefðu mist Hlini frá sjer og hvergi getað fundið hann. Kóngur varð mjög hryggur við þessa fregn, og sendi margt manna daginn eftir að leita að syni sínum. Þeir leituðu allan dag til kvölds, en fundu ekki, og fór svo í 3 daga samfleytt, sem leitað var, að Hlini fanst ekki. Við þetta varð kóngur svo harmfullur, að hann lagðist í rekkju sem veikur maður. Hann ljet og lýsa því yfir[4], að hver, sem fyndi son sinn og kæmi með hann heim aftur, skyldi eignast hálft ríki sitt.

Signý karlsdóttir frjettir hvarf[5] kóngssonar og hverjum launum faðir hans hafi heitið, ef Hlini fyndist; fer hún því til foreldra sinna og biður þá um nesti og nýja skó,

---

[1] kappi: helt. [2] garðshorn: egl. 'gårdhjörne', ɔ: hjörne, udkanten af gårdens hjemmemark: om en husmands-hytte. [3] sló yfir: upersonl. og þoku dativ, 'faldt det ind med', 'blev der' [4] lýsa yfir: bekendtgöre. [5] hvarf: forsvinden.

og heldur síðan á stað að leita kóngssonar. En það er af ferðum Signýjar að segja, að þegar hún hefir gengið meiri hluta dagsins, kemur hún að áliðnu[1] að helli einum, hún gengur inn í hann og sjer þar tvær rekkjur, var silfurofin ábreiða[2] yfir annari, en gullofin yfir hinni. Litast hún þar betur um og sjer, að kóngsson liggur í þeirri rekkjunni, sem gullofna ábreiðan var yfir; vill hún vekja hann, en getur ekki. Hún tekur þá eftir[3] því, að einhverjar rúnir voru ritaðar á rekkjuna, sem hún skilur ekki. Eftir það gengur hún fram að hellisdyrum, og felur sig þar á hurðarbaki. En þegar hún er komin í þetta fylgsni, heyrir hún litlu síðar úti dunur miklar og sjer, að tvær skessur stórskornar[4] mjög koma inn í hellinn. Segir þá önnur þeirra, þegar þær eru inn komnar: „Fussum fei[5]; mannaþefur í helli okkar". En hin segir, að það sje af honum Hlini kóngssyni. Síðan gánga þær inn að rekkju þeirri, sem kóngsson svaf í, og segja svo:

Sýngi, sýngi svanir mínir,
svo hann Hlini vakni".

Síðan sýngja svanirnir, og Hlini vaknar. Ýngri skessan spyr hann þá að, hvort hann vilji ekki borða. En hann neitar því. Þá spyr hún hann, hvort hann vilji ekki eiga sig. Hann neitar því þverlega, þá kallar hún upp og segir:

Sýngi, sýngi svanir mínir,
svo hann Hlini sofni".

Svanirnir súngu, og hann sofnar. Eftir það fara þær að sofa í rekkju þeirri, sem silfurofna ábreiðan var yfir. Um morguninn þegar þær vakna, vekja þær Hlini, og bjóða honum að borða; en hann vildi ekki; því næst spyr hin ýngri hann, hvort hann vilji ekki eiga sig; en hann

---

[1] að áliðnu: að áliðnum degi 'ud på dagen'. [2] silfurofin ábreiða: sölvindvævet sængetæppe. [3] tekur eftir: lægger mærke til. [4] stórskornar (af skorinn): egl. 'stort skåren, formet', 'vældig store'. [5] fussum fei: fy, fy, fy.

neitar því sem áður. Þá svæfa þær hann á sama hátt og fyrri, og fara síðan burtu úr hellinum.

Þegar þær eru farnar fyrir lítilli stundu, fer Signý úr fylgsni sínu og vekur kóngsson, einsog skessurnar höfðu að farið; síðan heilsar hún honum, en hann tekur kveðju hennar vingjarnlega og spyr hana frjetta. Hún segir honum alt af ljetta[1], og um harm þann, sem faðir hans beri eftir hann. Síðan spyr hún hann um hagi hans, en hann segir, að þegar hann hafi orðið viðskila við hirðmenn föður síns, hafi hann hitt tvær skessur, og hafi þær farið með sig þángað; önnur þeirra hafi ætlað að neyða sig til að eiga sig, einsog hún hafi heyrt, en hann hafi ávalt aftekið[2] það. „Nú skaltu", segir Signý, „þegar skessan spyr þig í kvöld, hvort þú viljir ekki eiga sig, játast henni með því móti, að hún segi þjer, hvað ritað sje á rekkjurnar, og hvað þær sjeu að gera á daginn". Þetta þykir kóngssyni óskaráð. Eftir það tók hann tafl og bauð henni að tefla við sig, og tefldu þau til kvölds. En þegar rökkva tók, svæfði hún hann og fór í fylgsni sitt. Litlu síðar heyrir hún, að skessurnar koma og ösla[3] inn í hellinn með fuglakippu. Kveykja þær upp eld, og fer hin eldri að matreiða, en sú ýngri fer yfir að rekkjunni og vekur Hlini og spyr hann, hvort hann vilji borða. Hann þiggur það. Þegar hann er búinn að því, spyr hún hann, hvort hann vilji ekki eiga sig. Hann segist vilja það, ef hún segi sjer, hvað rúnirnar þýði, sem sjeu á rekkjunum. Hún segir, að á þeim standi:

„Renni, renni rekkja mín
hvert sem maður vill".

Hann lætur vel yfir því[4], en segir að hún verði að vinna meira til og segja sjer, hvað þær hafist að úti á skóginum

---

[1] segja alt af ljetta: egl. 'sige alt med lethed' (ɔ: forekommende), 'fortælle alt, löst og fast'. [2] aftekið: sagt nej dertil. [3] ösla: går kraftig og tungt, kommer farende og trampende. [4] lætur vel yfir því: ytrer sin tilfredshed med dette (denne oplysning).

á daginn. Hún segir, að þær sjeu að veiða dýr og fugla; en þegar þeim verði á milli[1] með það, setjist þær undir eik eina og hendi[2] á milli sín fjöregginu[3] sínu. Hann spyr, hvort nokkuð sje vanfarið[4] með það. Skessan segir, að það megi ekki brotna því þá sjeu þær báðar dauðar. Kóngsson segir, að nú hafi hún gert vel, að segja sjer frá þessu, en hann vilji nú hvílast til morguns; hún biður hann ráða því og svæfir hann síðan. Um morguninn vekur hún hann til að borða, og þiggur hann það. Þá spyr skessan hann, hvort hann vilji ekki koma með þeim út á skóg í dag; en hann segist heldur vilja vera heima. Síðan kveður skessan hann og svæfir, og fara þær að því búnu báðar burtu.

En þegar þær voru farnar fyrir góðum tíma, fer Signý og vekur kóngsson, biður hann að fara á fætur, „og skulum við“, segir hún. „fara út á skóg, þángað sem skessurnar eru. Þú skalt hafa spjót þitt með þjer, og þegar þær fara að kasta fjöregginu á milli sín, skaltu skjóta spjótinu í eggið; en líf þitt liggur við, ef þú hittir ekki“. Kóngssyni þótti þetta óskaráð, og stíga þau síðan bæði upp í rekkjuna og mæla fyrir munni sjer: „Renni, renni rekkja mín út á skóg“. Fer þá rekkjan á stað með þau bæði, og nemur ekki staðar fyrr en úti á skógi við eik eina. Þar heyra þau hlátur mikinn. Signý segir þá við kóngsson, að hann skuli fara upp í eikina, og gjörir hann svo. Sjer hann þá báðar skessurnar undir eikinni, og heldur önnur þeirra á gulleggi og snarar því að hinni. Í sama vetfángi[5] skaut kóngsson spjótinu, og kom það í eggið á fluginu, svo það brotnaði. Við það brá skessunum svo, að þær ultu[6] út af með froðufalli[7]. Fer þá kóngsson ofan úr eikinni, og þau Signý heim í

---

[1] verði á milli: egl. 'der bliver imellem', ɔ: i mellemrummene (ledige stunder). [2] hendi: kaster. [3] fjöregg: livs-æg. [4] vanfarið: vanskeligt (at behandle). [5] vetfáng: öjeblik. [6] ultu: af velta, v. út af 'falde omkuld'. [7] froðufall: egl. 'skum-fald', så at skummet stod dem ud af munden.

hellinn í rekkjunni á sama hátt og áður. Tóku þau nú alt, sem fjemætt[1] var í hellinum, og fyltu með því rekkjurnar báðar. Síðan stigu þau sitt í hvora og þuldu[2] rekkjurúnirnar. En þær runnu heim í garðshorn með þau og allar gersemarnar. Karl og kerlíng fögnuðu þeim vel og báðu þau þar að vera; þau þáðu[3] það og voru þar um nóttina. Snemma morguns daginn eftir fór Signý heim í kóngsríki, gengur fyrir kóng og kveður hann. Kóngur spyr, hver hún sje. Hún segist vera karlsdóttir úr garðshorni, og spyr, hverju hann vilji launa sjer, ef hún geti fært honum son hans heilan á hófi[4]. Kóngur segir, að það bíði[5] engra svara, hún muni varla finna hann, þar sem engum af sínum mönnum hafi tekist það. Signý spyr, hvort hann vilji ekki leyfa sjer að taka sömu laun fyrir það og hann hafi heitið öðrum, ef hún geti fundið son hans. Hann segir að svo skuli vera. Signý fer þá aftur heim í garðshorn og biður kóngsson að fylgja sjer heim í kóngshöll, og það gerir hann. Leiðir hún hann svo inn í höllina og fyrir kóng. Kóngur fagnar vel syni sínum og biður hann að setjast sjer til hægri handar og segja, hvað á dagana hafi drifið[6], frá því hann viltist frá mönnum sínum. Kóngsson sest þá í hásæti hjá föður sínum og býður Signýju að sitja á aðra hlið sjer, og segir svo frá sögunni, einsog hún hafði gengið, og að þessi kvennmaður sje lífgjafi sinn, sem hafi leyst sig úr trölla höndum. Síðan stendur Hlini upp, gengur fyrir föður sinn og biður hann að leyfa sjer að taka þessa stúlku sjer fyrir konu. Kóngur leyfir það gjarnan og lætur þegar stofna til veislu, og býður til hennar öllum höfðíngjum ríkis sins. Stóð brúðkaupið í

---

[1] fjemætt (af -mætur 'som kan vurderes'): værdifuldt. [2] þuldu (af þylja): fremsagde. [3] þáðu (af þiggja), yngre form for þágu. [4] heilan á hófi: i god behold, sund og rask. [5] bíði: her, behøver. [6] á dagana hafi drifið: egl. er sket i dagenes løb, (hvorledes) det er gået ham og hvad han har oplevet.

viku, og að því enduðu fór hver heim til sín, og lofuðu allir örlæti kóngs, er hafði leyst þá út með góðum gjöfum. En kóngsson og Signý unnust vel og lengi. Þar með endast þessi saga.

Sálin má ei fyrir utan kross.

Einu sinni var niðursetukerlíng[1] á Skarðsströnd innanverðri, en á miðri Ströndinni heitir bær á Krossi; en tveim bæjarleiðum utar er Ballará. Nú kom, sem lög gera ráð fyrir, að hreppaskilum[2] um haustið, og þá er sveitarómögum[3] skift niður á bæji og hlaust svo til, að setja átti kerlínguna niður á Ballará. En þegar kerlíng heyrði þetta, varð hún hamslaus[4], svo engu varð við hana tætt[5], og sagðist aldrei skyldi þángað fara ódregin og lifandi. Var þá gengið á[6] kerlíngu hvað að henni gengi, og því[7] hana hrylti svo við[8] að fara á þenna bæ, grandlaus og meinlaus kerlíngarkind, sem aldrei hafði látið í sjer krimta[9], hvernig sem með hana var farið. Þá kom upp úr kafinu[10] hjá kerlíngu, að hún hafði einhvern tíma heyrt súngið í Hallgríms sálmum:

> Sálin má ei fyrir utan kross
> öðlast á himnum dýrðar hnoss".

Þetta skildi kerlíng svo að hljóðaði upp á Skarðsströnd og yrði enginn sæll, sem þar byggi fyrir utan Kross, en fyrir innan Kross þóttist hún óhult um sálu sína.

---

[1] niðursetukerlíng: gammelt (kvindeligt) fattiglem. [2] hreppaskil (af hreppur = kommune): afgörelse af sager mellem kommuner. [3] sveitarómagi: fattiglem. [4] hamslaus: ude af sig selv. [5] engu—tætt: hun ikke kunde tales til rette (tæta við = have med én at göre). [6] gengið á: indtrængende spurgt om. [7] því: hví, 'hvorfor'. [8] hana hrylti við: hun gyste så for (af hrylla, af hrollur = gysen). [9] látið í sjer krimta: havde knyet (krimta = give lyd fra sig). [10] kom — kafinu: egl. 'kom op fra dybet', ɔ: åbenbaredes det.

Hvað hjet hún móðir hans Jesús?

Einu sinni voru tvær kerlíngar á bæ, og hófst önnur þeirra upp úr eins manns hljóði[1] um jólaleytið eftir lestur[2] og sagði við hina kerlínguna: „hvað hjet hún móðir hans Jesús?“ „Og hún hjet Máríá“, sagði hin. „Og ekki hjet hún Máríá“. „Og hvað hjet hún þá?“ sagði hin. „Og veistu ekki, hvað hún móðir hans Jesús hjet? hún hjet Finna“. „Finna?“ sagði hin. „Víst hjet hún Finna, heyrðirðu ekki hvað súngið var í sálminum:

Í því húsi úngan svein
og hans móður finna;

hjet hún þá ekki Finna?“ Kerlíngin ljet aldrei af sínu máli, að hún hefði heitið Finna, og sjeu þær ekki dauðar, eru þær að deila um þetta enn í dag.

---

2. Jón Thóroddsen.

Af Piltur og stúlka.

Á austanverðu Íslandi liggur hjerað eitt mikið og fagurt, er ..... hjerað heitir, þar gjörðist saga sú, er hjer skal rituð. Hjerað þetta er allfjölbyggt, en var þó betur bæjum skipað á dögum Síðu-Halls[3], og sjest nú víða að eins fyrir tóftum[4], þar sem sögurnar segja að verið hafi vel hýst[5] höfðingjasetur. Sjón er sögu ríkari, en eigi vitum vjer hvað veldur. Þeir sem rita og ritað hafa um landsins gagn og nauðsynjar, verða ekki á eitt

---

[1] hófst — hljóði: egl. 'hævede sig op (ɔ: sin stemme) af én mands lyd (tavshed)', om én, der pludselig, når alle andre tier, siger noget. [2] lestur: egl. 'læsning', ɔ: (efter at) en prædiken var oplæst (om gudstjæneste på selve gården). [3] Síðu-Hallur: en berömt hövding omkring år 1000. [4] sjest ... fyrir tóftum: ses mærker efter (rester af) gårde. [5] hýst: husede, prægtig opførte.

sáttir um það efni; ætla nokkrir, að hin fögru býli hafi lagst í eyði fyrir sakir ódugnaðar landsmanna, og hafa það til síns máls[1], að eins sje landið nú „fagurt og frítt“ sem á fyrri öldum, þegar Norðmenn tóku sjer þar bólfestu, og enn sje þar víða byggilegt sem ekki er byggt. Þá eru aðrir, sem kenna hafísnum og timbureklunni[2] um, að landið sje strjálbygðara[3] nú en á tíundu og elleftu öld; segja þeir, að um þær mundir hafi enginn hafís komið, en landið verið skógi vaxið frá fjalli til fjöru, og nægur húsaviður hvervetna. Það má vel vera, að hvorirtveggja hafi að nokkru leyti satt að mæla, en ekki á mál það að dæma hjer á þíngi, fyrir því að annað er efni bæklíngs þessa.

Upp af hjeraði því, er vjer um gátum, gengur dalur einn mikill og breiður, sem .... dalur heitir. Fram af dal[4] þessum liggja aftur tveir minni dalir, er vjer köllum Fögrudali. Fagridalur hinn eystri er allur vaxinn víði[5] og vafinn[6] í grasi; landskostir eru þar góðir, en vetrarríki[7] í meira lagi. Dalurinn er þráðbeinn; fjöllin að honum ekki há; hlíðarnar iðgrænar á sumrin, og nær því klettalausar; hjer og hvar kvíslast smálækir og gil ofan um hjallana. Eftir miðjum dalnum fellur á mikil, það er jökulvatn[8] lygnt og þó ekki afarbreitt. Sá sem stendur um morgunstund við dalbotninn, í björtu sumarveðri, við upprás sólar, þegar skuggamyndirnar eru að þokast undan[9] sólarbirtunni, og lítur yfir dalinn endilángan, mun ekki geta bundist þeirra orða: Fagur ertu dalur fósturjarðar minnar! hjer vil jeg beinin bera[10].

---

[1] hafa til síns máls: har det som beviser for hvad de meddeler. [2] tímbur-eklunni: tømmermangelen. [3] strjálbygðara (af strjálbygður): mere spredt befolket. [4] Fram af dal: indad fra denne dal (ɔ: længere ind i landet). [5] víði (af víðir): pil (salix) [6] vafinn (af vefja): tæt bevokset. [7] vetrar-ríki: vinter-strænghed. [8] jökulvatn: fra jökler strömmende elv. [9] þokast undan: viger for. [10] beinin bera: egl. 'bære', ɔ: lægge, mine ben, dø og begraves.

Sex bæjir eru í Fagradal eystri, og heita fremstu[1] bæjirnir Indriðahóll og Sigríðartúnga, og standa því nær hvor á móti öðrum, sinn hvoru megin árinnar. Litlar samgöngur voru millum bæja þessara; sinn átti hverja kirkjusókn, og sinn var í hverjum hrepp. Áin er óvíða reið þar í dalnum, og fá vöð eru þar á henni; á veturna leggur hana í mestu aftökum[2], en ekki fjölgaði milliferðum fyrir það, með því bændurnir voru heldur engir vinir; hver bjó að sínu[3] og hafði mest mök við sína sveitúnga. Enginn nábúakritur var þó með þeim bændunum; áin skar svo skýrt og greinilega úr landamerkjum hvorratveggja jarðanna, að aldrei gátu risið deilur út úr átroðníngi[4] eða slæjubletti, sem vant er að vera hneyxlunarhella[5] nágranna á Íslandi; en forlögin höfðu hagað því svo til, að bóndinn á Indriðahóli hafði hreppstjórn á hendi í sinni sveit, og í Sigríðartúngu bjó og hreppstjóri. Nú þótt menn sjeu vænir[6], sem hlut eiga að málum, má það margt verða í sveitarsökum, er sitt líst hverjum; hefur það og lengi mælt verið, að fátækrastjórnin sundri hreppstjórunum en samtengi þá ekki, og svo fór hjer einnig. Í lángan aldur höfðu hreppstjórar þessir gengið í friði og spekt hvor hjá öðrum á leið lífsins og hreppstjórnarinnar, þángað til steinn kom í götuna, en það var kerlíngarskepna gömul og slitin; enginn maður vissi með sönnu að segja, hvar hún var í heiminn borin, og sjálf mundi hún ekki fyrir víst, hvað hún hafði heyrt um það. Nú fóru menn að rannsaka ritníngarnar[7], það er að skilja kirkjubækurnar í Sigríðartúnguhrepp og Indriðahólshrepp, en þá tók málið algjörlega að flókna[8]; í Indriðahólssveitar kirkjubók

---

[1] fremstu: inderste (nærmest fjældene). [2] í mestu aftökum: når frosten er allerstærkest (jfr aftakaveður = voldsomt uvejr). [3] bjó að sínu; levede ved (og for) sit. [4] átroðníngur: det at den enes eller den andens kvæg søger føde i den andens land. [5] hneyxlunarhella: anstødssten, årsag til strid. [6] vænir: velvillige og brave. [7] ritníngarnar: egl. skriften, her: ældre dokumenter. [8] flókna: blive indviklet.

fundu þeir nafn, og líktist fyrsti stafurinn í því upphafsstafnum í heiti kerlíngar, en að öðru leyti var nafnið máð og ritað með sortubleki[1]; þótti bændum í Hólshrepp ísjárvert[2] að gjöra kerlíngu þar sveitlæga[3] eftir svo óljósu handriti. Í Túnguhrepps kirkjubók var hundrað ára eyða, og sögðu sveitarmenn að, eftir kirkjubókinni að dæma, væri eins líklegt að hún ætti ekki sveit þar í hrepp. Þá skyldi sýslumaður skera úr þrætunni og var honum ritað af hreppstjórunum. Sýslumanni varð heldur ógreitt um[4] svarið, en svo búið mátti ekki standa, og tekur hreppstjórinn í Sigríðartúngu það ráð, að hann flytur kerlíngu með tilstyrk sveitarmanna á Indriðahólshrepp. Hreppstjórinn þar bregður skjótt við, safnar að sjer mönnum, og lætur flytja hana um hæl yfir að Sigríðartúngu. Bænum í Sigríðartúngu var lokað, þegar sást til fararinnar, og fyrirbauð hreppstjóri nokkrum manni að vera svo djarfur að ljúka upp. Hinir skildu kerlíngu eptir á hlaðinu, en ekki var bærinn opnaður fyrr en Hólhreppíngar voru farnir burtu fyrir góðri stundu. Þetta var á miðri jólaföstu, og var veður fremur kalt fyrir gamalmenni, og var farið að slá að[5] kerlíngu, þegar komið var út til hennar; sagði Bjarni hreppstjóri, að best væri að velgja dálítinn mjólksopa ofan í hana áður en farið væri með hana aftur. „Flytjið þið mig nú hvert sem þið viljið skepnurnar mínar!“ sagði kerlíng, „en guð fyrirgefi kónginum, nú situr hann og drekkur kaffi og brennivín og veit ekki hvað hjer gjörist“; þetta voru síðustu orð hennar hjer í heimi.

Ekki fór eins fyrir hreppstjórum þessum, einsog þeim Heródes og Pílatus forðum, að þeir yrðu vinir á þeim sama degi sem kerlíng fór á milli þeirra; aldrei

---

[1] sortublek: blæk lavet af sorta (etslags jordart) og sortulýng (arctostaphylus uva ursi); herom kan henvises til Egg. Ólafssons Rejsebeskriv. s. 173-74. [2] ísjárvert: betænkeligt. [3] sveitlægur: hørende — som fattiglem — til en (bestemt) kommune. [4] varð ógreitt um: fandt ikke hurtig ud af (hvad han skulde svare). [5] var farið að slá að: var begyndt at fryse.

greri um heilt[1] með þeim eftir þenna þráflutníng[2]; þeir sáust að sönnu opt á mannfundum og ypptu höttum hvor að öðrum, en ekki var það fyrir vináttusakir, heldur af lotníngu fyrir embættinu; þeir rituðu stundum hvor öðrum til um hitt og þetta, sem snerti sveitastjórnirnar, og töluðust oft við, og kallaði þá hvor annan signor í hverju orði, en ekki kom það heldur til af góðu, heldur hinu, að hvor um sig hugsaði: „Sje hann ekki signor, þá getur og verið efi á um það, hvort jeg sje signor eða ekki“.

Hreppstjórakonurnar þektust lítið, en ekki var það allsjaldan, að þær spyrðu gesti og gángandi hvor um aðra; ekki var það af umhyggju eða velvild sprottið[3], heldur af metnaði[4] niðrí[5], vildi hvorug vera annarar eftirbátur, þar eð þær hefðu jafnar mannvirðíngar[6]. Hreppstjórar þessir voru báðir góðir efnamenn[7]; hreppstjóri Jón átti Indriðahólinn, en Sigríðartúnga var konúngsjörð, þar hafði hreppstjóri Bjarni búið allan sinn búskap; ekki átti hann jarðir en vel af lausafje. Jón á Hóli átti einn son, er Indriði hjet, hann var þá tíu vetra er saga þessi gjörðist. Indriði var snemma fríður sýnum og vaxinn vel, og afbragð þótti hann jafnaldra sinna fyrir styrkleika sakir, enda lifði hann ekki á moðunum[8] hjá móður sinni; aldrei var svo hart um mjólk á Hóli, að Indriði yrði ekki að fá pott af spenvolgri[9] nýmjólk í hvert mál, og þetta kom mergnum í kögglana[10] á honum; ötull[11] var hann og framgjarn til hvers sem gjöra var, nema að læra spurníngarnar[12], þó var nú því starfi svo

---

[1] greri um heilt: blev det godt igen (af gróa = gro, heles). [2] þráflutníngur: trodstransport. [3] sprottið (af spretta): opstået, havende sin grund i. [4] metnaður: ærgærrig kappelyst. [5] niðrí = niðri í ɔ: i deres bryst, hjærte. [6] mannvirðíng: social stilling. [7] efnamenn: bemidlede mænd. [8] moð: egl. høaffald, her mad-affald, dårlig mad. [9] spenvolgur: egl. 'pattevarm' (af speni). [10] kögglana (af köggull): de enkelte led (især fingerled). [11] ötull: dygtig og ivrig. [12] spurníngarnar: egl. 'spörsmålene', ɔ: katekismen (på grund af formen: spörsmål og svar).

lángt komið, að hann kunni þær allar vel, nema sjötta kapítulann[1], sem flestum verður örðugur. Mesta yndi og ánægja Indriða var jafnan að vera eitthvað að tálga[2], og því næst að sinna um[3] fje föður síns. Hann var skyggn vel og fóthvatur, og heppnaðist betur en flestum öðrum fjárgæsla, og fann oft þegar vantaði þar sem aðrir voru frá gengnir leitinni[4]. Eina á átti hann móbotnótta[5] að lit, hún hafði verið gefin honum í tannfje, og var allra mesta heppnisskepna; hún var tvílembd á hverju vori, og sögðu menn Indriða fjesælan verða mundu; seldi Indriði lömbin á hverju hausti fyrir penínga, er móðir hans varðveitti fyrir hann. Nú var Botna orðin svo farin og lasburða[6], að hún mátti ekki lengur fylgja fjenu eður bíta gras til holda[7], þó hásumar væri, en ellidauð átti hún að verða, því hafði Indriði heitið; var hún því höfð á baðstofugólfi og gefin mjólk sem barni með pípu, en studd út í hlaðbrekkuna, þegar best og blíðast var veður.

Þau Bjarni í Sigríðartúngu áttu þrjú börn; Ragnheiður hjet hið elsta, og var hún gefin bóndamanni þar í sveitinni; son áttu þau er Ormur hjet; hann hafði Bjarni til læríngar sett, og var hann með föður sínum á sumrum en í heimaskóla[8] á vetrum; móðir hans unni honum mikið, og vildi að hann yrði prestur, og varla hafði Ormur numið svo mikið í latínu-máli, að hann gæti sett tvö orð gallalaust saman, áður móðir hans fór að telja saman lambsfóður[9] og preststíundir á bestu brauðunum[10], sem hún þekti, og jafna öllu saman, til að vita, um hvert brauðið hann Ormur sinn skyldi biðja.

---

[1] sjötta kap.: ɔ: det 6. kapitel (det længste) i Balles lærebog. [2] tálga: snitte. [3] sinna um: sörge for, passe. [4] frá gengnir leitinni: havde opgivet at søge videre. [5] móbotnóttur: brun på bryst og mave. [6] lasburða: afsvækket, affældig. [7] til holda: for at blive fed. [8] heimaskóli: hjemmeskole (ɔ: privat undervisning, især hos en præst). [9] lambsfóður: lam-fodring (præsten kunde anbringe lammene hos sognets bønder om vinteren). [10] brauð: her ‘præstekald’.

Yngsta barn hjónanna í Sigríðartúngu hjet Sigríður, það var móðurnafn[1] bónda, og þótti honum harla vænt um hana, en ekki hafði hún jafnmikið ástríki af móður sinni; galt hún þess hjá móðurinni sem hún naut hjá föðurnum, það er nafnsins, og þess að hana svipaði í ætt til föðurömmu sinnar; sagði Ingveldur oft við sjálfa sig, þegar hún leit framan í barnið: „Er það ekki eins og jeg sjái sneypuna[2] hana tengdamóður mína þarna lifandi?“

það er nú þessu næst að segja, að þetta sumar var það ætlunarverk[3] Indriða á Hóli, að hann skyldi smala[4] á morgnana, en sitja hjá[4] á daginn; beitarlandið frá Hóli er fram um dalinn, en upprekstrarland bænda og afrjetti[5] fremst í dalbotninum. Kvífjenu[6] var haldið fram um[7] Grænuhjalla, og þar sat Indriði hjá, og varð honum aldrei vant úr hjásetunni, en örðugar gekk honum að vakna á morgnana svo snemma sem þurfti, og var í fyrstu ekki ugglaust, að faðir hans yrði að vekja hann á stundum nokkuð hvatskeytlega[8]; líður svo fram að slætti, tekur þá fjeð að spekjast, en Indriði að venjast við að fara nógu snemma á fætur.

Í Sigríðartúngu varð það til tíðinda einn morgun á nýbyrjuðum túnaslætti, að rekja[9] var góð, og var Bjarni bóndi genginn heim úr slægjunni[10], og sjer að Ormur sonur hans sefur enn; þá voru liðin dagmál[11]; segir hann þá við Íngveldi konu sína:

---

[1] var móðurnafn ɔ: var opkaldt efter moderen. [2] sneypuna: her uegenl. om en person; egl. ‘udskældning, forhånelse, foragtelig person’ (verb. sneypa ‘irettesætte, skænde på’). [3] ætlunarverk: bestemt, tiltænkt, gærning. [4] smala: samle fårene og drive dem hjem til malkning; sitja hjá = sidde ved, passe på (ɔ: ude i græsgangene = beitarland). [5] afrjetti: (fjeld) græsgang. [6] kvífje: ‘fold-fårene’. d. v. s. hunfårene, der drives i fold og malkes. [7] haldið fram um: drevet til og henover. [8] hvatskeytlega: rask og ret eftertrykkelig. [9] rekja: fugtighed (altså netop godt at slå). [10] slægja: det stykke land, der i öjeblikket bliver slået. [11] dagmál ɔ: tiden ved kl. 9.

„Seint stígur Ormur frændi úr rekkju, og líst mjer að þú vekir hann til skattsins[1], hann gjörir ekki annað hvort sem er en matast; nú er hann þegar sextán vetra og kann þó ekki að bera ljá í gras; margur myndi mæla það, að þroski hans sje svo mikill orðinn, að hann gæti hjakkað[2] af einhverjum þúfnakollinum, þar sem allir aðrir eru eitthvað að gjöra".

„Og jæa! honum þykir gott að lúra á morgnana rýjunni[3], enda mun verða önnur iðja og ákvörðun hans en að gánga út í túnið með karlmönnunum að orfinu".

„Bíddu nú við! hann er ekki orðinn klerkur enn þá; mjer sýnist þeir verði ekki allir prestar sem kent er".

„Vissi jeg það, að hann Ormur minn yrði ekki prestur", segir Ingveldur, „þá skyldi jeg ekki hafa eggjað þig á að láta kenna honum, en jeg vona að guð minn góður heyri mína bæn, og láti hann verða prest og komast á eitthvert gott brauð hjerna einhverstaðar nálægt okkur, og heldurðu þá að hann þurfi að slíta sjer út við orfið?"

„Ekki tekur til[4] nema þurfi, og er honum engin skömm eða skaði að kunna til verka; en það er ekki í fyrsta sinni, að þú mælir alt eftir[5] honum".

„Eins og þú eftir henni Siggu".

„Þetta er nú barn enn þá krakkinn[6], og er ekki von til að hún geti miklu af kastað".

„Hún gæti þó setið hjá, stelpan, á daginn, þetta varð jeg að gjöra á hennar aldri, og hennar Guðrúnar þarf jeg við heima við bæjinn".

Um þetta kýttu[7] þau hjónin nokkra stund, en sá varð endir málanna, að Ormur fór með föður sínum út í tún, og voru honum fengnir nokkrir þúfnakollar til að

---

[1] skattur: frukost. [2] hjakka: hugge uden rigtig at forstå det (og især om at hugge mange gange på samme plet). [3] rýjunni (af rýja, egl. et afrevet stykke töj), her brugt i bet. 'dreng, gut'. [4] ekki tekur til: man griber ikke til (en udvej). [5] mælir eftir: undskylder. [6] krakkinn: barn (både dreng og pige). [7] kýttu: mundhuggedes.

reyna sig við; en Sigríður litla varð í fyrsta sinni að labba eftir fjenu fram fjárgötur, fremur hrygg í huga, með askinn[1] sinn í hendinni. Hún var þá á níunda árinu, og heldur lítil vexti eftir aldri. Móðir hennar hvíslaði að henni áður en hún fór á stað: „Þú verður hýdd[2] kindin þín[3], ef þú kemur of snemma heim í kvöld, eða ef þú týnir nokkru af fjenu“. Guðrún vinnukona var látin fara með henni til þess að sýna henni, hvar hún ætti að halda fjenu til haga. „Vertu ekki að skæla[4] telpa[5] mín“, sagði Guðrún, „þú þarft ekki að hræðast huldufólkið[6] á dalnum, það gjörir þjer ekkert mein“. Þessi huggunarorð voru ekki til annars en að rifja upp[7] fyrir Sigríði allar sögurnar, sem hún hafði heyrt um Álfhól[8] og hann Draugahvamm[9], það voru tvö örnefni þar á dalnum. Að lítilli stundu voru kindurnar runnar fram eftir götunum; en er þær voru komnar þar sem grænu hjallarnir[10] breiðast út, tóku þær að dreifa sjer um börðin[11] og lágarnar[12] og fóru að bíta blómgresið.

„Hjerna áttu nú Sigga mín! að láta fjeð vera“, segir Guðrún, „þú átt að hafa gætur á, að það hverfi ekki upp af brúninni[13], en fram eptir hlíðinni er óhætt að það fari; þú skalt ekki hnappsitja[14] það, því þá dettur úr því nytin[15]; þegar forsælan[16] er komin ofan í slakkann[17] þarna, þá er tími til fyrir þig að fara að hóa því saman[18], og gáðu að, að ekki verði eftir í lautunum; varaðu þig á henni stóru Bíldu[19], hún er vön að læðast upp með

---

[1] askur: madkar (især til suppe, grød). [2] hýdd (af hýða): får prygl. [3] kindin þín: her omtr. = dit utyske. [4] skæla: græde. [5] telpa: for stelpa = pige. [6] huldufólk: egl. 'det skjulte folk', ɔ: elver (isl. álfar). [7] rifja upp: genkalde i erindringen. [8] Álfhól: Elverhöj. [9] Draugahvamm: Spøgelsedal. [10] hjalli: fjældafsats. [11] börðin: de fremspringende (fjæld)kanter. [12] lág: fordybning. [13] brún: den øverste (synlige) fjældkant. [14] hnappsitja: holde sammen i en klynge (hnappur). [15] nytin: mælken (den mælk, der kommer for hver malkning). [16] forsælan: skyggen. [17] slakki: fordybning. [18] hóa saman: drive sammen, samle (ved at råbe: hó). [19] Bílda: et får, der er bíldótt ɔ:, hvidt med sorte öjenbryn.

gilinu, og hefur gjört mjer það tvisvar sinnum, svo jeg varð að elta hana upp á fjall, skituna[1] þá arna; sigaðu[2] honum Lubba[3] ekki mikið á ærnar, honum er hætt við að hrifsa í[4] þær, og vertu nú sæl!"

„Æ! farðu ekki undir eins frá mjer Gunna mín!" sagði Sigríður litla hálfkjökrandi[5], „jeg dey út af úr hræðslu og leiðindum".

„Vertu ekki að neinu voli[6] stelpan þín!" sagði Guðrún og reif sig af henni og hljóp sem fætur toguðu, og var horfin á svipstundu. Brjóst Sigríðar litlu þrútnaði þá af svo miklum ekka, að henni fanst það ætlaði að spríngа; tárin flutu niður um litlu kinnarnar; henni sortnaði fyrir augum, en fæturnir gátu ekki valdið þúnga líkamans; hún hnje niður þar sem hún stóð, og grúfði sig niður að jörðinni og grjet hátt; loksins varð hún svo þreytt af að gráta, að hún sofnaði út af, og þá dreymdi hana, að henni þótti koma til sín maður í hvítum klæðum, hann strauk um augun á henni, og mælti: „Jesús Kristur huggar góðu börnin, sem gráta"; við þetta vaknaði hún, og varð henni það fyrst, að hún þreifaði með hendinni um kinn sjer, og fann að hún var ekki vot, en nokkuð sár og býsna heit, einnig fann hún til dálítils höfuðverkjar; brjóst hennar var ljettara, og hjartað barðist ekki af ekka[7], en enn þá stirndi[8] í bláu augun litlu; sá sem þá hefði komið í lautina þar sem Sigríður sat, og litið í augu hennar, mundi hafa sagt við sjálfan sig: „Hvernig stendur á því, að sólin blessuð, sem skinið hefur hjer í allan dag, hefur ekki getað þerrað daggperlurnar af bláfjólunum tveimur, sem

---

[1] skituna (af skita, egl. 'diarré og = skitur 'ekskrementer'): det forbistrede får. [2] siga: ophidse, sende (hunden) ud (for at drive fårene). [3] Lubbi: egl. 'den lådne'. [4] hrifsa í: gribe fat i, bide. [5] hálfkjökrandi: egl. halvt-grædende, med gråd i stemmen. [4] vol: jamren; det hele kunde gengives: 'lad være med at skabe dig' (sagt i en hvas tone, derfor her: stelpan, ikke telpan). [7] ekka: beklemthed. [8] stirndi: egl. 'lyste som stjærne', (öjnene tindrede endnu tårevåde).

allra fallegastar eru hjerna í brekkunni". Ótti sá og skelfíng, sem verið hafði í Sigríði litlu áður en hún sofnaði, var nú að miklu leyti horfinn, eða hafði ekki ráðrúm til að vinna á hana[1], því hún var nú að hugsa um það, sem hana hafði dreymt; hún setti sig síðan niður í brekkuna og fór að lesa bænir sínar, og las þær upp aftur og aftur, og fanst henni nú sem hún fengi af því nokkra hugsvölun; en er þetta hafði gengið nokkra hríð, heyrðist henni alt í einu sem hundar geltu hins vegar í dalnum; hún reis þá á fætur og gekk upp á hæð eina, sem stóð þar nálægt brekkunni og litaðist um; alt var kyrt og tómt í dalnum; sólin var farin að lækka á himninum, og kvöldskuggarnir voru farnir að færast ofan eftir vestari hlíðinni, og nærri því komnir ofan í slakkann. Sá þá Sigríður, að hún hafði sofið furðu lengi, og datt henni nú í hug það sem Guðrún hafði sagt henni, að hún skyldi fara að reka fjeð saman, þegar forsælan væri komin ofan í slakkann; en sem hún nú var að hugsa um þetta með sjer, varð henni litið[2] yfir um ána, og í hvamm einn þar á móti; þar var hóll einn í miðjum hvamminum og grár steinn efst á hólnum, og sýndist Sigríði piltur svartklæddur koma út úr honum, og hverfa skjótara en auga væri rent[3], upp eptir hvamminum. Nú fór Sigríði ekki að lítast vel á blikuna, og vildi nú sem fyrst vera komin burt úr dalnum; hjarta hennar fór að berjast um í brjóstinu af hræðslu, en í sama bili heyrir hún hóað hinumegin í dalnum svo hátt, að ómaði[4] í báðum hlíðunum. Lubbi Sigríðar hafði legið um daginn þar í brekkunni fram á lappir sínar[5] ekki langt frá Sigríði, en er hann heyrði hóið[6] bergmála[7] í klettunum, stökk hann upp, hristi sig og bretti eyrun, og tók alt í einu undir sig fætur og

---

[1] vinna á hana: betage, overvælde hende. [2] varð henni litið: kom hun til at se. [3] auga væri rent: kunde lade öjet løbe (auga er dativ). [4] ómaði: genlød. [5] liggja fram á lappir sínar: 'ligge ud på sine poter', ɔ: ligge med fremstrakte ben. [6] hóið: råbet 'hó'. [7] bergmála: genlyde.

var horfinn Sigríði á svipstundu. Kindurnar stukku úr hlíðargeirunum[1] og hlupu allar saman í einn hnapp rjett hjá brekkunni. Sigríður tók þá í skyndi að kasta á þær tölu, og taldist henni enga vanta. Meðan Sigríður var að telja var forsælan komin ofan í slakkann, og fór hún þá að reka heim, og kom með fjeð á bólið[2] í þann mund, sem vant var að mjalta á kvöldin og var engrar áar vant; þótti mönnum Sigríði litlu hefði tekist vel hjásetan í fyrsta sinni.

Næsta dag, er Sigríður skyldi sitja hjá, fór hún ekki eins hrygg á stað, einsog hinn fyrra daginn; þó gat hún ekki gjört að sjer allajafna á leiðinni fram eftir að vera að hugsa um álfafólkið á dalnum og um sauðsvarta drenginn, sem hún hafði sjeð daginn áður. Þegar hún kom í brekkuna þar sem hún hafði verið daginn áður, settist hún niður, lagði að sjer hendur, og fór að lesa bænir sínar; en er hún hafði lesið um hríð, varð henni litið yfir ána, sjer hún þá hvar rann þjettur fjárhópur fram með ánni hinu megin, en eftir fjárhóp þessum fór piltur dálítill, á stærð við þann, sem hún hafði sjeð daginn áður, en pilturinn var ekki eins klæddur, hann var á hvítum brókum og svartri peysu[3] með röndótta húfu á höfðinu. Sigríður starði á hann um stund, en sagði síðan við sjálfa sig: „Piltur þessi getur ekki verið álfabarn, það verður að vera einhver smalapiltur“. Úr brekkunni, sem Sigríður var í, var allskamt ofan að ánni; áin var þar ekki breið og fjell þar fram á millum tveggja klettasnasa[4], er hófust lítið eitt upp yfir árbakkana. Sigríður gekk fram á snösina sín megin og stóð þar. Kindurnar liðu hægt og hægt og smábítandi undan piltinum, en hann fór spölkorn[5] á eftir; og er hann kemur þar móts við, sem Sigríður

---

[1] hlíðargeirunum: af geiri, her ‘langstrakt græsbevokset stykke’. [2] bólið (kvíaból): her ‘fårefolden’ (malkepladsen). [3] peysa: tröje. [4] kletta-snös: klippepynt, fremstående klippe. [5] spölkorn: lille stykke vej (af spölur = vejstykke).

stóð við ána, verður honum litið yfir um, og sjer að þar stendur kvennmaður ekki allstórvaxinn; hann nemur þá staðar og starir um stund á hana, en hleypur síðan fram að ánni og kallar á Sigríði og spyr hana að heiti.

„Sigga Bjarnadóttir heiti jeg“.

„Smalar þú þar í Túngu?“

„Jeg á að sitja hjá; en hvað heitir þú?“

„Indriði frá Hóli heiti jeg, og sit hjá einsog þú“.

„Leiðist þjer ekki að sitja hjá einn saman?“

„O nei! ekki svo mikið þegar gott er veðrið, en hvar er húsið þitt?“

„Jeg á ekkert hús enn þá hjerna fram frá; átt þú nokkuð hús?“

„Já hjerna inn í hvamminum, og þar sit jeg á daginn og er að smíða, það er svo stórt, að við gætum verið þar bæði, og staðið upprjett; en það er ilt að þú getur ekki komið yfir um til mín, þá skyldum við leika okkur saman, því jeg sje að þú ert lítil einsog jeg, eða leiðist þjer ekki á daginn þar sem þú átt ekkert hús?“

„Jú, mjer leiðist ósköp“, segir Sigríður, „og svo er jeg svo hrædd við álfafólkið, sem kvað vera[1] hjerna á dalnum“.

„Hjer er ekkert álfafólk, held jeg“, sagði Indriði, „eða hefurðu sjeð nokkuð af því?“

„Já, jeg sá í gær svartan strák svo ljótan skjótast þarna út úr gráa steininum, sem stendur þarna inn í hvamminum“.

„Þar er enginn grár steinn! það er húsið mitt, sem stendur þarna á hólnum, kelli[2] mín! og það hefur líklega verið jeg, sem þú sást; en nú verð jeg að fara og hóa kindunum dálítið lengra fram eftir og svo kem jeg aftur, því mjer þykir gaman að tala við þig“.

---

[1] kvað vera: man siger er. [2] kelli: forkortet af kerlíng, her i lidt overlegen, men venlig tone (kunde måske gengives ved ‘tøs’).

3. Benedikt Gröndal.

Af Heljarslóðarorrusta.

En er þessir hlutir ágerðust[1], þá sá Napóleon, að eigi mátti svo búið standa[2], og með því hann þóttist eiga sín að hefna, þá hugsar hann með sjálfum sjer, að best muni vera að fara sjálfur og herja. Hann vaknar snemma einn morgun; var sól komin upp fögur og skínandi í heiði[3], og skein á sóleyjarnar[4], sem Napóleon hafði í urtapottum í gluggum sínum; þær sóleyjar hafði Evgenía einu sinni tínt á votengi[5], meðan Napóleon var á rjúpnaveiðum. Nú lágu þau bæði í rúminu, Napóleon og Evgenía, og rumskaði[6] Napóleon fyrst og tók í handlegginn á Evgeníu. „Hvað ertu að klípa mig“, sagði Evgenía. „Jeg ætla að fara að stríða“, sagði Napóleon. „Þarftu endilega að klípa mig fyrir það“, sagði Evgenía. „Þú verður að fara á fætur og gá að[7] fötunum mínum, Evgenía“, sagði Napóleon, og reis upp við. Þá fór Evgenía á knjen fyrst og sagði: „ja jeg ætla að klæða mig fyrst og fylgja þjer á leið“. „Gerðu það“, sagði Napóleon, „jeg ætla að liggja hjerna á meðan og hugsa mig um stríðið“. Nú steig Evgenía yfir Napóleon, því hún lá fyrir ofan[8], en litli prinsinn svaf í dálítilli ruggu[9] fyrir framan rúmið. Svo kom hún ofan á gólfið; það var lagt alt með spesíum og koparpeníngum og mikið furðuverk. Nú færði Evgenía sig fyrst í hnjáskjól[10] úr mjallahvítu og sárfínu vaðmáli, sem unnið var austur í Kasimír; það hafði verið saumað tólf sinnum hvað eftir annað og aldrei líkað; loksins var það ekki rakið[11] upp, og þótti þó

---

[1] ágerðust: tiltog (i styrke). [2] að eigi — standa: at det ikke kunde stå således artet ɔ: at noget måtte der göres. [3] í heiði: på den skyfri (blå) himmel (af heið ntr.). [4] sóley: ranunkel. [5] votengi: fugtig eng. [6] rumskaði: rørte på sig (som nyvågnet). [7] gá að: undersøge (om de er istand). [8] lá fyrir ofan: lå oven for (ham) ɔ: ved væggen. [9] rugga: vugge. [10] hnjáskjól: egl. ‘knæskjul’, skört ned til knæene. [11] rakið (af rekja) upp: pillet op ɔ: tråden pillet ud igen.

þröngt um mjaðmirnar, en nú varð svo að vera. Þá fór Evgenía í silkibuxur utan yfir hnjáskjólið, og tók síðan upp krínólínuna sína, sem hún var vön að hvolfa á spesíugólfið á nóttunni. Hún steypti krínólínunni yfir höfuðið á sjer, en krínólínan seig hátignarlega[1] ofan að mittinu á keisarafrúnni, og söng í. Síðan gekk Evgenía að speglinum og greiddi sjer með gullkambi, og ljet hríngina í eyrun og á fíngurna á sjer; Napóleon hafði gefi henni alla þessa hríngi, á meðan hann var að ná henni[2]. Þá setti hún upp skó á fæturna; þessir skór voru úr demanti, og hafði Napóleon náð skónum af flugdreka, sem hann vann á í Ameríku, og gaf hann Evgeníu skóna. „Hvaða skelfíng ertu lengi Evgenía", sagði Napóleon. „Nú er jeg búin", sagði Evgenía, en það vantar axlabandahnapp[3] í buxurnar þínar; jeg ætla að festa hann á snöggvast". Svo festi hún hnappinn í buxurnar, og nú fór Napóleon að klæða sig. Evgenía fór fram[4] og sagði að maðurinn sinn ætlaði í stríðið. Þá komu tuttugu riddarar inn með alvæpni, brynjur, hjálma, skildi, brynhosur, spjót og stálhúfur, svo Napóleon gæti valið af því hvað sem hann vildi til að berja á Þjóðverjanum með. Nú fór Napóleon fyrst í nærbuxurnar og sokkana, það voru náttúrlega silkisokkar, en þar utanyfir fór hann í þykkva duggarabandssokka[5], svo honum skyldi ekki verða kalt á fótunum á leiðinni. Þá fór Napóleon í silkibuxur, og þar utan yfir í þykkar vaðmálsbuxur norðan úr Skagafirði; þær buxur hafði Gaimarð[6] gefið Napóleoni í sumargjöf, sama daginn og Marmier gaf Lamartine hrútinn, en Gaimarð hafði eignast buxurnar á Íslandsferðinni miklu. Napóleon fór í ógurlegar stríðs-

---

[1] hátignarlega: majestætisk. [2] að ná henni: egl. 'få fat i hende', ɔ: bejlede til hende. [3] axlabanda- egl. 'skulderbånd', ɔ: seler. [4] fór fram: gik ud (snarest om at gå ud i køkkenet). [5] duggaraband: groft garn (af duggari = en der er på en dugga = fiskerjagt; det grove garn anvendtes især til sømandströjer). [6] Gaimarð: en fransk videnskabsmand, der havde været på Island.

rosabullur[1]; þær náðu upp í klof og brökuðu svo hátt, að heyrðist suður í Róm, sem Gissur kvað:

Gekk ótrauðr
gýgjar hami[2]
studdr stillir[3]
fyrir storðar[4] jöðrum;
en böl-brestir[5]
bláan skelfdu
reginturn[6]
í Rómi suðr.

Hjer er sagt, að keisarinn sje studdur gýgjar hami, því að rosabullurnar voru gerðar úr tröllkonuhúð. Þá tröllkonu drap Napóleon norður á Heiðarskógi[7]. Síðan fór Napóleon í silkiskyrtu, sem Evgenía hafði saumað í meydómi og ætlaði sjálf að hafa; en þegar hún lofaðist Napóleoni, þá gaf hún honum skyrtuna, svo nú var skyrtan á keisara herðum, en ekki á meyjarbrjósti. Þar utan yfir fór Napóleon í duggarapeysu; þá peysu[8] hafði Þjóðólfur[9] tekið af Ófeigi[10] í Fjalli dauðum upp í borgun fyrir hrossalýsíngu[11], og sendi Napóleoni peysuna að gjöf; varð Napóleon allfeginn, því að á peysunni vann engin hríð nje væta, og ekkert sverð beit á hana nema þrem sinnum hefði verið manns bani. Þá tók Napóleon eina brynju og fór í; hún var skínandi fögur og ofin úr höggorma rifjum, og gullrekin[12] suður í Miklagarði; þá brynju hafði Amúrates hinn fjórði borið og haft alla jafna sigur í: sú brynja var metin tólf hundruð hundraða[13]. Hjálm setti hann á höfuð sjer, hann var allur úr gulli og

---

[1] stríðsrosabullur: egl. 'krigs-stövler'; rosabullur kaldes stövler, der går op over knæet. [2] gýgjar hami: jættekvindehud (stövlerne var af en sådan); studdur (af styðja): støttet (af, ved). [3] stillir: fyrste. [4] storðar (af storð): jordens. [5] böl-brestir: ulykke (varslende) brag. [6] reginturn: vældigt tårn. [7] Heiðarskógur: ɔ: på Hedemarken. [8] peysa: tröje. [9] Þjóðólfur ɔ: islandsk avis (hovedavisen i Reykjavik). [10] Ófeigur ɔ: en bonde (Fjall, gårdsnavn). [11] hrossalýsing ɔ: bekendtgörelse (i avisen) om en tabt hest. [12] gullrekin: besat med guld(plader). [13] hundrað ɔ: den gamle isl. værdibetegnelse (hundred alen vadmel).

blástáli og skein af sem af sólu; þann hjálm hafði Napóleon tekið af blámanna[1] konúngi í Austurvegi[2] og vó hann þar margan mann; sá hjálmur vó tíu vættir[3]. Skjöld tók Napóleon á arm sjer; á þeim skildi var markaður ari með gulli, en skjöldurinn var hvítur sem skjall[4] og söng fyrir[5] vígum, og svo varð nú. Þá tók Napóleon spjót í hönd sjer; það spjót hafði Finnbogi[6] hinn rammi borið fyrir löngu og vegið margan mann, en nú var falurinn[7] slitinn nokkuð svo, og oddurinn eigi sem hvassastur; en með því spjótið var sigursælt, þá bar Napóleon það fremur öðrum vopnum; [það spjót hafði Persasoldán sent Napóleoni á fimtán úlföldum til að berja á Þjóðverjanum.] — Evgenía sat hjá ruggunni og horfði á allan þenna útbúnað, og setti hana dreyrrauða, er hún heyrði að söng í skildinum, því það var fyrirburður; hún mælti ekki orð, því hún sá að keisarinn hennar var í vígahug. Napóleon var hýr í bragði og glotti einsog ljón, sem lítur yfir músahóp. „Nú skulum við koma út og fá okkur morgunverð“, sagði Napóleon, „hann Pelissier getu haldið[8] á drengnum“. Þá kallaði Evgenía á Pelissier, en hann kom inn, og tók við barninu; en Napóleon og Evgenía gengu út.

Keisarahjónin mættu Thiers í garðinum. Thiers var með fyrsta bindið af uppreistarsögunni[9] og var ófrýnilegur[10] í bragði, því hann hafði fundið prentvillu í bókinni, le fyrir de, og þótti ilt ef mönnum skyldi detta í hug að bera uppreistarsöguna sína saman við Þjóðólf. „Kondu sæll Thiers“, sagði Napóleon. „Komið þjer sælir Napóleon minn“, sagði Thiers. „Nú, hvurnin líst þjer á mig núna“, sagði Napóleon. „Vel“, sagði Thiers. „Eru ekki all-hermannleg vopnin mín“, sagði Napóleon. „Jú“,

[1] blámenn: negre. [2] Austurvegur: her Asien. [3] vættir: af vætt, egl. 'vægt'; 80 pd. [4] skjall: den hvide æggehinde. [5] fyrir (vígum): før ɔ: bebudende. [6] Finnbogi: isl. oldtidshelt. [7] falurinn: spydrøret (hvori skaftet stikkes). [8] haldið á: egl. 'holde på, i sine arme', her: passe. [9] uppreistar-: revolutions. [10] ófrýnilegur: barsk.

sagði Thiers. „Er ekki þetta fallegur hjálmur“, sagði Napóleon. „Jú“, sagði Thiers. „Hvurnin þykir þjer ljónið málað á hann? Er ekki vinstri fóturinn á því nokkuð stuttur“, sagði Napóleon. „Jú“, sagði Thiers. „Er ekki þetta laglegt spjót“, sagði Napóleon. „Jú“, sagði Thiers. „Eru ekki rosabullurnar mínar vígamannlegar“, sagði Napóleon, „Jú“, sagði Thiers. „Er ekki brynjan mín liðleg“[1], sagði Napóleon. „Jú“, sagði Thiers. „Svo hef jeg helvíta mikla duggarapeysu af Ófeigi í Fjalli innanundir, sem Þjóðólfur hefur gefið mjer“, sagði Napóleon. „Það er svo“, sagði Thiers. „Jeg held jeg verði ekki votur í þessari peysu“, sagði Napóleon. „So“, sagði Thiers. „Nú hvaða andskoti[2] ertu fúll[3] Thiers“, sagði Napóleon. „Á“[4], sagði Thiers. „Já, þú svarar ekki nema tómum einsatkvæðisorðum“[5], sagði Napóleon. „Hm“, sagði Thiers. „Hvurnin heldurðu þetta fari alt saman“, sagði Napóleon. „Jeg veit ekki“, sagði Thiers. „Jæja, vertu nú sæll Thiers“, sagði Napóleon. „Verið þjer sælir Napóleon minn“, sagði Thiers.

4. Jón Ólafsson.

Frá Ameríku.

Íslendíngur, sem kemur heim frá Ameríku, er varla fyrri stiginn fæti á land á bryggjusporðinn, en honum mæta tvær spurníngar hjá kunníngjunum jafnframt því[6], að þeir heilsa honum og bjóða hann velkominn. Og þær eru náttúrlega þessar:

1. Hvernig hefur þjer nú liðið vestra?
2. Og hvernig líður annars löndum[7] yfir höfuð í Ameríku?

---

[1] liðleg: smidig (siddende godt). [2] andskoti: egl. 'djævel', her adverbielt = fandens. [3] fúll: egl. 'ful', her: i dårligt humör. [4] Á: så. [5] einsatkvæðis-: enstavelses-. [6] jafnframt því: ved siden af det. [7] löndum (af landi): landsmænd.

Fyrri spurníngunni er nú reyndar tiltölulega[1] auðvelt að svara. Hver og einn veit, hvernig honum hefur sjálfum liðið. Og þó er auðvitað[2] ekki auðið að svara því með einu eða tveimur orðum, svo að svarið verði ekki villandi eða misskilið. Ef jeg segi, mjer hafi liðið vel, þá er það skilið svo sem jeg hafi alt af baðað í rósum. Ef jeg segi mjer hafi liðið illa, þá verður það skilið svo sem jeg hafi ekki haft „í mig nje á“ sem kallað er. Ef jeg segi: „og svona upp og niður“, þá þykir það nú reyndar ekki svo ákveðið. Og sama er að segja, ef jeg segi: „og all-bærilega“[3]. Það getur þýtt svo margt. Þegar jeg er spurður: „hvernig hefur þjer liðið síðast liðin 7 ár, síðan þú fórst hjeðan af landi?“ — þá vaknar það fljótt fyrir mjer, að þetta er þó ekki einu sinni svo alls kostar ljett spurníng að svara. Það er svo margt, sem í henni felst, t. d.[4] þetta: hefurðu jafnan haft í viðunanlegum[5] mæli nauðsynlegustu ytri lífsskilyrði, svo sem föt, fæði, húsaskjól og hita? Hefurðu haft nokkur lífs þægindi? Hefur heilsan verið góð? Og loks: hefur þú unað þjer vel og fest yndi?[6] Það þarf ekki meira en það, að einni af þessum spurníngum sje svarað neitandi, til þess að eigi sje auðið að svara aðalspurníngunni („Hefur þjer liðið vel?“) hiklaust játandi.

En sje því þannig ekki auðsvarað í fám orðum, hvernig manni hefur liðið sjálfum, þá er ekki að kynja[7], þó að talsvert vandhæfi[8] sje að svara síðari spurníngunni: Hvernig líður löndum yfir höfuð í Ameríku? — Þá vandast nú málið um greið svör.

Jeg hefi vitaskuld[9] alt af svarað og sagt: „Og upp og niður“.

Það er svo satt sem jeg get í stuttu máli svarað, en það er nokkuð óákveðið.

---

[1] tiltölulega: forholdsvis. [2] auðvitað: naturligvis. [3] allbærilega: nogenlunde tåleligt. [4] t. d. ɔ: til dæmis: for eksempel. [5] viðunanlegur: tilfredsstillende. [6] yndi: tilfredshed (i længden). [7] kynja: undres over. [8] vandhæfi: vanskelighed. [9] vitaskuld: naturligvis (egl. subst. ‘bestemt sag’).

Auðvitað vita það allir, að Ameríka er stór. En hitt er auðsætt á öllu tali manna hjer, að jafnvel þótt margir viti stærðina í mílnatölu, þá er eins og menn eigi örðugt með að setja sjer hana glögt fyrir sjónir. Menn hafa alment hjer ferðast svo lítið, svo tiltölulega stutt, að sá reynslunnar mælikvarði[1], sem ímyndunaraflið[2] hefur við að styðjast, til að gera sjer grein fyrir öðrum eins fjarlægðum einsog eru landshornanna á milli í Ameríku, verður of smár og ónógur til þess að menn geti gert sjer ljósa og lifandi hugmynd um þær.

Við vitum allir, að frá hafi til hafs, t. d. frá New York til San Francisco, eru um 4000 enskar mílur. En 4000 enskar mílur — hvaða vegalengd er það nú eiginlega? það eru auðvitað nálægt 840 mílum dönskum; en hvað lángt er það nú þá? — Einsog menn ferðast hjer lángferðir á Íslandi, er það full-í-lagt[3], að menn fari upp og niður 10 mílur danskar á dag. Og í slíkri lángferð sem frá New York til San Francisco, ef við ættum að ríða leiðina uppá íslensku, þá mundi hvorki mönnum nje hestum veita af að hvíla sig hvern sunnudag. En með því móti yrðum við um 100 daga á leiðinni. þetta er nú vegalengdin beina línu frá austri til vesturs. Og leggi menn saman Canada og Bandaríkin[4], þá verður síst fjarri um[5] vegalengdina á hinn veginn frá norðri til suðurs.

þetta ætti að gera oss nokkru auðveldara að fá gleggri hugmynd um stærð lands þess, sem um er að ræða.

Bandaríkin eru ámóta[6] stór um sig einsog 88 lönd, hvert á stærð við Ísland. Og þó er Canada stærri.

Hjer og hvar um alt þetta landflæmi eru landar okkar í Vesturheimi dreifðir. þeir eru austur við

---

[1] mælikvarði: målestok. [2] ímyndunarafl: fantasiens kraft. [3] full-í-lagt: flot beregnet. [4] Bandaríkin: De forenede stater. [5] síst fjarri um: omtrent den samme udstrækning. [6] ámóta: omtrent.

Atlantshaf; þeir eru í miðju landi, bæði í Canada og Bandaríkjunum; þeir eru vestur í Klettafjöllum[1] og vestur við Kyrrahaf[2] norðarlega og sunnarlega. Þeir eru enda vestur í Alaska og vestur á Sandvíkureyjum.

Af þessu gefur nú að skilja, að landar vestra lifa undir mjög ólíkum lífsskilyrðum. Auk þessa lifa sumir þeirra sveitalífi, aðrir eru í stærri og minni bæjum eða borgum.

Alt þetta gerir vel skiljanlegt, að alls eigi sje auðið að gefa neitt fáort og þó fullnægjandi svar þeirri spurníng, hvernig löndum þar vestra líði alment.

Alt um það getur ófullkomið svar verið betra en ekkert svar, ef leitast er við að hafa það svar sannort[3] og hlutdrægnislaust[4] það sem það nær.

Og þetta vil jeg reyna að gera, að segja yður það sem jeg veit sannast og rjettast. Tilgángur minn er: að lýsa, en hvorki að gylla nje níða.

Það er mikill munur á því, hvort menn búa í sveit eða bæ. Sveitalífið er bæjalífinu næsta ólíkt.

Svo jeg minnist þá fyrst á sveitalífið, þá tek jeg helst tillit til nýbyggða þeirra eða nýlendna, sem Íslendíngar hafa stofnað á ýmsum stöðum; þar búa margir Íslendíngar, í sömu sveit eða sveitum; í einni eða svo eru tómir Íslendíngar, en í flestum þessum nýlendum búa þeir innan um menn af öðrum þjóðernum[5]. Sumstaðar eru þeir fjölmennasta þjóðerni í byggðinni.

Einsog gefur að skilja, er mikill munur á því, hvort byggðirnar eru tiltölulega nýjar eða orðnar nokkuð margra ára gamlar.

Fyrstu íslenskar nýlendur, sem stofnaðar voru vestra, voru í Nova Scotia og í Ontario í Canada. Þær liðu undir lok við það, að þeir Íslendíngar, sem þar settust að, fluttu sig þaðan burt aftur, sumir til Bandaríkjanna,

---

[1] Klettafjöll ɔ: Rocky mountains. [2] Kyrrahaf: Det stille hav. [3] sannort (af -orður): sanddru. [4] hlutdrægnislaust: upartisk. [5] þjóðerni: nationalitet.

en flestir til Nýja-Íslands. En Nýja-Ísland er elst þeirra íslensku nýlendna, sem enn eru við lýði[1] í Ameríku. Það liggur á vesturströnd Winnipeg-vatns, frá suðri til norðurs fram með vatninu, og nyrðst upp með Íslendíngafljóti vestur frá vatninu. Lengd byggðarinnar ætla jeg að sje fram undir 60 mílur enskar, ef jeg man rjett, en vera má að jeg ofhermi þar nokkuð. Mestöll byggðin er eins jarðnæðis[2] breidd að eins frá vatni, þ. e. jaðarinn fram með vatninu er að mestu byggður, en sjerhver jörð liggur að vatninu fram. Að eins örfáar jarðir eru byggðar þar, sem eigi ná að vatni, og liggja þær þá bak við jarðir, sem ná að ströndinni. Byggðin fram með Íslendíngafljóti er þó undantekning frá þessu. Tvær byggðar eyjar heyra Nýja-Íslandi til: Engey og Mikley. Hin fyrri er eitt býli eins manns eign, en í Mikley eru allmargir búendur og er hún þó ekki öll byggð. Land er í N.-Ísl. skógi vaxið og votlent; sökkvandi foröð[3] og mýrar víða, þá er skógurinn er ruddur.

Aðal-atvinnuvegir Ný-Íslendínga eru griparækt[4] og fiskiveiðar. Menn hafa þar dálítið af kindum, og talsvert af nautgripum. Hafa þeir gripi til frálags[5] og selja auk þess burt frá sjer nautgripi og ket.

Sömuleiðis smjer og nokkuð af ull. Ostagerð hygg jeg þar sje engin utan til heimilisþarfa. Með framtíðinni gæti jeg hugsað, að þar gæti komist upp talsverð smjergerð og ostagerð til verslunarvarníngs. Fisk veiða menn bæði til heimilisþarfa og til verslunarvarníngs. Kattfiskur og styrja er mest notað heima fyrir, en hvítfiskurinn er jafnframt verslunarvara, auk þess sem heima er neytt af honum. Mest kveður að[6] vetrarveiðinni; er

---

[1] eru við lýði: er til (við lýði er egl. forvanskning af da. 'ved lige)' [2] jarðnæði: jord, (så stort land som passer til én gård). [3] sökkvandi foröð: bundløse moradser. [4] griparækt: kvægavl (gripir = stórgripir ɔ: kør, jfr kort efter nautgripir). [5] til frálags: til slagtning. [6] kveður að: betydning har.

þá fiskurinn veiddur upp um ís, og er það ekki hlýkustarf[1], er menn liggja við veiðar úti á vatni dögum saman lángt frá heimilum sínum. Hafa menn tjöld á vatninu, og má hafa litla ofna úr járnplötum í tjöldunum, og gerir það vosbúðina[2] bærilegri. Aflann kaupa kaupmenn, mest þeir bræður Stefán og Jóhannes Sigurðssynir, stakir[3] dugnaðar-menn og ráðdeildar-menn[4]. Þeir senda svo fiskinn til Selkirk; er hann fluttur á sleðum eftir ísnum á vatninu og síðan upp eftir Rauðá; er uxum beitt fyrir sleðana, og er það atvinna fyrir marga menn að aka fiskinum þannig til markaðar. Í Selkirk er fiskurinn settur í járnbrautarvagna, og lagður í ís, og sendur svo suður til Bandaríkja, til Detroit, til Chicago eða hvað annað, þangað sem markaður er fyrir hann.

Nógir eru skógar í N.-Ísl. og gæti verið þaðan talsverð timbursala, ef auðvelt væri að koma timbrinu þaðan til markaðar. En því er nú ekki að heilsa. Kornyrkja er lítil sem engin í nýlendunni, en má vera að hún eigi framtíð fyrir sjer; þó mun það nokkuð tvísýnt, hvort landið er lagað til kornyrkju, nema ef til vill til heimilisþarfa.

Þegar jeg kom síðast til Nýja-Íslands fyrir nokkrum árum, var þar til ein einasta sláttuvjel (á Gimli). Annars hjökkuðu allir þar grasið með orfi og ljá upp á íslensku.

Nýja-Ísland er íslenskast að brag[5] af öllum nýlendunum. Menn hafa þar haldið ýmsum fornum vanda í klæðaburði og háttum, sem á öðrum stöðum hlaut að hverfa. Jeg sá þar við kirkju fólk á einkennilega blendnum búníngi, einkum kvennfólkið, úngar stúlkur klæddar einsog mentað fólk klæðist í heiminum yfir höfuð; aðrar í eins konar blendíngi af mentaðs fólks búníngi og hinum hollensku miðaldaleifum, sem menn

---

[1] hlýkustarf: varmt arbejde, arbejde i varme el. lunhed.
[2] vosbúðina: det kolde, strabaserende liv. [3] stakir: egl. 'enestående', udmærkede. [4] ráðdeild: klogskab (i handel og vandel).
[5] að brag: i sit hele væsen.

kalla hjer á landi „íslenskan“ búníng, og sumar alveg á „íslenskum“ búníngi. Sumar með ameríska skó á fótum, aðrar með íslenska skó, verpta eða brydda[1].

Margt er hjer og íslenskara í mataræði[2], en í öðrum íslenskum nýlendum, súr blóðmör[3] og lifrarpylsa, súr svið[4], ósvikinn[5] harðfiskur[6], betri en víðast getur hjer heima, því að hvítfiskurinn er betri hertur, en íslenskur þorskur eða ýsa[7]; og loksins íslenskt skyr[8], ósvikið austfirskt eða norðlenskt skyr með rjóma[9] eða nýmjólk út á. En það er fleira, sem er íslenskara í Nýja-Íslandi en hinum nýlendunum; það er t. d. málið og hugsunarhátturinn, einkum hjá eldra fólkinu. Þar er minna Babelsmál, en annars gerist meðal vor Íslendínga vestra.

Velmegun er þar svipaðri því, sem hjer gerist, heldur en víða annarstaðar. Enginn maður getur þar auðugur heitið, en nokkrir allvel megandi; en allir hafa þar í sig og á. Er það orðtak meðal landa vestra, að enginn deyi úr harðrjetti[10] í Nýja-Íslandi. Því er það og þrautaráðið[11], er hópar alslausra[12] vesturfara koma að heiman og búið er að koma fyrir[13] í bænum því, sem auðið er, og senda út í hinar nýlendurnar það, sem þær þykjast geta við tekið, að verði þá nokkuð eftir, ef til vill stærsti hópurinn og einatt bláfátækasta fólkið, því að hitt gengur fyrst út, þá er það sent til Nýja-Íslands, og það deyr þar aldrei úr harðrjetti, svo er fyrir að þakka agnsemi[14] landsins og hjálpsemi landa, sem fyrir

---

[1] verpta eða brydda: den øverste kant på isl. sko er enten verptur ɔ: kastet (med tråd eller sener) eller bryddur ɔ: forsynet med en hvid påsyt skindstrimmel. [2] mataræði: føde, fødevarer. [3] blóðmör (oftest udtalt: blómur) egl. 'blod-fedt' ɔ: blodpølser. [4] svið: hoveder og fødderne af får, hvoraf hårene først er fjærnede ved sviden (deraf navnet) over ild, hvorpå det hele koges, og opbevares i valle. [5] ósvikinn: ægte. [6] harðfiskur: törfisk. [7] ýsa: kuller. [8] skyr: etsl. tykmælk. [9] rjómi: fløde. [10] harðrjetti: sult. [11] þrautaráð: udvej i nøden. [12] alslausra: alt-manglende. [13] koma fyrir: anbringe. [14] agnsemi: afgrøde (hvad der findes til livets ophold).

eru. En án efa hefur þetta átt ekki lítinn þátt í að seinka framförum nýlendunnar, því að það dregur ekki lítið þrótt úr[1] megun 1600—2000 nýlendubúa, að fá í einu 1—2 hundruð af alslausum vesturförum[2] til að halda lífi í og hjálpa á laggirnar[3]. Húsagerð Ný-Íslendínga er framar öllum vonum, og satt að segja fult eins góð og hún var t. d. í Argyle fyrir 6—7 árum. Það kemur af því, að þeir hafa skóga nóga, og þurfa því ekki timbur að kaupa. Það er verkið eitt, sem það kostar, að byggja þar. Húsin eru auðvitað öll bjálkahús (log cabins). En bjálka-hús geta verið eins stór og hreinleg eins og þiljuhús. Og húsin í N.-Ísl. eru í stærra lagi mörg, eftir því sem hjá nýbyggjum gerist, enda tvíloftuð stöku sinnum.

Að Ný-Íslendíngar eru í mörgu íslenskastir í háttum, kemur af því, að þeir eru alveg afskektir[4] frá öllum öðrum þjóðernum, nema Indíánum, og Indíánarnir standa þeim lægra. Að þeir eru þannig afskektir, kemur af tvennu: byggðin er fjarri öðrum mannabyggðum, og liggja óbyggð svæði og vegleysur milli þeirra og annara manna; þeir fengu og í fyrstu hjá stjórninni einkarjett til landnáms um tíma í byggðarlagi þessu, og þetta einkaleyfi hefur svo hver stjórnin af annari framlengt; halda þeir því enn og eru því einir um hituna[5], svo að enginn maður af öðru þjóðerni á nje getur numið land í byggðinni.

---

[1] draga þrótt úr: egl. 'trække kraften udaf', forringe kraften. [2] vesturförum: af vesturfari, mask., 'en der rejser til Vesten (Amerika)'. [3] hjálpa á laggirnar: hjælpe til selvstændighed; laggirnar: af lögg, egl. falsen i stavene i tønder og kar, hvori bunden indfældes, så 'bunden' i almlh.; det hele altså egl.: 'hjælpe til at noget står (oprejst)'. [4] afskektir: afsondrede. [5] einir um hituna: ene om varmen ɔ: de goder, der er.

5. Einar Hjörleifsson.

Af Vonir.

Islensku innflytjendurnir eru komnir.

Út streyma þeir úr vögnunum, alvarlegir, þrútnir[1], þreytulegir, og, framar öllu öðru, útlendíngslegir[2]. Ekki einsog fólk úr annari heimsálfu, heldur af öðrum hnetti. Karlmennirnir flestir með trefla[3], einstaka maður alveg berhálsaður, og í þessum óumræðilegu[4], íslensku, sniðlausu[5] vaðmálsbuxnahólkum[6], sem eru jafnvíðir, hvar sem á þá er litið. Kvennfólkið þó margfalt undarlegra ásýndum. Sumar með stóra reiðhatta með síðum blæjum[7] aftur á bakið, aðrar með skotthúfuna[8] utan í annari kinninni eða aftur á hvirfli, enn aðrar berhöfðaðar, ógreiddar; sumar í strengdu[9], íslensku peysunni, með sporöskjulagaða[10], hvíta blettinn framan á bríngunni og rauðleitan eða bláleitan borða[11] utan um hálsinn neðanverðan, aðrar í víðum nátttreyjum, gulleitum, bláleitum, rauðleitum eða hvítleitum. Sumar með tvær fljettur hángandi niður eftir bakinu og festar saman neðst á endunum, aðrar með tvöfalda hárfljettubreiðu[12] — endunum nælt[13] aftur upp á höfuðið — líkasta þykkri bót[14], sem saumuð hefði verið fyrir hálsinn aftanverðan og herðarnar. En allar hafa þær hengt á mjaðmirnar þessi svörtu, voðfeldu[15], víðu og þúngu pils, sem einkum og sjerstaklega gefa íslenska búníngnum þann þúnglamalega[16]

---

[1] þrútnir: ophovnede (i ansigtet). [2] útlendíngslegir: fremmedagtige. [3] trefla (af trefill): halstörklæder. [4] óumræðilegu: ubeskrivelige. [5] sniðlausu: uformelige (af snið = tilskåren form, form efter alle kunstens regler). [6] hólkur: cylinderformet rør („rørdannede vadmelsbukser", ɔ: fuldstændig ens vide overalt). [7] blæjum: slør. [8] skotthúfuna: kvast-huen. [9] strengdu: snæver. [10] sporaskja: ellipse. [11] borða: etsl. halstörklæde, „bort". [12] -breiðu: af breiða, subst., 'noget der breder sig' (over en flade). [13] nælt (af næla, af nál = nål): fæstet med nål. [14] bót: lap. [15] voðfeldu: bløde. [16] þúnglamalega: tunge, tyngende.

og klunnalega[1] svip, sem hann hefur, og sem öld fram af öld hafa verið að streitast við að toga mjaðmirnar á íslensku kvennfólki niður á við — sem þeim líklegast tekst á endanum.

Og áfram rogast[2] fólkið, í hitavellunni[3], undir allri fatabyrðinni, sem utan á því er, og undir öðrum byrðum; einstaka maður með fárveika[4] konu í faðminum, allmargir með börn, sjúk og grátandi, allur þorri manna með poka í fánginu, sumt með stóra poka, snmt með litla poka, flest með stóra poka, áfram heldur það að dyrunum á innflytjendahúsinu. En þar fyrir utan dyrnar hafa íslenskir Winnipegmenn fylkt sjer í tvær raðir, þröngur gángur fyrir innflytjendurna milli raðanna. Allir eru þeir ljettklæddir, karlar og konur, þó einkum konurnar. Allir eru glaðlegir og hálfbrosandi, og það er snertur[5] bæði af góðmensku og háði í brosinu — þó meira af góðmensku. Ameríkönsku Íslendíngarnir finna svo innilega til þess, hve íslensku Íslendíngarnir standa lángt fyrir neðan þá, með allan sinn græníngjahátt[6], og alla sína fátækt, og allar sínar skotthúfur, og alla sína trefla. Og þeir vilja svo innilega hjálpa og leiðbeina og fræða og njóta ánægjunnar, sem fylgir því að fá áþreifanlega sönnun fyrir því að það sjeu til verur, sem eru lítilsigldari[7] og varnarminni og grænni en þeir eru sjálfir. Og vandlega er nú gætt framan í[8] hvert einasta andlit. Skyldi maður ekki fá að sjá einhvern gamlan stallbróður eða stallsystur? Skyldi þessi maður og þessi maður og þessi maður, sem von var á, vera í þessum hóp? eða skyldi hann koma seinna? eða skyldi hann ekki hafa getað komist, þegar á átti að herða?[9] Hvernig

---

[1] klunnalega: grove, kejtede, akavet. [2] rogast: går tungt og med anstrængelse. [3] hitavellunni: den stegende hede (vella = kogepunkt). [4] fárveika: meget syg. [5] snertur: et gran. [6] græníngjahátt: udannede væsen (af grænn = grön, umoden). [7] lítilsigldari: ringere, mere hjælpeløse. [8] gætt framan í: tittet, sét ind i. [9] þegar á átti að herða: da det kom til stykket (herða á = göre hårdt, kraftigt).

skyldi nú þessi og þessi líta út, sem maður var alveg viss um að mundi koma í þessum hóp?

Og gángurinn þrengist[1] smám saman af forvitnisákefðinni[2]. Og pokarnir rekast út í þessa lifandi veggi. En í hvert skifti sem þeir snerta einhvern kjól, þá þurka stúlkurnar með vasaklútnum sínum þann blett, sem snortinn hefur verið, þó að ekkert rykkorn hafi komið á hann. Þær þurka ósjálfrátt af sjer íslenskuna, sem hefur hángið við þessa poka.

Innflytjendahúsið fyllist af innflytjendum og áhorfendum. Og nú blandast hvorir innan um aðra. Hvítbláir mousselins-kjólar og gulhvítir grandin-kjólar nuggast[3] upp að svörtum og mórauðum vaðmálstreyjum; svartar klæðis- og vaðmálspeysur og ljósleitar, óhreinar nátttreyjur upp að gljáhvítum vestum og digrum, gyltum keðjum. Silkiskúfurinn íslenski hángir við hliðina á barðabeinum[4], hvítfjöðruðum stráhatti, og álmurnar[5] á laufljettu, snjóhvítu sólhlífunum[6] krækjast í hlýju, íslensku bandtreflana.

En fram með hliðunum sitja konur á bekkjum með börn í fánginu. Sum sofa, önnur sjúga, en flest gráta. Og gamall, lángur og nefstór læknir með sítt skegg á kinnunum gengur fram með bekkjunum og heldur á skeið í annari hendinni, en stóru meðalaglasi í hinni. Hann staðnæmist hjá hverju barni, sem grætur, og segir: „*Sick*“? Og ævinlega er svarað: „*Yes*“. Og svo hellir hann altaf þessu sama meðali[7] úr þessu sama stóra meðalaglasi, fyrst í skeiðina, og svo ofan í barnið. Hvert barn stendur svo fyrst ofurlitla stund á öndinni[8] og reigir sig aftur á bak og svo grætur það enn átakanlegar[9] en áður.

---

[1] þrengist: indsnævres. [2] forvitnis-ákefðinni: nysgærrigheds-voldsomheden. [3] nuggast: gnides. [4] barðabeinum: med lige skygger. [5] álmurnar: ribberne. [6] sólhlíf: parasol. [7] meðal: medicin. [8] stendur á öndinni: står og kan ikke trække vejret. [9] átakanlegar: mere indtrængende, mere føleligt, bitrere.

Og upp frá mannfjöldanum stígur kliður[1], og legst yfir mann, þúngur og deyfandi. Hann svæfir hverja hugsun, lamar hæfileikann[2] til að taka eftir nokkru sjerstöku og aðgreina, gerir mann að fábjána[3] — þángað til málrómur einhvers einstaks eða eitthvert einstakt óp smýgur[4] gegnum kliðinn, inn úr eyrunum á manni og út í hverja einustu taug og skekur mann og kvelur ofurlitla stund. Þá nær maður sjer aftur.

Alt er á iði[5], þó enginn komist þvers fótar, fyrr en eftir lánga mæðu. Þarna stendur einhver, sem maður þarf endilega að ná í; nú datt manni einhver í hug, sem maður þarf endilega að spyrja um. Og svo treður maður ofan á tærnar á næsta náúnga sínum; hann rekur upp hljóð; og svo færir maður sig aftur á bak aftur.

En tiltölulega gánga þó munnarnir mest. Sumstaðar halda kunníngjar sig í hnapp[6] og gera athugasemdir[7]. Sumstaðar heilsast fólk og spyr tíðinda. Og athugasemdirnar og spurníngarnar og hljóðin og hvíið[8] fljettast saman í eina bendu[9]. Á sama augnablikinu sýngur í eyrunum á manni: Komdu nú blessuð og sæl — vertu nú velkominn — kemur hún ekki? — enginn gróður kominn — ís úti fyrir — *halloh* — *how do you do* — *you bet* — *oh my* — *dear me* — nei ert þú komin á hvítan kjól, Gunna! — *God gracious* — og *confounded.*

Ólafur stóð þar í mannþrönginni og litaðist um. Honum var órótt[10]; hann var milli vonar og ótta, því að hann þóttist hafa sjeð Helgu bregða fyrir[11] úti fyrir, en hann var ekki viss um það. Stúlkan, hver sem það nú var, hafði horfið honum á sama augnablikinu. Og hann skimaði[12] og skimaði. Skyldi hún ekki vera þar? Það

[1] kliður: summen. [2] hæfileiki: ævne. [3] fábjáni: idiot. [4] smýgur (af smjúga = smutte): bryder. [5] á iði: i bevægelse. [6] halda sig í hnapp: holder sig i en klump. [7] athugasemdir: bemærkninger. [8] hvíið: hvinene (kollektivt). [9] benda: forvirret hele. [10] honum var órótt: der var uro i hans sind. [11] sjeð H. bregða fyrir: set et glimt af H. (bregða om en hurtig bevægelse). [12] skima: titte (til alle sider), spejde.

var ólíklegt, fanst honum, að hún skyldi ekki hafa komið til að fagna honum, þar sem svo margar aðrar manneskjur höfðu komið þángað í líkum erindum. Honum fanst nálega hver maður hafa hitt hjer vin sinn eða vandamann[1].

Jú, þarna var hún — ja var það nú áreiðanlegt? Var það ekki einhver stúlka undarlega lík henni, en þó alt önnur? Og hann starði á hana, starði svo fast, að hann teygði sig[2] ósjálfrátt í þá áttina, sem hún var, og sá hann hana þó ágætlega, því að hann var hærri en flestir í húsinu, svo að ekkert byrgði hana fyrir sjónum hans; og auk þess var hún skamt frá honum.

Nei, það var ekki Helga — það var ómögulegt að þetta væri Helga. Hún var miklu fölari, þessi undurfallega stúlka í hvíta kjólnum með rauðu borðalykkjunum[3] og með hvíta hattinn með rauðu fjöðrinni. Helga hafði verið rjóð, en hörundsliturinn á kinnunum á þessari stúlku var ljósari en rauðhvítur. Lagleg[4] hafði Helga verið, en eins lagleg einsog þessi stúlka hafði hún þó sannast að segja naumast verið. Það var eitthvað það, fanst honum, við þessa stúlku í hvíta kjólnum, sem gerði það að verkum, að það náði engri átt[5] að hann snerti hana. Hann hafði aldrei orðið var við neitt þess háttar hjá Helgu.

Eða var það að eins hvíti kjóllinn með rauðu borðalykkjunum og hvíti hatturinn með rauðu fjöðrinni, sem hann skirðist fremur við[6] að snerta en peysuna og skotthúfuna? Dæmalaust gátu þær verið líkar, Helga og þessi stúlka. Sami lági, hnellni[7], þriflegi vöxturinn, sama stutta, beina, sterkvaxna nefið, sömu kviklegu, stál-

---

[1] vandamann: pårørende. [2] teygði sig: strakte sig. [3] borðalykkjunum: knyttede borter (af lykkja = løkke). [4] lagleg: kön. [5] náði engri átt: der ikke kunde blive tale om, var helt fjærnt (egl. 'ikke nåde nogen retning'). [6] skirðist við: måtte undgå, undså sig for. [7] hnellni: kraftige (om runde former); af adj. hnellinn.

gráu augun — jú, þetta var Helga — auðvitað var þetta Helga.

Nei, víst var það ekki Helga. Hún talaði alt af ensku, þessi stúlka — ekkert annað en ensku. Honum fanst líklegt, að Helga kynni að vera orðin svo fær í málinu, að hún gæti talað það svona reiprennandi[1]; en að hún hefði komið híngað á innflytjendahúsið til þess að hitta landa sína, nýkomna heiman frá Íslandi, og talaði svo ekkert annað en ensku — og seisei nei[2], það náði engri átt. Því var nú miður, að þetta var ekki Helga. Hún hafði fráleitt[3] komið. — En dæmalaust gat þessi enska stúlka verið lík henni.

Svo heyrði hann sagt til hliðar við hana: „*Say, Nellie*“. Og þá leit þessi stúlka við, og sagði: „*Eh?*“ Það hafði hann heyrt skipverja segja, þegar á þá var yrt og þeir hváðu[4]. En hvað hann gat verið heimskur, að standa þarna og glápa á þessa stúlku, og láta sjer detta í hug, að þetta væri Helga — þetta sem auðsjáanlega var ensk stúlka, sem hjet Nellie.

En undarlegt var það, hvað þetta gat verið líkt henni; t. d. þegar þessi stúlka leit við, þá vingsaði[5] hún herðunum ofurlítið um leið alveg einsog Helga hafði verið vön að gera, þegar hún leit við.

Stúlkan hafði híngað til haldið höndunum niður með hliðunum, svo að Ólafur hafði ekki sjeð þær. Nú dró hún hægri höndina upp að vörunum — snjóhvít sólhlíf með síðu kögri[6] hjekk á höndinni — og hún dró vísifíngurinn eftir vörunum. Ólafi datt þá í hug hríngurinn með glertölunni, sem hann hafði krotað[7] nafnið sitt innaní; hún hafði haft hann á hægri hendinni. Skyldi

---

[1] reiprennandi: egl. 'reb-glidende', om en overmåde stor lethed, hvormed noget foregår. [2] Seisei nei: nej, på íngen måde nej. [3] fráleitt (adv.): aldeles ikke. [4] hváðu (af hvá): forlangte gentagelse (af det sagte, men ikke hørte), 'sagde: hvad behager'. [5] vingsaði: bevægede rask. [6] kögri: frynser. [7] krotað: ridset.

þessi stúlka vera með hríng? — En það gat hann ekki sjeð, því að hún hafði hanska á hendinni.

Honum auðnaðist þó bráðlega að fá að sjá það. Vinstri höndin kom líka upp. Svo stakk hún sólhlífinni undir handkrika[1] sinn. Og svo fór hún að toga hanskann af hægri hendinni. Ólafur stóð á öndinni. Jú víst var hríngurinn á hendinni, á sama fíngrinum — en það var ekki sami hríngurinn, alveg ólíkur hríngur, með mörgum, stórum, glitrandi steinum. — Hvar hafði hún fengið þennan hríng? — Æ, það var satt, það kom honum ekkert við; þetta var ekki Helga, heldur var það ensk stúlka, sem hjet Nellie.

Svo var eitthvað sagt lágt við þessa stúlku, sem hjet Nellie, eitthvað skrítið[2], því að hún kastaði höfðinu upp á við og aftur á bak og hló. Þá opnuðust augu Ólafs til fulls. Þennan hnykk[3] hefði hann þekt, þó að hann hefði ekki sjeð hann í 50 ár; hann hafði brenst inn í sálu hans í kirkjunni hans heima á Íslandi, og farið[4] eftir hann var óafmáanlegt[5], af því að hann hafði staðið í vissu sambandi við sárustu tilfinnínguna, sem til er í hjarta úngra manna — afbrýðisemina[6]. Hann sá það nú svo glögt, að þetta var Helga, að hann skildi ekkert í því, hvernig hann hefði getað efast um það eitt einasta augnablik.

Og nú gat hann ekki stilt sig, ekki beðið eina einustu sekúndu. Þyrpíngin[7] var svo þjett umhverfis hann, að hann komst ekki á augabragði til hennar. En hann kallaði ósjálfrátt upp hátt og hvelt:

„Helga, kondu sæl!“

Hún hrökk saman, leit við og framan í hann[8], og roðnaði — í fyrsta sinni sem hann hafði sjeð hana

---

[1] handkriki: armhule (kriki: afstanden mellem den øverste del af armen og siden). [2] skrítið: morsomt. [3] hnykkur, masc.: ryk. [4] farið: mærket. [5] óafmáanlegt: uudsletteligt. [6] afbrýðisemi: skinsyge. [7] þyrpíngin: den tætte hob. [8] framan í hann: i hans ansigt.

roðna alt í einu[1]. Hún stóð rjett hjá dyrunum; og hún beið ekki boðanna[2], heldur hvarf út um þær á svipstundu.

Hann gat þess þegar til[3] í huga sínum, að hún mundi ekki vilja heilsa honum þarna inni, einsog honum hafði dottið í hug áður um daginn í vagninum. Og honum þótti vænt um það. Hann var þyrstur í að faðma hana, vefja hana upp að sjer, kyssa hana lengi, lengi. Og hann kom sjer ekki að[4] því þar inni, fyrir framan augun á mannfjöldanum.

Og svo sópaði hann þeim burt, sem fyrir honum stóðu, í einni svipan, og þaut á eftir henni út um dyrnar. Í því hann kom út úr dyrunum sá hann hvíta hattinn með rauðu fjöðrinni hverfa fyrir eitt kofahornið[5] fyrir suðaustan innflytjendahúsið. Honum datt allrasnöggvast[6] í hug, að hún hefði flýtt sjer undarlega mikið burt frá húsinu. Hann hafði vonast eftir að hún biði eftir sjer fyrir utan dyrnar; og svo hefðu þau getað orðið samferða á einhvern afvikinn stað. En hann gaf sjer engan tíma til að hugsa um það nákvæmar, heldur hljóp hann, alt hvað af tók[7], að kofahorninu, þar sem hann hafði sjeð hvíta hattinn hverfa. Hann bjóst við að hún mundi bíða hinumegin við það horn.

En hún beið ekki heldur hinumegin við það horn. Hún hjelt áfram austur eftir, og það heldur hratt. Samt náði hann henni bráðlega.

„Ætlarðu ekki að heilsa mjer, Helga?“ sagði hann, þegar hann var kominn á hlið við hana.

Hún leit fyrst á hann, allrasnöggvast, ekki framan í hann, heldur um brjóstið á honum. Svo leit hún

---

[1] alt í einu: pludselig. [2] beið ekki boðanna: egl. 'væntede ikke på befalingen', ɔ: skyndte síg bort alt hvad hun kunde. [3] gat til: formodede, tænkte sig. [4] koma sjer að: få sig til. [5] fyrir eitt kofahornið: om et hytte-hjörne. [6] allra snöggvast: et öjeblik. [7] alt hvað af tók: alt hvad benene kunde.

allrasnöggvast í kríngum sig. Enginn var sjáanlegur; gatan var ekki fjölfarin. Svo sneri hún sjer að honum og sagði:

„Jú, náttúrlega. Kondu sæll, Ólafur. Hvernig líður þjer?“

Ólafur fann ósjálfrátt, að það var tilgerðar- og vandræða-keimur[1] í rómnum; það verkaði á hann, lagði band á tilfinníngar hans. Hann lángaði til að segja eitthvað af því, sem honum bjó í brjósti, en hann gat það ekki. Hann gat ekkert sagt, nema:

„Og svona nokkurn veginn — þakka þjer fyrir“.

Svo gekk hann við hliðina á henni dálitla stund, og bæði steinþögðu þau. Þau voru óneitanlega illa saman valin, eins og þau gengu þarna eftir stjettinni[2]. Hann lángur, herðalotinn[3], allur kræklóttur[4], og bar sig[5] hörmulega; íslenskt vaðmálskaskeiti[6] á höfðinu, trefill um hálsinn í kappmellu[7], vaðmálstreyjan og vaðmálsbuxurnar sniðlausar, og íslenskir leðurskór á fótunum. Hún lágvaxin, þjettvaxin, snoturleg[8], klædd hvítum sumarfötum eftir síðustu tískublöðum[9], með snjóhvíta, lángkögraða sólhlíf yfir höfðinu.

Þegar þau höfðu gengið þannig dálitla stund, fór henni að verða órótt. Hún fór að horfa í kríng um sig, því að þau voru komin nærri þeim parti bæjarins, sem sífeld umferð er um. Hvernig átti hún að losna við hann? Hún var í standandi vandræðum, hún kom sjer svo illa að[10] því að yrða á hann. En hún herti sig upp[11], því að einhver ráð varð að hafa.

---

[1] tilgerðar- og vandræða-keimur: unaturlig (tilgerð = noget påtaget, skrömt) og forlegen tone (keimur egl. = smag). [2] stjettinni: fortovet = gángstjett. [3] herðalotinn: ludende i skuldrene. [4] kræklóttur: kroget. [5] bar sig: førte sig (om holdningen). [6] kaskeiti: kasket. [7] í kappmellu: således at enderne er stukne ind i det sammenlagte (lange) halstörklædes løkke. [8] snoturleg: nydelig. [9] tískublöð: modeblade. [10] kom sjer illa að: kunde dårlig bekvemme sig til. [11] herti sig upp: tog mod til sig.

„Heyrðu, hvert ætlarðu að fara, Ólafur?“ sagði hún.

Hann var hálfgert utan við sig. „Jeg veit ekki“, sagði hann. „Hvert eigum við að fara?“

Hún heyrði á þessu, að honum var alvara með að sleppa henni ekki. Hún vildi ekki beita við hann hörku, því hún hálfkendi í brjósti um[1] hann. En hún var svo dauðhrædd um að einhver mundi sjá þau saman, ef til vill einhver enskur maður, sem hún þekti, og henni fanst sem hún gæti ekki af borið[2] þá smán. Hann var svo afkáralegur[3] og hlægilegur.

„Þjer er nú lángbest að fara heim aftur á emígrantahúsið“, sagði hún. „Þú kant að villast annars“.

Þá náði hann sjer aftur. „Þú ætlar þó ekki að yfirgefa mig undir eins, svona fyrsta daginn?“ sagði hann.

„*Good graces*, Ólafur“, sagði hún óþolinmóðlega. „Heldurðu jeg hafi tíma til að hánga yfir þjer allan daginn? Jeg er búin að vera alt of lengi úti“.

Þessar viðtökur voru svo alt öðruvísi en hann hafði búist við, að hann varð gripinn af skelfíngu, dauðans ótta.

„Þú ætlar þó ekki að — að — að — svíkja[4] mig, Helga?“ sagði hann. „Jeg sleppi þjer ekki“. — Og svo staðnæmdist hann frammi fyrir henni og tók í handlegginn á henni.

Hann hefur víst tekið fastara í handlegginn en hann hefur ætlað sjer eða viljað, því hún rak upp sárt hljóð.

„Ólafur, Ólafur! Ertu að verða vitlaus, Ólafur?“ æpti hún.

Hann linaði[5] á tökunum, en slepti þó ekki að heldur. Henni varð það fyrst fyrir, þegar hún fann draga úr sársaukanum, að líta í kríng um sig. Og þá var einmitt það fram komið, sem hún óttaðist mest í

---

[1] kendi í brjósti um: følte medlidenhed med. [2] af borið: bære, overleve. [3] afkáralegur: afstikkende, frastødende. [4] svíkja: svigte, spec. om 'at hæve en forlovelse'. [5] linaði á: gjorde svagere.

heiminum. Enskur maður, sem hún þekti, stóð á gángstjettinni hinumegin á strætinu, og horfði á þau glottandi[1].

Hún varð svo hrygg og reið, að hana lángaði bæði til að gráta og berja hann. Henni fanst það svo óumræðilega illa gert af honum að baka[2] henni þessa smán, þar sem hún hafði þó í raun og veru kent í brjósti um hann. Hana lángaði til að ausa yfir hann illyrðum, mörgum, mörgum, lengi, lengi. En hún fann engin önnur orð í huga sínum en þessi:

„Jeg hefi andstygð[3] á þjer, durgurinn[4] þinn, og ef þú ekki sleppir á auga-lifandi-bili, þá kalla jeg á pólitíið og læt setja þig inn“. Svo sleit hún sig af honum og hljóp á burt.

Og þar stóð hann eftir agndofa[5]. Ekki hryggur og ekki reiður, heldur lamaður. Það bólaði ekki á[6] nokkurri hugsun hjá honum, ekki fremur en ljóskersstaurnum[7], sem stóð rjett við hlið hans. Hann var allsendis hugsunarlaus og tilfinníngarlaus. Hann starði á eftir henni, án þess hann hefði hugmynd um, hvar hann væri, eða hvað hann væri að einblína[8] á. Svo hvarf hún fyrir götuhorn. Honum fanst óljóst einsog eitthvað breytast þá; en hann vissi ekkert, hvað það var, sem breyttist — og hann hjelt áfram að blína í sömu áttina. Þá varð fyrir augunum á honum vagn og hestur fyrir. Hann fór að blína á vagninn. Svo var vagninum ekið burt. Þá fór hann að blína á rautt krítarstrik, sem dregið var á hvítan timburvegg hinumegin við það sem vagninn hafði verið. Og á krítarstrikið horfði hann lengi; það hljóp ekki burt frá honum.

En hann þreyttist að standa í sömu sporum; hann fór að finna til verkja í kálfunum[9] og upp í hnjesbætur-

---

[1] glottandi: hånlig smilende. [2] baka: forvolde. [3] andstygð: modbydelighed. [4] durgurinn: tølper. [5] agndofa: lamslået. [6] bólaði ekki á: dukkede ikke op (bóla subst. egl. en blære, der viser sig på vandets overflade, når noget kastes ned deri; deraf verbet). [7] ljóskers-staurnum: lygte-pælen. [8] einblína: stirre. [9] kálfunum (af kálfi): tyklæg.

nar. Hann færði sig því ósjálfrátt dálítið til og hætti að blína á rauða krítarstrikið. Og nú fór hann smátt og smátt að ránka við sjer[1]. Hann fór að muna eftir því óljóst, að Helga hefði verið hjá honum, og hefði verið eitthvað vond við hann. Og svo rann alt í einu upp fyrir honum með voðalegum skýrleik, hvernig ástatt[2] var.

Hann lagði af stað út í þennan ókunnuga bæ, án þess hann hefði hugmynd um, hvað hann var að fara. Og nú þutu hugsanirnar upp í huga hans, en þó ekki nærri því jafnótt einsog þær höfðu gert í vagninum áður um daginn.

---

6. Gestur Pálsson.

Af Sagan af Sigurði formanni.

Haustvertíðin[3] í Víkinni hafði verið sú besta, sem elstu menn mundu eftir, hlaðfiski[4] að kalla mátti oftast nær, þegar róið var, og gæftirnar[5] furðanlegar, þó umhleypíngasamt[6] nokkuð þætti á milli.

Mestur aflamaður[7] í Víkinni það haustið var Sigurður frá Bæ, elsti sonur ekkjunnar þar. Hann var 20 vetra gamall, og þótti fyrirtak[8] úngra manna þar um sveitir að burðum[9] og lagni[10] til sjómensku. Þetta haust hafði hann í fyrsta sinni verið á skipi og fanst[11] mönnum mikið um, hve vel hefði tekist. Sigurður var tröll-

---

[1] ránka við sjer: komme til sig selv. [2] ástatt: fat. [3] Haustvertíð: fiskeritiden om efteråret (beg. i slutn. af sept.). [4] hlaðfiski: fuld ladning af fisk. [5] gæftir: vejr til at ro i. [6] umhleypíngasamt: ustadigt (vejr). [7] aflamaður: af afli = fangst. [8] fyrirtak: en der udmærker sig. [9] burðum: legemlig dygtighed. [10] lagni (udt. læ-): egnethed. [11] fanst um: beundredes.

vaxinn maður, ákaflega herðabreiður og lítið eitt lotinn í herðum, hinn þreklegasti á velli, en þó góðmannlegur og stillilegur.

Sigurður átti bróður, er Einar hjet og var árinu ýngri en hann. Einar var háseti[1] hjá bróður sínum, en var honum í mörgu ólíkur. Einar var grannur vexti og veikbygður, ekki hraustur fyrir brjósti og þoldi lítt stritvinnu[2]; þó var hann fjörmaður mikill, kátur í lund og mesti æríngi[3].

Sigurður aftur á móti var fremur þurr á manninn og tók lítt þátt í leikum með öðrum úngum mönnum, sem[4] þó var mikið um þar í verinu[5], því hvern landlegudag var fult á melunum fyrir ofan verbúðirnar af vermönnum að leikum; þar var farið í bændaglímur[6], tusk og ryskíngar[7] og ýmislegt þess kyns; þar var henst á hnútum og hnýfilyrðum[8] og svo steinum, ef annað svar lá ekki á hraðbergi[9]. Stundum var líka þeim, sem mest kunnu í rímum[10], safnað saman úr allri veiðistöðinni í eina búð og svo var farið að kveðast á[11].

Yfir höfuð var við slík tækifæri alt það gert, sem úngum og fjörugum mönnum getur dottið í hug til þess að stytta sjer stundir og auka fjörið.

Þó þeir bræður væru í mörgu ólíkir, fjell ið besta á með þeim. Sigurður fór með Einar lángt um fremur einsog hann væri sonur hans en ýngri bróðir. Þegar

---

[1] háseti: svarer til 'matros'. [2] stritvinna: anstrængende arbejde. [3] æríngi: galfrans. [4] sem — um: som dog var hyppige. [5] ver: fiskerplads. [6] bændaglímur: brydning, hvor to parter (med hver sin 'bonde' i spidsen) stod mod hinanden. [7] tusk og ryskíngar: brydekampe og basketag (i spøg). [8] hnútum og hnýfilyrðum: skoser og spøgefulde ord (af noget maliciøs art); hnúta egl. 'benknokkel'. [9] liggja á hraðbergi: være forhånden. [10] rímum (af ríma): digtcykler (over sagaer og lign.). [11] kveðast á: 'fremsige vers gensidigt'; legen bestod i, at én fremsiger et (4-linj-et vers) og en anden et andet, der begynder med samme lyd som den førstes endte med; den, der endelig ikke huskede et vers der begyndte med den krævede lyd, havde tabt.

Einar var lasinn, sem oft kom fyrir, þá var Sigurður svo nærgætinn[1] við hann og hjúkraði honum nærri því einsog barni. Einar unni líka bróður sínum hugástum og þótti ekkert ráð nema hann rjeði.

Í einu voru þeir bræður líkir, og það var, að báðir voru þeir myrkfælnir. Sigurður var þó nærri því verri en Einar, því hann þorði ekki um þvert hús, einsog menn segja, þegar dimt var orðið. Það var oft hent gaman að[2] myrkfælni þeirra bræðra, einkum Sigurðar, sem von var, því hann var mesta heljarmenni[3] til burða; en hann hafði jafnan þá afsökun á hraðbergi, að sjer væri ekki meira að vera myrkfælnum en Gretti.

Þessi myrkfælni bræðranna átti þó, einsog flest annað, ógnar eðlilega rót. Þeir voru úr mestu hjátrúar sveit. Þar var fjöldi af Mórum[4] og mergð af Skottum, sem allir sáu og heyrðu til, jafnt skygnir sem óskygnir. Við gömlu draugana bættust líka nærri því jafnmargir nýir draugar einsog menn dóu í sveitinni; þegar öndin var liðin af einhverjum manni, þá gekk hann jafnharðan ljósum logum[5], ekki einu sinni til allra ættíngja, kunníngja og nágranna, heldur líka fram og aftur um alla sveitina; ef einhver fór ferða sinna út af heimilinu, þar sem hann hafði dáið, þá hafði draugurinn alt af tíma til að fylgja honum, hvert sem hann fór, og gerði sjer það svo til gamans, að koma á undan honum á hvern bæ og stytta sjer þar stundir með því að reka nábleikt höfuðið framan í einhvern, sem stóð úti við og átti sjer einskis ills von, eða þá að ríða húsum og renna sjer svo niður eftir baðstofuhliðinni, binda kýrnar í fjósinu saman á hölunum, slökkva koluna[6] í eldhúsinu, eða strjúka einhverri vinnukonunni um vángann með ískaldri

---

[1] nærgætinn: omhyggelig. [2] henda gaman að: göre löjer med. [3] heljarmenni: overmåde stærk. [4] Mórum (af Móri) og Skottum (af Skotta): forskellige slags genfærd (jfr. Isl. læsest. I). [5] ganga ljósum logum: egl. 'gå i (med) lyse luer', ɔ: vise sig skinbarlig. [6] kola: tranlampe.

hendinni, svo það var nærri því liðið yfir[1] hana. Og stundum, þegar menn í mesta sakleysi ætluðu að taka[2] í nefið og stúngu fíngrunum niður í kyllinn[3] sinn, þá vissu menn ekki af því fyr en þar voru ískaldir fíngur fyrir, sem líka þurftu að fá sjer í nefið. Þegar svo bar við, mátti ætíð gánga að því vísu, að annað hvort mundi maður brátt koma frá einhverjum bænum, þar sem einhver draugurinn hafðist við að staðaldri, eða þá að einhver nákominn ættíngi eða vinur var dáinn og var nú að gánga á milli til að tilkynna vinum og vandamönnum sitt eigið andlát.

Við svona sögur höfðu þeir bræður alist upp frá blautu barnsbeini, svo það var í raun og veru ekki að undra, þótt þeir væru myrkfælnir. Flestir viðburðir, sem menn gátu ekki þreifað á orsökunum til, voru eignaðir draugum; ef hestur fældist í myrkri, þá var það af því að hann hafði sjeð eitthvað óhreint[4]; ef maður viltist í náttmyrkri eða kafaldi[5], þá var vilt um hann; ef einhver undarlegur sjúkdómur kom í einhverja skepnu, þá var það oft og tíðum kent einhverjum draugnum.

Það er vitaskuld, að allir þar í sveitinni voru ekki eins myrkfælnir og Sigurður; en það er eins um myrkfælni og margt annað, að áhrifin eru misjöfn, þótt orsökin sje sú sama.

Nú var komið undir jól, og allir, sem ekki áttu heima í Víkinni, bjuggust til heimferðar.

Þeir bræður, Sigurður og Einar, ætluðu, einsog vant var, heim til móður sinnar og sitja heima fram á Þorrann[6] eða fram að vetrarvertíðinni.

En daginn, sem þeir ætluðu að leggja á stað, varð Einari ilt, svo ekkert varð af ferðinni þann daginn; daginn eftir, sem var Þorláksmessa[7], var Einar reyndar

---

[1] líða yfir: brugt upersonl., 'falde i afmagt'. [2] taka í nefið: snuse. [3] kyllinn (af kyllir): (tobaks) pung. [4] óhreint: urent ɔ: genfærdsagtigt. [5] kafald: snetykning. [6] Þorrann: gammelt navn på en måned (24. jan.—22. febr.). [7] Þorláksmessa: 23. decbr. (den isl. helgen, biskop Torlak, d. 1193).

dálítið skárri, en þó tæplega ferðafær. Bræðurnir vissu nú, að móðir þeirra mundi verða hrædd um þá, ef ferð þeirra drægist fram yfir jólin, en heim áttu þeir tveggja daga ferð, svo ef þeir ætluðu sjer á annað borð[1] að ná heim á aðfángadagskvöldið[2], þá urðu þeir að leggja á stað þann daginn. Einar var reyndar óður og uppvægur[3] að fara, en Sigurður rjeð því, að hann sæti kyrr, og fór með hann heim að bænum í Vík rjett fyrir utan verstöðina og kom honum þar fyrir fram yfir jólin; þá töldu báðir bræðurnir víst, að hann mundi fullhress, og var þá gert ráð fyrir, að hann kæmi heim á eftir bróður sínum.

Sigurður bjóst því einn til heimferðar; móðir hans hafði sent þeim bræðrum einn hest, til að flytja á heim farángur[4] þeirra og þess kyns, en sjálfir áttu þeir að fara fótgángandi, enda var færðin allgóð.

Sigurður kvaddi nú bróður sinn, og þótti Einari sýnilega mikið fyrir að verða eftir, þó svo yrði að vera.

Leiðinni, sem Sigurður átti að fara, var svo háttað, að fyrri dagleiðin lá um sveit, en síðari dagleiðin var Fjarðarheiði og dalirnir með henni. Veður var hið besta, hreinviðri með frosti töluverðu, daginn sem Sigurður lagði á stað úr Víkinni með hest í taumi. Sigurður komst um kvöldið að Heiðarbæ og gisti þar um nóttina.

Um morguninn á aðfángadaginn reis Sigurður upp undir eins og fór að lýsa af degi. Veður var reyndar gott, en bóndi vildi þó, að Sigurður biði þángað til full-ljóst yrði, til þess að geta betur sjeð, hvernig veður mundi ráðast. En Sigurður var óður og uppvægur að komast sem fyrst á stað, því hann sá, að ef hann biði við, þá mundi hann tæplega hafa bjart yfir heiðina, en hann vildi manna síst vera á ferð í myrkri.

Og svo lagði hann strax á stað.

---

[1] á annað borð: overhovedet. [2] aðfángadagskvöld: juleaften. [3] óður og uppvægur: rasende ivrig efter. [4] farángur: bagage.

Honum var einhvernveginn svo ljett um hjartaræturnar og hann var svo glaður í skapi, þegar hann var að fara fram dalinn, einsog mörgum manni er farið, þegar hann er á ferð snemma morguns í góðu veðri, og býst við að komast heim að kvöldi.

Yfir dalnum lá þokukend hálfbirtu-slæða[1], sem alt af var að verða gagnsærri, svo að dældirnar og hæðirnar fóru að koma í ljós, og eftir því sem birti, sá hann, að himininn var heiður og veður mundi fagurt.

Þegar hann kom fremst í dalinn, þar sem vegurinn beygir upp á heiðina, stóð hann við og áði litla hríð og gaf hestinum hey, sem hann hafði fengið með sjer á Heiðarbæ.

Meðan hann stóð þar við, litaðist hann um. Nú var orðið albjart af degi; fyrir neðan hann lá dalurinn stálgrár á að líta, af því að hann var eigi enn orðinn alsnjóa[2]. Beggja vegna við hann risu dökk og tröllsleg hamragljúfur fram með giljunum, sem runnu ofan í dalinn. Þar fyrir ofan skinu snjóhvítar brúnirnar og þar uppi sátu stöku hnjúkar eða hólar, sem litu svo skrítilega út, þegar þeir báru við[3] ljósgulan morgunhimininn. Sumir þeirra hölluðust aftur á bak einsog væru þeir orðnir þreyttir á lángri og marklítilli[4] ævi, og vildu nú halla sjer og hvílast svo til dómsdags, en sumir voru einsog teygðu þeir sig fram yfir dalinn til þess að vera á gægjum[5] og litast eftir, hvort nokkur lifandi vera væri svo fífldjörf að sækja fram dalinn og leita til þeirra fram á fjöllin og firnindin.

Sigurður fann glögt, þó hann gerði sjer ekki grein fyrir því, hvað náttúran var hreinleg og mikilfengleg þarna fram undir óbygðunum, en af því hann var aðgætinn ferðamaður fór hann nú nákvæmlega að líta til veðurs. Það var nærri því logn og himininn var

---

[1] hálfbirtu-slæða: ordret: halvklarheds slør. [2] alsnjóa: helt tilsnet. [3] báru við: sås på baggrund af. [4] marklítilli: betydningsløs. [5] vera á gægjum: være på udkig.

heiður, nema hvað ljósleitur skýflóki hafði sest á kollinn á hæsta hnjúknum yfir dalbotninum.

Sigurður stóð skamma stund við, en fór að halda upp heiðarbrekkurnar; þær eru bæði brattar og háar og ótal sneiðíngar[1] í þeim fram og aftur, enda eru þær svo seinfarnar, að það er ferðamanna mál, að á sumardegi sjeu menn jafnlengi að ríða fram dalinn, þó hann sje ekki stuttur, og að fara upp heiðarbrekkurnar.

Meðan Sigurður var að sneiða upp[2] heiðarbrekkurnar, var hann alt af að gefa skýflókanum fyrir dalsbotninum auga.

Hann tók fljótt eftir því, að skýflókinn fór að stækka. Það var einsog hann margfaldaðist nærri því á augabragði; fyrir neðan hann mynduðust aðrir ljósir skýstöplar[3], og brátt var hnjúkurinn fyrir dalbotninum alþakinn. En það leið ekki á löngu þángað til hinir smærri hnjúkarnir kríng um dalinn fóru líka að fá ljósar skýslæður, og eftir því sem frá leið, fóru þær að færast niður eftir þeim og verða þjettari og dekkri.

Þegar Sigurður var kominn upp á heiðarbrúnina og fór að litast um fram á há-heiðina, gekk hann fljótt úr skugga um, að þar uppi var hríð; hann sá snjóhvíta þjetta bálka vera að veltast þar um, einsog flángsa[4] hver í annan og reyna sig niður á bóginn.

Það var líka töluverð gola á heiðarbrúninni, og vindurinn stóð á móti Sigurði.

Það var ekki trútt um[5], að hálfgerður beygur[6] kæmi í hann, þegar hann leit fram á heiðina, og honum flaug strax í hug: „Það er þó eitt gott, og það er að hann Einar bróðir minn er ekki með mjer“.

Honum flaug snöggvast í hug, að rjettast væri að snúa aftur; en þegar hann hugleiddi það, að hann var nákunnugur veginum á heiðinni og að hann hafði oft

---

[1] sneiðíngar: zigsag-drejninger. [2] sneiða upp: bevæge sig op ad i zigzag. [3] skýstöplar: skysöjler. [4] flángsa: gribe fat. [5] ekki trútt um: ikke langt fra. [6] beygur: angst.

verið þar á ferð í vondu veðri á vetrardegi, þó hann reyndar hefði þá alt af verið öðrum mönnum samferða, þá rjeð hann þó strax af, að halda áfram ferðinni.

Honum datt líka í hug móðir sín heima, og hann vissi það, að hún yrði fjarska hrædd, ef hvorugur þeirra bræðranna kæmi heim, einkum þar sem veðrið var vont. Hann hjelt svo strax á stað fram á heiðina, gekk rösklega og rak hestinn á undan sjer.

En alt af voru ljósu bálkarnir fram á heiðinni að færast nær honum, og hann hafði skamt farið, þegar fór að slíta úr honum[1] á hann; þegar hann leit aftur á bak, sá hann að hríðin[2] var komin á dalbrúnina líka, og eftir því sem hann hjelt áfram, var sjóndeildar-hríngurinn í kríng um hann alt af að smáminka; snjórokurnar[3] veltu sjer utan að honum, þyrluðust í kríng um hann og þutu svo áfram drynjandi, því alt af var að hvessa; á allar hliðar við sig sá hann sama snjóbálkinn, þjettan og dökkan, sem alt af var að færast nær iðandi og hvínandi undan storminum.

Það fór hrollur um Sigurð, þegar hann hugsaði um, hvernig þessi heiðarför mundi enda.

Og var það ekki von!

Ef nokkuð er til hrikalegt[4] og voðalegt á þessu mannrauna-landi, þá er það það, að vera aleinn á ferð uppi á reginfjöllum[5] í blindbyl[6].

Menn tala svo oft um, að okkar líf hjer sje eintómt stríð við náttúruna.

Og þó er það í raun og veru ekkert stríð, vegna þess, að náttúruna sigrar enginn og getur enginn haft von um að sigra; en þegar annar málsaðili[7] enga von hefur að sigra hinn, þá verður aldrei neitt úr stríði.

---

[1] slíta úr honum: falde (komme) sne-stænk. [2] hríðin: snebygen. [3] snjórokurnar: snestormene (de momentane stød). [4] hrikalegt: storslået især m. h. t uhygge. [5] reginfjöll: höjeste, vilde, fjælde. [6] blindbylur: sort snefog (hvor man intet kan se fra sig). [7] málsaðili: part (i sagen).

Náttúran hefur bæði valdið og máttinn til, þegar hennar lögmál býður, að slökkva hvern lífsneista, sem bærist[1] upp um fjöllin, og fela hverja lifandi veru, sem þar er á ferð, einhvers staðar upp um firnindin, þar sem sólin aldrei getur skinið um allan aldur heimsins, og þar sem ekkert sumar getur leitt það í ljós, sem hún vill hylja. Hún getur strokið hvert skip burt af sjónum og ekkert skilið eftir, liðað í sundur[2] mannanna býli og lagt hvert hjerað í eyði.

Það er ekki til neins að spyrja: „hví gerirðu þetta?“

Hennar lögmál er leyndardómur, og það skilur enginn.

Hún ein hefur leyfi til að hlaða valköstum, hvar sem hún vill og úr hverju sem hún vill; — þar er enginn til að dæma.

Hvað varðar hana um mannatár og mannaraunir.

Hún fer sína leið, og alt það, sem verður á vegi hennar, verður að falla — það er sama hvort það er fjall eða smásteinn, maður eða maðkur — alt verður að falla, af því það verður fyrir henni, þegar hún framkvæmir sitt dularfulla ógnar-lögmál[3].

Fyrir henni verður alt smátt, af því að hún ein er stór.

Þess vegna er það svo hræðilegt, að vera einn á ferð um heiðarnar, þegar hún er komin í algleymínginn[4] sinn.

Þar er engin mannhjálp nærri; náttúran og vegfarandi glíma þar ein í ógnar-tómi[5]; þar er enginn til að segja frá viðskiftum, og ef eitthvert ángistaróp kynni að koma, þá grípur stormurinn það óðara, og fleygir því eitthvað út um fjallageiminn, þángað til það deyr og verður að engu.

---

[1] bærist: rører sig. [2] liða í sundur: tage stykkevis fra hinanden, sønderlemme. [3] ógnar lögmál: rædselslov. [4] algleymíngur: egl. 'fuldkommen glemsel ɔ: af alt andet end hvad der optager én i öjeblikket', den höjeste grad (af noget), toppunktet; „når den er nået til sit höjdepunkt, toppunktet af sit raseri“. [5] ógnar-tóm: rædselsfuld tomhed.

Það var því ekki nema eðlilegt, að hrollur færi um Sigurð, þegar hann hugsaði til ferðarinnar yfir heiðina.

Honum datt enn í hug að snúa aftur, en bæði var honum það nauðugt, og svo treysti hann sjer nærri því betur til að rata fram[1] heiðina heldur en til baka, ofan heiðarbrekkurnar og niður dalinn.

Veðrið var nú orðið svo hart, að hann gat ekki rekið hestinn á undan sjer, því hesturinn sneri sjer undan og stóð í höm[2]. Sigurður varð því að gánga á undan og teyma hestinn.

Það var kominn sorta-bylur, og hann sá stundum ekki faðm frá sjer; þó rataði hann, bæði af því, að heiðin var vel vörðuð[3], og líka af því, að hann sá víða til götu, því fönn[4] var ekki mikil komin á heiðina enn; en alt af var hann að hlaða henni niður[5], og eftir því sem lengra dró fram eftir heiðinni, fór hann að eiga bágra með að finna götuna.

Það sem líka gerði honum einna verst, var, að alt af öðru hverju hlóð svo snjó fyrir andlitið á honum, að hann gat ekkert sjeð, svo hann varð hvað eftir annað að standa við til að reyna til með volgri hendinni að þíða og plokka klakann burtu frá vitunum[6] á sjer.

Sigurður hugsaði með sjer, að hann mætti þakka guði fyrir, ef hann kæmist lifandi í sæluhúsið[7], og hugsaði sjer svo að láta berast þar fyrir um nóttina, þó hann vissi, að það yrði lítt skemtileg jólanótt.

Hann þóttist viss um að hann væri enn á rjettum vegi, og ætlaði nú, eftir því sem honum taldist til, að hann væri kominn nálægt sæluhúsinu.

---

[1] fram: fremad. [2] stóð í höm: vendte lænden (bagen) mod uvejret. [3] vörðuð: besat med varder (stendynger, der betegnede vejen). [4] fönn: snedrive. [5] var hann—niður: egl. 'var han (ɔ: den rådende naturmagt) i færd med at dynge den op'. [6] vitunum (af vit, ntr. plur.): sanser. [7] sæluhús: egl. 'sjælehus', et hus man (for sin sjæls frelse) lader bygge oppe på fjældene til ly og redning for de rejsende.

En það var einsog veðrið væri alt af að harðna, stormurinn að vaxa og moldviðrið[1] að verða dimmara. Hesturinn var alt af að verða stríðari í taumi[2] og tafði því mjög ferð Sigurðar og loksins lagðist hann alveg niður og Sigurður ætlaði aldrei að geta fengið hann á fætur; en þegar hann var svo kominn á stað með hann aftur, vissi hann ekki fyrri til, en hann rak sig á vörðu í moldviðrinu, og þegar hann fór að aðgæta hana betur, sá hann, að það var einmitt varðan rjett hjá sæluhúsinu.

Svo komst hann við illan leik heim í sæluhúsið.

Sæluhúsið var, einsog flest þess háttar hús hjer á landi, lítt vandað. Það urðu svo margir menn úti[3] á heiðinni, að sýslunum beggja vegna við hana kom loks eftir margra ára bollaleggíngar[4] saman um að reisa þar sæluhús, og þegar loks hreppstjórunum, sem næstir voru heiðinni að norðan og sunnan, var falið af sýslunefndunum[5] að koma húsinu upp á kostnað sýslusjóðanna, þá var meira hugsað um það, að geta haft einhvern dálítinn ábata[6] á verkinu, einsog á hverju öðru almannastarfi, heldur en um hitt, að húsið yrði sem best úr garði gert fyrir ferðamenn, sem leituðu sjer þar lífs undan hríð á fjöllunum. Þó var sæluhúsið allgott í fyrstu, og þar lagður fyrir eldiviður, dálítið af heyi og eldfæri[7] fyrsta haustið, auk þess sem þar var bygð eldstó, lagður til pottur[8], reka[9] o. fl. Húsið var náttúrlega ólæst, en trjeloka[10] fyrir. En áður en fannkomur byrjuðu fyrsta haustið, var alt hey horfið, eldiviður sást enginn og eldfærin fundust engin. Svo var hætt að leggja slíkt til, það leið heldur ekki lángt um, þángað til rekan hvarf. Lengst toldi potturinn, en svo hvarf hann líka eitt haustið, þegar farin var að dimma nótt. Það var

---

[1] moldviðri: egl. 'muldstøvstorm', her om det mörke snefog. [2] stríðari í taumi: vanskeligere at lede (ved töjlen). [3] verða úti: omkomme. [4] bollaleggíngar: rådslagninger. [5] sýslunefnd: syssel-styrelsen. [6] ábata: fortjæneste. [7] eldfæri: optændings-materiale. [8] pottur: gryde. [9] reka: skovl. [10] trjeloka: træpind (til at lukke med).

auðvitað mikið talað um á sýslufundum beggja megin heiðarinnar, að nauðsyn bæri til að leggja betur til sæluhússins; en ekkert varð úr því, því sýslunefndirnar kendu hvor annarar sýslubúum um, að hafa stolið úr húsinu.

Þó kastaði fyrst tólfunum[1] með sæluhúsið, þegar hurðinni loksins var stolið frá því eitt haustið; þá tók þó hreppstjórinn fyrir sunnan heiðina sig til, og gaf nýja hurð fyrir sæluhúsið, og þar við sat með aðbúnaðinn[2] að því.

Sæluhúsið var svo gert, að í því var loftþrep[3] í öðrum endanum og tók manni í mitti; var það ætlað mönnum til að sofa í, en í hinum endanum var ekkert loft, og þar áttu menn að hafa hesta sína, ef þeir annars hefðu nokkra.

Þegar Sigurður var kominn inn í sæluhúsið og búinn að litast þar um, fór hann og lokaði því, og bar reiðínginn[4] og farángur sinn fyrir dyrnar að innanverðu, því hann var ekki óhræddur um, að veðrið kynni að brjóta inn hurðina. Svo setti hann stafinn sinn þvert fyrir hana til styrktar, og fór svo að gefa hestinum sínum. Sjálfur fór hann svo upp á loftþrepið og lagðist þar niður, þegar hann var búinn að búa þar um sig eftir því sem föng voru á.

Hann lagði aftur augun og reyndi til að sofna. En hann gat ekki sofnað. Honum fór að verða einhvern veginn órótt innanbrjósts, einmitt nú þegar hann var kominn inn úr hríðinni í kyrðina og ætlaði að leita sjer værðar[5]. Hann gat ekki að því gert, að hvernig sem hann reyndi að sporna við því, þá duttu honum í hug draugasögurnar, sem honum höfðu verið sagðar í bernsku;

---

[1] kastaði tólfunum: egl. 'det kastede således at 12 öjne (på tærningen) — det höjeste kast — kom op', „så skete det, der overgik alt andet". [2] aðbúnaðinn: tilstanden og repareringen. [3] loftþrep: egl. 'loft-afsats, bænk', en bænk som etslags hylde. [4] reiðínginn: underlag under (hestens) byrder. [5] værðar: ro og söyn.

ein eftir aðra þutu þær í hug hans, ílengdust[1] þar, uxu þar og urðu að lifandi fylkíngu, sem hann horfði á og gat ekki haft augun af, — þángað til hann þaut upp með andfælum[2] og vissi ekki, hvort hann vakti eða svaf, og einblíndi svo út í loftið, til þess að vita, hvort hann sæi nokkuð. En hann sá ekkert. Svo lagðist hann niður aftur, og fann, hvernig köldum svita sló út um hann allan.

Hann reyndi til að halda augunum opnum; hann fór að hugsa um alt annað, fór að hlusta eftir storminum og bylnum úti; hann heyrði, hvernig kafaldinu þyrlaði kríng um húsið, og fann nærri því, hvernig hríðin var að hlaða skafli[3] upp að gaflinum, sem hann lá undir.

En þegar hann var búinn að halda augunum opnum litla hríð og blína út í myrkrið, fanst honum einsog hann færi að sjá alla vega lita flóka[4] þjóta fyrir augunum, og svo runnu honum í hug draugasögurnar aftur.

Hann heyrði hestinn sinn í hinum endanum á húsinu vera að tyggja heyið, sem hann hafði gefið honum, og þegar hann heyrði, hvað hann var rólegur, alveg einsog hann væri heima við jötuna sína, þá varð honum einhvern veginn hughægra.

En nú voru fötin farin að þiðna á honum, og það sló svo kulda að honum, að hann reis á fætur til að berja sjer[5].

Þegar hann var búinn að því um stund, hitnaði honum, og nú sótti svo svefn á hann, að hann fór aftur upp á loftþrepið, lagðist þar niður og reyndi enn að sofna.

Svo leið lítil stund. Honum heyrðist veðrinu fara að slota[6] úti. Hesturinn hans var hættur að muðla[7]. Inni fanst honum myrkrið og kyrðin einhvern veginn svo ægilegt í þessum eyði-kofa uppi á fjöllunum. Hann

---

[1] ílengdust (rettere: ílendust, af land): satte sig fast. [2] andfælur: forskrækkelse, (i halvubevidst tilstand). [3] skafl: snedrive. [4] flóka: tætte genstande. [5] berja sjer: slå omkring sig med armene (overkors). [6] slota: sagtne af. [7] muðla: tygge.

gat ekki sofnað, hvernig sem hann reyndi til. Alt af, þegar hann lagði augun aftur, þá duttu honum í hug þeir mörgu, sem höfðu orðið úti á heiðinni einmitt þarna kríng um sæluhúsið, og sumir höfðu jafnvel skreiðst inn í það með veikum burðum og látist þar.

Þá gat hann ekki að sjer gert, að opna augun til þess að gá út í myrkrið, hvort hann sæi nokkuð, og varð svo glaðvakandi.

Hann velti sjer á ýmsar hliðar, hvíldarlaus og ókyrr. Svo heyrðist honum alt í einu einsog væri gengið eftir þekjunni á sæluhúsinu, sest klofvega yfir mæninn, og svo mjakað sjer áfram[1] hægt og hægt.

Hann reis í ofboði[2] upp, og nú heyrði hann glögt, hvernig brakaði í mæninum á húsinu.

Hesturinn hans þaut upp og inn til hans að loftþrepinu, þrýsti sjer eins fast og hann gat upp að því, og lagði hausinn ofan á fæturna á Sigurði, sem lágu fram á skörina[3].

Svo heyrðist dýnkur og skruðníngur[4], svo að brakaði í hverju trje, nærri því einsog dregin væri húð með grjóti á niður eftir þekjunni á sæluhúsinu.

Rjett á eftir heyrðist barið bylmíngshögg[5] í hurðina, og svo hvert höggið á fætur öðru.

Sigurður fann, hvernig kuldatitríngur fór um hann allan, og hann fann líka, að hesturinn skalf og nötraði og einsog reyndi til að þrýsta sjer nær honum.

Höggin á dyrnar heyrðust smátt og smátt, en alt af einsog að smá-draga úr þeim, og loksins hættu þau með öllu.

Sigurði kom ekki dúr á auga alla nóttina.

Þegar höggin hættu, fór hann niður af þrepinu, tók um hálsinn á hestinum sínum og klappaði honum þángað til hann varð rólegri.

---

[1] mjakað sjer áfram: bevæget sig (småt) fremed. [2] ofboði: angst og bæven. [3] skörina: kanten. [4] skruðníngur: stöjende bevægelse. [5] bylmíngshögg: vældigt hug.

Svo leiddi hann hestinn með yfir í hinn endann á sæluhúsinu, lagðist þar niður og þá lagðist hesturinn niður líka; svo rótaði Sigurður upp moðinu, og hesturinn fór að muðla úr því aftur.

Svo lágu þeir, maðurinn og hesturinn, hvor hjá öðrum, einsog bræður, það sem eftir var næturinnar, báðir jafn-hræddir og báðir jafn-ánægðir með það, að hafa lifandi veru hjá sjer þessa skelfilegu nótt.

Þegar Sigurður hjelt, að komið mundi um dægramót[1], þá stóð hann upp og fór á flakk[2].

Hann var lengi að taka umbúnínginn frá hurðinni að innanverðu, og svo lauk hann upp hurðinni.

En undir einsog hann lauk upp hurðinni, sá hann, hvar maður lá á hliðinni úti fyrir dyrunum.

Hann sneri andlitinu að dyrunum og var hálf-fent[3] yfir hann.

Hann leit bara allra-snöggvast á hann.

Hann þurfti ekki að horfa lengi á hann. Hann þekti þessa andlitsdrætti ofboð vel[4], þó þeir væru orðnir nokkuð fölir núna.

Það var Einar bróðir hans.

Einar hafði ekki unað sjer, þegar Sigurður var farinn; hann þaut á stað og náði honum ekki fyrri en svona. Hann hafði gengið upp á mæninn á sæluhúsinu eftir skafli, sem þángað hafði lagt um nóttina; svo hafði hann þekt sæluhúsið, rent sjer niður af hliðinni og ætlað að komast inn.

En það gat hann ekki, og þess vegna lá hann nú örendur.

---

[1] dægramót: tiden da dag og nat mødes. [2] fór á flakk: begyndte at bevæge sig. [3] hálffent: halvt bedækket med sne. [4] ofboð vel: særdeles godt (ofboð her forstærkende).

7. Hallgrímur Pjetursson.

Mannsins ævi.

1. Hróðrar bögu[1] hef jeg að þylja
hirðum[2] geira[3];
þessa sögu þurfa að skilja
þeir sem heyra.

2. Hlýði næmir[4] hvað jeg skil
og hvers jeg vona,
eftirdæmi eitt er til
og er það svona.

3. Mannsins ævir tel jeg tvær,
því trúa máttu;
ellin kæfir alt það nær[5],
sem úngir áttu.

4. Allur eikur úngar togna
og upp sig rjetta,
seinna bleikar, síðan bogna,
seinast detta.

5. Úngir hlæja, í leikum láta
listir reyna;
seinna æja[6], síðan gráta,
seinast kveina[7].

6. Þessir æða, um sjóinn sigla
í snörpum gjósti[8];
seinna er mæða, síðan hrygla[9],
seinast hósti.

---

[1] hróðrar bögu: af hróður = digt og baga = upoleret vers; et beskedenhedsudtryk. [2] hirðum (af hirðir = opbevarer, ejer). [3] geira (af geir = spyd): omskrivning for 'en mand'. [4] næmir: lærvillige. [5] alt það nær ɔ: nær alt það = næsten alt. [6] æja: sige 'ak'. [7] kveina: jamre. [8] gjóstur; kuling. [9] hrygla: astmatisk åndedræt.

7. Steyta kálfa[1], hlaupa um hóla,
hoppa rása;
seinna skjálfa, síðan róla[2],
seinast blása.

8. Einsog birna um völlu vasa[3]
og víða lalla[4];
seinna stirðna, síðan rasa,
seinast falla.

9. Dándis virðar[5] dansinn stíga,
dufl[6] sjer temja;
seinna stirðir, síðan hníga,
seinast emja.

10. Únglíngarnir bæji byggja
og beinin teygja;
seinna farnir, síðan liggja,
seinast deyja.

11. Lokkaskornir, lyndis jafnir
leika núna;
seinna út bornir, síðan grafnir,
seinast fúna.

12. Fróðum manni fer jeg að sýna
fræðaletur;
ekki kann jeg æví mína
að orða betur.

13. Henni ráði drottinn dýr
í dásemd sinni;
síðan náði oss herrann hýr
í heimförinni.

---

[1] kálfa (af kálfi): tyklæg (steyta omtr. = prøver [deres bens] styrke). [2] róla: gå slingrende. [3] vasa: gå rask og ligesom blindt. [4] lalla: omtr. = gå. [5] Dándis virðar omtr.: unge friskfyre. [6] dufl: 'dobbel', lystigt liv.

Leirkarlsvísur.

1. Skyldir erum við skeggkarl[1] tveir,
skamt mun ætt að velja,
okkar beggja er efni leir,
ei þarf lengra telja.

2. Við höfum það af okkar ætt,
efnið slíkt jeg þekki,
báðum er við broti hætt,
byltur[2] þolum ekki.

3. Það er annað ættarmót[3]
að okkar hætti rjettum,
við höfum báðir valtan fót,
veit ei nær við dettum.

4. Ílát vínsins athuga[4] vönd
erum við þess á milli,
og þurfum báðir hentuga[5] hönd,
svo hvorugur sínu spilli.

5. Einn jeg mismun okkar fann,
ef áföll nokkur skerða[6],
eg á von, en aldrei hann,
aftur heill að verða.

---

[1] skeggkarl: egl. 'skægget gubbe' (her = leirkarl, vinkanden). l. 2 bet. omtr. = 'slægtregistret er ikke vidtløftigt, langt'. [2] byltur (af bylta): fald. [3] ættarmót: slægt-lighed. [4] athugavönd: krævende påpasselighed, opmærksomhed. [5] hentuga: heldig. [6] „hvis nogle ulykkestilfælde gör os mén".

8. Bjarni Thórarensen.

Oddur Hjaltalín.

1. Enginn ámælir
þeim [1] undir björgum
liggur lifandi
með limu brotna,
og hraunöxum [2]
holdi söxuðu [3],
að ei hann æpir
eftir nótum.

2. Undrist enginn
upp þó vaxi
kvistir kynlegir,
þá koma úr jörðu
harma-funa [4]
hitaðri að neðan
og ofan vökvaðri
eldregni tára.

3. Ámæli því enginn
Oddi Hjaltalín,
orð þó hermdi hann
er hneyxluðu [5] suma,
það voru frostrósir
feigðarkulda,
harmahlátrar
og helblómstur.

4. Því alt frá æsku
ætíð honum
heims sig hamíngja
hverfula [6] sýndi;
fátækt honum fylgdi
á fundi alla,
en harmar hans [7] biðu
heima oftast.

5. Konúngs hafði hann bjarta
með kotúngs [8] efnum,
á líkn við fátæka
fátækt sína ól;
öðrum varð hann gæfa,
ei sjer sjálfum,
og hjálpaði sjúkur
til heilsu öðrum.

6. Önd hans þó var auðug —
og þegar harma [9]
björg og vanheilsu
á brjósti honum lágu,
braust hún undan fargi [10]
og bjó í skyndi
skrípitröll [11], skjaldmeyjar
og skóga [12] hugmynda.

---

[1] þeim: þeim er 'ham som'. [2] hraunöxum (af hraun-öx): egl. ved 'lava-, sten-økser' ɔ: skarpe klippekanter. [3] söxuðu: sønderflænget (saxa, verb., af sax = sværd). [4] harma-funa: sorgens ild (bål). [5] hneyxluðu: forargede. [6] hverfula (af -ull): drejelig, ustadig, svigefuld. [7] hans: styret af biðu, 'væntede på ham'. [8] kotúngur: hyttebonde, husmand. [9] harma björg og vanheilsu: sorgers og slet helbreds klipper. [10] farg, ntr.: tryk (af noget der ligger på en el. noget). [11] skrípitröll: forunderlige trolde. [12] skóga er acc., hugmynda gen.

7. Harma þá um stund
hennar glöptu[1]
þær hinar kátlegu
kynjamyndir.
Aðra þær hneyxluðu
en Oddur byggði
sjer þar hlátraheim,
þá heimur grætti.

8. Þegir nú Oddur,
en augun liðnu[2]
eftir öndu
í eilífð stara;
hún þar heim
hefur slíkan,
að betri ei
sjer byggja þarf.

9. En þú, sem undan
æfistraumi
flýtur sofandi
að feigðar ósi,
lastaðu ei laxinn,
sem leitar móti
straumi sterklega
og stiklar[3] fossa.

Sigrúnarljóð.

1. Þú ángraðir[4] mig áðan
með orðum þínum, Sigrún.
Eg bað þig aftur mig hitta,
ef andaðist þú fyrri.
Kvaðst þú ei trúa, að kalda
jeg kyssa þig vildi,
nje hjúpaða[5] hvítbleika
þig höndum um spenna.

2. Mín trúir þá ei meyja
að muni eg sjer unna,
ef hún eigi trúir
jeg unni sjer fölri.

---

[1] glöptu: bragte i glemsel, fordrev. [2] augun liðnu: de brustne öjne. [3] stiklar: hopper, springer. [4] ángraðir: bedrøvede. [5] hjúpaða: iført (lig)klæderne.

þínar það víst eru varir,
þó verði þær kaldar;
kinnar jeg sje þær sömu,
þó sjái eg þær hvítar.

3. Kyssir ei á köldum[1]
kalda mjöllu vetri
röðull[2] jafnt sem rauðar
rósir á sumrum?
Hvít er hreinust lilja,
hvít ertu sjálf sem mjöllin,
muntu þá miður skarta
þó munnur og kinnar hvítni?

4. Þó heimsdvalar[3] dreyrinn[4]
deyi þjer af vörum,
blærinn[5] þær blíðlega skreytir
blásala eilífðar.
Engilhvítt formið hið fagra
finnast mun óskert kinna,
jafnfrítt og jafngott rauðu,
þó jarðblysin[6] slokkni.

5. Mærin mín hin skæra,
mig ei láttu því einan,
mjer þó að farir þú fyrri
til friðsala himna.
Kom þú þegar kólgur[7]
á köldu gánga hausti
og um miðnætti máni
í mökkva[8] sig hylur.

---

[1] köldum: til vetri. [2] röðull: sol. [3] heimsdvalar (af -dvöl): verdens ophold, det jordiske ophold. [4] dreyri: blod. [5] blærinn blás. eil.: luftningen fra evighedens 'blåsal' (himmel). [6] jarðblysin: de jordiske blus, lys (öjnene?) [7] kólgur: kølighed, kulde. [8] mökkvi: mulm, s. s. blæja i næste vers.

6. Mun þá fölur máni
af meðaumkvan[1] bregða
blæju sinni, svo bjarta
jeg brosa þig sjái.
Farðu þá, mín fagra,
fljótlega mjer að bólstri
og hendi hvítri og mjúkri
mig hóglega snertu.

7. Svo, þegar bregð jeg blundi
og breiði faðm þjer móti,
snjóköldum barmi snúðu
snarlega mjer að hjarta.
Fast kreistu brjóst mjer að brjósti
og bíddu uns máttu lausan
fá mig úr líkams fjötrum,
svo fylgja þjer megi eg.

8. Glöð skulum bæði við brott síðan halda
brennandi í faðmlögum loftvegu kalda
á gullreiðum[2] norðljósa þjóta um þá.
Væn svo þá smáblys[3] í vindheimum glansa
um vetrarbraut skulum í túnglsljósi dansa
og snjóskýja bólstrunum blunda svo á.

Karlagrobb.

1. Úngur þótti eg með söng
yndi vekja í sveina glaumi,
en öllum nú finst æfin löng,
þá í þeir heyra :|: drynja[4] gömlum raumi. :|:

2. Úngir sýngja ýtar ný
óðarlög með flugi og köfum[5],

---

[1] meðaumkvan: medlidenhed. [2] gullreiðum (af -reið = vogn): guldvogne. [3] væn smáblys: de smukke småblus ɔ: stjærnerne. [4] drynja: dröne, buldre. [5] með flugi og köfum (af kaf): egl. 'med flugt (flyven höjt op) og dukken ned', ɔ: med stærkt vekslende — höje og lave — toner, óðarlög = melodier.

en höldi glymja öldnum[1] í
eintóm hljóð úr :|: forfeðranna gröfum. :|:

3. Úngur sýng þú, mest sem mátt,
meðan hljóðin fagurt gjalla;
brátt því hætta í elli átt[2],
áður en lýðir :|: söng þinn náhljóð[3] kalla. :|:

Jónas Hallgrímsson.

Óhræsið.

1. Ein er upp til fjalla,
yli húsa fjær,
út um hamra hjalla[4],
hvít með loðnar tær,
brýst[5] í bjargarleysi,
ber því hyggju gljúpa[6],
á sjer ekkert hreysi
útibarin[7] rjúpa.

2. Valur er á veiðum,
vargur í fugla hjörð,
veifar vængjum breiðum,
vofir[8] yfir jörð;
otar[9] augum skjótum
yfir hlíð, og lítur
kind, sem köldum fótum
krapsar snjó og bítur[10].

3. Rjúpa ræður að lýngi —
raun er ljett um sinn —
skýst í skafrenníngi[11]
skjót í krapsturinn[12]
tínir, mjöllu mærri[13],
mola, sem af borði
hrjóta kind hjá kærri,
kvakar þakkar-orði.

---

[1] öldnum (af aldinn): gammel. [2] átt (af eiga): du skal. [3] náhljóð: lyd, toner, fra en død, dødmands-toner. [4] hamra hjallar (af hjalli): klippeafsatser, klipper (i almd.). [5] brýst: tumler sig, flyver hist og her (med besvær). [6] gljúpa: egl. 'porøs', her: ængstelig. [7] útibarin: pisket, ilde medhandlet, af vind og vejr. [8] vofir: flagrer (spejdende). [9] otar: ser barsk (trans.). [10] bitur: bider, gnaver (det under sneen liggende) græs. [11] skafrenníngur: sneens fygen henover jorden (bevirket ved blæsten). [12] krapsturinn: her: stedet hvor sneen var kradset bort. [13] mjöllu mærri: bedre end sneen.

4. Valur í vígahuga
varpar sjer á teig[1],
eins og fiskifluga[2]
fyrst úr löngum sveig
hnitar[3] hringa marga;
hnýfill[4] er að bíta;
nú er bágt til bjarga,
blessuð rjúpan hvíta!

5. Eltíng[5] ill er hafin,
yfir skyggir jel,
rjúpan vanda[6] vafin
veit sjer búið hel;
eins og álmur[7] gjalli,
örskot[8] veginn mæli,
fleygist hún úr fjalli
að fá sjer eitthvert hæli.

6. Mædd á manna besta
miskun loks hún flaug[9],
inn um gluggann gesta[10]
guðs í nafni smaug —
úti garmar[11] geltu,
gólið hrein[12] í valnum —
kastar hún sjer í keltu[13]
konunnar í dalnum.

7. Gæða-konan góða
grípur fegin við
dýri dauða-móða —
dregur háls úr lið;
plokkar, pils upp brýtur[14],
pott á hlóðir[15] setur,
segir happ þeim hlýtur[16],
og horaða rjúpu jetur.

Dalvísur.

1. Fífilbrekka[17]! gróin[18] grund!
grösug hlíð með berjalautum!
flóatetur[19]! fífusund[20]!
fífilbrekka! smáragrund[21]!

---

[1] varpar — teig: sætter sig i bevægelse mod den flade jord. [2] fiskifluga: spyflue. [3] hnitar: danner (i kres). [4] hnýfill: fåret (egl. 'får med korte horn'). [5] elting: forfølgelse. [6] vandi: vanskelighed, fare. [7] álmur: bue (egl. ælm). [8] örskot: pileskud, udskudt pil. [9] á miskun flaug: flöj for at ty til menneskenes miskundhed. [10] gesta: styres vist af guðs, 'i den gæste beskyttende guds navn'. [11] garmar: hundene. [12] hrein af hrína: hyle, skrige. [13] kelta: skød. [14] pils upp brýtur: bryder, binder, sit skört op. [15] hlóðir: ildstedet. [16] segir — hlýtur: siger, at den skal nyde godt af heldet, som får det. [17] fífill: fandens mælkebøtte. [18] gróin: græsbevokset, græsgrön. [19] flóatetur: lille mosedrag (tetur, kælende, svarer til -lil i da.). [20] fífusund: strækninger med kæruld. [21] smári: kløver.

yður hjá eg alla stund
uni best í sæld og þrautum;
fífilbrekka! gróin grund!
grösug hlíð með berjalautum!

2. Gljúfrabúi[1], gamli foss!
gilið mitt í kletta þröngum[2]!
góða skarð með grasahnoss[3]!
gljúfrabúi, hvítur foss!
verið hefur vel með oss,
verða mun það enn þá löngum;
gljúfrabúi, gamli foss;
gilið mitt í kletta þröngum!

3. Bunulækur[4] blár og tær!
bakkafögur á í hvammi!
sólarylur, blíður blær,
bunulækur fagurtær!
yndið vekja[5] ykkur[6] nær
allra best í dalnum frammi
bunulækur blár og tær,
bakkafögur á í hvammi!

4. Hnjúkafjöllin[7] himinblá!
hamragarðar! hvítir tindar!
heyjavöllinn[8] horfið á,
hnjúkafjöllin hvít og blá!
skýlið öllu helg og há!
hlífið dal, er geysa vindar!
Hnjúkafjöllin himinblá!
hamragarðar! hvítir tindar!

5. Sæludalur, sveitin best!
sólin á þig geislum helli,

---

[1] Gljúfur: klippekløft. [2] þröng: indsnævring. [3] grasahnoss: udmærket mos (isl. mos, lichen). [4] Buna: tynd, buet vandstråle. [5] vekja: subj. er substantiverne i l. 7-8. [6] ykkur (dativ) nær: nærved eder. [7] hnjúkafjöllin: tinde-fjælde. [8] heyjavöllinn: marken (tunet) med høet.

snemma risin seint er sest[1].
Sæludalur, prýðin best!
þín er grundin gæðaflest,
gleðin æsku, hvíldin elli[2].
Sæludalur, sveitin best!
sólin á þig geislum helli!

Jeg bið að heilsa.

1. Nú andar suðrið sæla vindum þíðum[3]:
á sjónum allar bárur smáar rísa
og flykkjast heim að fögru landi Ísa
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.
2. Ó! heilsið öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í drottins ást og friði;
kyssi þið, bárur! bát á fiskimiði,
blási þið, vindar! hlýtt á kinnum fríðum.
3. Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr, sem fer
með fjaðra bliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin þín!
4. Heilsaðu einkum, ef að fyrir ber[4]
engil, með húu og rauðan skúf, í peysu;
þröstur minn góður! það er stúlkan mín.

Vorvísur.

1. Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör[5] um dalinn:
alt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.
2. Kveður í runni, kvakar í mó
kvikur þrastasöngur;
eins mig fýsir alt af þó
aftur að fara í göngur[6].

---

[1] snemma—sezt: den, som tidlig stået op, sent går ned. [2] æsku ... elli er genitiv. [3] þíðum: bløde, behagelige. [4] fyrir ber: viser sig. [5] græðir fjör: frembringer liv. [6] fara göngur: foretage indsamling af fårene fra fjældene (i september).

Stökur.

1. Enginn grætur Íslendíng,
einan sjer og dáinn;
þegar alt er komið í kring,
kyssir torfa[1] náinn.

2. Mjer er þetta mátulegt![2]
mátti vel til haga[3],
hefði eg betur hana þekt,
sem harma eg alla daga.

3. Lifðu sæl við glaum og glys,
gángi þjer alt í haginn!
í öngum mínum[4] erlendis
yrki eg skemsta daginn.

4. Sólin heim úr suðri snýr,
sumri lofar hlýju;
ó að eg væri orðinn nýr
og ynni þjer að nýju!

---

10. Jón Thóroddsen.

Ísland.

1. Ó! fögur er vor fósturjörð
um fríða sumardaga,
er laufin grænu litka[5] börð,
og leikur hjörð í haga;
en dalur lyftir blárri brún
mót blíðum sólar loga,
og glitrar flötur[6], glóir tún,
og gyllir sunna[7] voga.

---

[1] torfa: græstörvet. [2] mátulegt: passende, fortjænt. [3] mátti — haga: det kunde være gået godt (haga = indrette). [4] í öngum mínum: i min kvide. [5] litka: farver. [6] flötur: sletten. [7] sunna: solen.

2. Og vegleg jörð vor áa[1] er
með ísi þakta tinda,
um heiðrík[2] kvöld að höfði sjer
nær hnýtir gullna linda[3],
og logagneistum stjörnur strá
um strindi[4] hulið svellum,
en hoppa álfar hjarni[5] á,
svo heyrist dun í fellum.

3. Þú fósturjörðin fríð og kær,
sem feðra hlúar[6] beinum,
og lífið úngu frjóvi[7] fær
hjá fornum bautasteinum,
ó, blessuð vertu, fagra fold,
og fjöldinn þinna barna,
á meðan gróa grös í mold
og glóir nokkur stjarna!

Til þorsksins.

1. Þú kvartar, þorskur! um það,
að þjer leyfist ekki að heita
golþorskur[8] guðs, eins og hann
golþorskur bróðir þinn sje.

2. „Ugga og allmikinn sporð
og einkenni[9] þorska eg hefi",
segirðu. — Satt er nú það,
samt ertu golþorskur ei.

3. Sjerðu ei, þorskur minn! það:
að þorskur og golþorskur eru
eigi að öllu til eins,
ugga þó hver hafi sjer.

---

[1] áa (af ái): forfædres. [2] heiðrík: skyfri, blå. [3] linda (af lindi): bælter, her: hovedbind, diademer. [4] strindi: land. [5] hjarn: isbelagt land, isflade. [6] hlúar: egl. 'varmer', her: hæger. [7] frjóvi (af frjó ntr.): frø. [8] golþorskur: i alml. tale brugt om en vældig, stor torsk. [9] einkenni: særegenheder.

4. Þetta er, svei mjer[1], þó satt,
   það sýnt verður ljósast með dæmi;
svo að þú skilir, eg skal
   skrifa það fast á þitt roð[2]:

5. Allir menn eru menn,
   því megnarðu eigi að neita;
þó eru allir menn ei
   útvaldir dannebrogsmenn.

---

11. Benedikt Gröndal.

Huggun.

1. Ertu nú horfin, þú unaðs tíð
er álfur í hverri lilju bjó?
og hvernig er rósin blessuð og blíð
og blómin á fjarrum[3] heiðar mó!

2. Ertu nú horfin, þú yndis tíð
er Alvitur[4] fýstist á myrkvan við[5],
og Svanhvít á dúni svana fríð
söngfugla gladdist við ástar klið[6]?

3. Ertu nú horfin, þú unaðar stund,
þá alt var í blóma og helgri ró,
þá fuglinn bjó glaður í fögrum lund
og fiskurinn ljek sjer um bláan sjó?

4. Svanhvít og Alvitur, svífið til mín,
svo vil jeg halda á myrkvan við,
heyrði jeg fyrri að hefðuð þið lín
á hafströndu spunnið við sjávar-nið[7].

---

[1] svei mjer: egl. 'föj mig', ɔ: fanden tage mig. [2] roð: (fiskenes) skind. [3] fjarrum: (f. fjörrum, af fjarr): den fjærne. [4] Alvitur, Svanhvít: de to valkyrjer i Völundskvadet. [5] fýstist — við: længtes efter den mörke skov (ordene fra kvadet). [6] ástar-kliður: elskovssang. [7] Jfr kvadet.

5. Alt er það fornaldar[1] ofið[2] með skraut,
alsett[3] og prýtt með gullnum staf[4],
alt eins og röðull[5] á Ránar braut[6]
rennir geislunum himnum af.

6. Breiðið þið dúkinn þann fegursta fram,
svo fái jeg lesið þau meginorð,
sem valþjóðum[7] skemtu, og vopna glamm
vöktu og efldu á norðurstorð[8].

7. Burt vill jeg halda úr solli[9] og synd
sitja þjer, Alvitur fagra, hjá,
feginn jeg leik mjer við gullna grind,
sem glæpunum heims þig skilur frá.

8. Nei, þú ert ei horfin, en þú ert ei hjer,
í þrengslum og nauðum, sem lífið býr[10];
sælunnar engil sendirðu mjer
að segja, hvar andar þinn blærinn hlýr.

9. Nei, ekki ertu horfin, þú unaðstíð,
er álfur í hverri lilju bjó,
og rósin er enn þá blessuð og blíð,
og blómið er enn á heiðar mó.

12. Steingrímur Thorsteinsson.

Nautið og lóan.

1. Þar sje eg hvar lóan[11] hin ljetta
sjer lyftir í bláhimins sal;
en jafnlendis[12] jörðu við sljetta
rís jórtrandi[13] nautið í dal.

---

[1] fornaldar skraut: oldtids-pragt. [2] ofið (af vefa): vævet. [3] alsett: helt besat. [4] staf: her = striber (guldstriber). [5] röðull: sol. [6] Ránar braut: Rans vej, søen. [7] valþjóðum: krigerske skarer, krigerne. [8] norður-storð: Nordlandene; storð (her kollektivt). [9] sollur: (livets) letfærdige tumlen. [10] býr: giver. [11] lóa: hjejle. [12] jafnlendis: tæt ved jorden. [13] jórtrandi: drøvtyggende.

2. Því líst ekki á lóuna smáu,
því líst ekki á himneska för,
nje sönginn í sölunum bláu
og sumargleðinnar fjör.

3. Með bolahljóð[1] bölvar[2] það illa
og baular sem frekast það má:
það vildasta[3] er vömbina að fylla
og velta sjer jörðinni á.

4. Þú stángaðir, naut, ef þú næðir,
en nautshornin eru ei svo löng;
svo heyrðu hvað lóan þig hæðir
um himin er fer hún með söng.

5. Hún segir þjer: „Sitt skal hver æfa,
því söngflugið inndæla mjer
og vængirnir háfleygir hæfa,
en hornin og klaufirnar þjer.“

Fyrsta lóukvak.

1. Í apríl var hlánað[4] úr helgadd[5] og snæ,
mig heillaði[6] veðráttan þýða
og *Esjan*[7] frá miðju var bláum með blæ,
en brúnleitt var láglendið víða,
en brattar um gnípur í hvítleitum hrönnum[8]
sig hnappaði[9] þokan og lá yfir fönnum,
og engin hreyfðu sig andkul[10] stirð
í unaðsljúfri kyrð.
Á háholti[11] stóð eg sem hniginn í draum,
þá heyrði eg fugls röddu blíða;

---

[1] bolahljóð: tyrebrøl. [2] bölvar: egl. 'bander', brummer vredt. [3] vildasta: det ønskeligste (for den). [4] hlánað: optøt. [5] helgaddur: dødelig kulde. [6] mig heillaði: fortryllede mig. [7] Esjan: fjæld ligeoverfor Reykjavik. [8] hrönnum: bølger. [9] hnappaði: knugede sig tæt sammen. [10] andkul: luftning. [11] háholt: höjtragende 'holt' (stenmark).

eg lagði við hlustir[1] og gaf henni gaum
og girntist enn lengur að bíða;
það var lóunnar kvak, sem úr loftinu bar,
eg leit mig í kríng og vissi ei, hvar það var,
hið fyrsta lóukvak, sem gall úr geim[2]
með gleðiboð um vor í norðurheim.

2. Svo kom það við endalok illviðra grands[3]
um æginn[4] til heimveru-staðar
það vængborið óskbarn hins einmana lands
í úthafi norðurs við jaðar[5].
Það kvaddi[6] þau suðrænu, sólbjörtu löndin,
með segulkrapt[7] teygði það fósturlands ströndin
og nú við hraunin og holt og mó
það hjörtum veitir fró.
Þó veit eg í löndunum sunnar er sagt,
að sorglega heylóan kveði,
þar vorið sitt hljómfagra lag hefur lagt[8]
við lævirkjans dillandi[9] gleði.
Þar er lóunnar kvak svo sem auðnar hljóð[10] eitt,
en fast upp við norðrið það gleði fær veitt,
hið fyrsta lóukvak, þá hverfa hjörn
við hrjóstrin[11] grá, það kætir Íslands börn.

Svanasöngur á heiði.

1. Eg reið um sumaraftan einn
á eyðilegri heiði;
þá styttist leiðin löng og ströng,
því ljúfan heyrði eg svanasöng,
já, svanasöng á heiði.

---

[1] hlust: øre. [2] geimur: himmelrum. [3] grand: skade, mén. [4] æginn (af ægir): havet. [5] norðurs jaðar: nordens yderkant. [6] kvaddi: sagde (havde sagt) farvel til. [7] segulkraft: magnetisk kraft. [8] lagt við: föjet sammen med. [9] dillandi: trillende. [10] auðnar hljóð: ørken-lyd („dér betragtes hjejlens pip kun som en ørken-lyd"). [11] hrjóstrin: de hårde, ufrugtbare strækninger.

2. Á fjöllum roði fagur skein,
og fjær og nær úr geimi
að eyrum bar sem englahljóm,
í einverunnar helgidóm,
þann svanasöng á heiði.

3. Svo undurblítt eg aldrei hef
af ómi töfrast[1] neinum;
í vökudraum eg veg minn reið
og vissi ei hvernig tíminn leið
við svanasöng á heiði.

Laugardalur.

1. Vjer riðum und kvöldsól í *Laugardals* lönd,
hún ljómaði af rauðbrúnu felli
um engjanna grasflæmi[2] geysi-vítt þönd[3],
um glampandi silfurskær vatnanna bönd
og bláfell við blómgaða[4] velli.
Á logbjörtu kvöldi við lóunnar söng
vjer liðum á vegbrautum fríðum
í lífgandi skógblæ[5] um laufrunna göng
með Laugardals algrænu hlíðum.

2. Vjer fórum með bygðum þar fólk var við slátt,
og felt lá þar kafgras[6] í slægjum[7];
um fjallbrekkur hópaðist kvíafjeð kátt,
í kvöldlogni þyrluðust bláreykir hátt,
og bjarkilminn lagði frá bæjum;
og hinsta ljek sólbros á sveitalífs ró,
er sjónina þýðlega dvaldi[8],
en áfram var haldið, því eftir var nóg,
uns aftur oss skógurinn faldi.

---

[1] töfrast: er bleven fortryllet. [2] grasflæmi: græsstrækninger. [3] geysi-vítt þönd: uhyre vidt udstrakte. [4] blómgaða: blomster-bestrøde. [5] skógblæ: skovduft. [6] kafgras: höjt græs. [7] slægjur: det land, der skal slås. [8] dvaldi: opholdt.

3. Og fákum[1] vjer hleyptum og hófdynur gall
á hlemmibraut[2] valllendis grundar,
að eyrum þá niðurinn álengdar svall[3],
sem[4] ólgandi nálgaðist vatnsiðu[5] fall,
það birtist oss brátt innan stundar,
þar fossaði *Brúará* freyðandi kvik[6]
af faldhvítra[7] straumbrúða dansi,
en skjótt bar oss yfrum í andspænis vik[8],
sem umgirðist bjarkrunna kransi.

4. Og dagur var liðinn, vjer bárumst um bygð,
af braut vorri máttum vjer skoða,
er hauðurs[9] ból öll voru heiðrökkri[10] skygð[11],
frá *Heklu* reis mánans hin bleikhvíta sigð[12]
á bláhimni reifðum[13] í roða.
Oss faðmaði svalandi sumarkyrð heið,
vjer svifum úr skóggeimi víðum
af unaði fángnir frá inndælli leið
með algrænum Laugardals hlíðum.

5. Vjer hurfum að náttstað, þar hvíldin bauðst vís,
að hvítmekkjum[14] sveipuðu bóli,
þar óðul á *Geysir*, er örsjaldan gýs,
því aldraður djúpt niðri værðina[15] kýs
sá hrörnaði[16] hveranna sjóli[17];
þar reykur við reyk sig frá hauðrinu hóf.
Vjer hrósuðum svefnhöfga[18] blíðum,

---

[1] fákur: hest (poet. ord). [2] hlemmibraut: bred og jævn vej. [3] svall: svulmede, kom svulmende, fyldig. [4] sem: som om. [5] vatnsiða: vandhvirvel. [6] freyðandi kvik: skummende fyrig. [7] faldhvítur: med hvid fald (hovedtöj). [8] andspænis vik (ntr.): en lille vig ligeoverfor. [9] hauðurs: landets. [10] heiðrökkri: blåt tusmörke. [11] skygð: beskyggede, omgivne (af mörket). [12] sigð: le. [13] reifðum: omsvøbt. [14] hvítmekkjum (af -mökkur): hvid tåge. [15] værðina: hvile, ro. [16] hrörnaði: affældig-blevne. [17] hveranna sjóli: varme kilders konge (k. blandt kilder). [18] svefnhöfgi: söventynge, døsighed.

og fagurt í draumblæjur[1] dýrðin sig óf
frá dagför með Laugardals hlíðum.

6. Svo kættist eg það sinn við Laugardals lönd,
er ljómuðu í sumardýrð skærri
hin glitrandi skóghlíð og grasflæmin þönd
og glampandi, silfurskær vatnanna bönd
og bláfellin blómvöllum nærri.
Og hendi það[2] síðan að hugur minn snýr
að hásumar-stöðvum svo fríðum,
þá líður um hann einsog[3] laufvindur hlýr
frá Laugardals ángandi hlíðum.

13. Grímur Thomsen.

Sveinn Pálsson og „Kópur".

1. „— Ófær sýnist áin mjer,
állinn[4] þessa[5] vestur,
stóra jaka straumur ber,
stendur hann[6] enginn hestur.

2. Áin hljóp[7], sem oft til ber
eftir milda vetra;
vertu í nótt[8], því vísast er,
að verði á morgun betra". —

3. „— Væri ei nauðsyn næsta brýn[9],
náttstað[10] yrði eg feginn,
en kona í barnsnauð bíður mín
banvæn[11] hinumegin". —

[1] draumblæjur: drömmeslör. [2] og hendi það: og skulde det ske. [3] einsog: lige som. [4] állinn: rende (i en elv-ström). [5] þessa (adverbielt): omtr. = aller-. [6] stendur hann (ɔ: strauminn): modstår den. [7] hljóp: svulmede pludselig, blev pludselig opsvulmet. [8] vertu í nótt: bliv her i nat. [9] næsta brýn: meget påtrængende. [10] náttstað (dativ): nattekvarter. [11] banvæn: dødssyg.

4. „— Skal þá, læknir! ljá þjer „Kóp“ [1]
láttu hann alveg ráða;
honum, sem fljóði [2] fóstrið skóp,
fel eg ykkur báða“. —

5. Vandlega kannar [3] Kópur straum,
í kvíslina drepur grönum [4];
slakan [5] lætur læknir taum
leiðratanda [6] vönum.

6. Var í strengnum [7] stríðast fall, —
straums í ólgu halla [8]
jakabólgin [9] bylgjan svall,
blakk [10] þó hrakti valla.

7. Óð hægt Kópur. — Yfir skall [11], —
æðar jökuls þjóta,
drengs þó hjarta drap ei stall [12],
drösull [13] misti ei fóta.

8. Reyndi á beinin [14] föst og fim
flaums [15] í þriðja svipnum [16];
líkt og á skeri brýtur brim [17],
braut á stólpa-gripnum [18],

9. Komst þá Sveinn í krappa-dans [19],
Kópur skalf á beinum,

---

[1] Kópur: egl. 'sæl-unge', (vel af farven) hestens navn. [2] fljóð (ntr.) kvinde. [3] kannar: undersøger. [4] drepur grönum: stikker mulespidsen ned. [5] slakan: slap. [6] leiðratanda: en der finder (den rigtige) vej. [7] strengur: det sted (rende) i elven, hvor der er snævring og strömmen stridest. [8] straums—halla: i den svulmende ströms hældning; ólga: svulmen; halli, mask.: hældning. [9] jakabólgin: isflage-svulmende. [10] blakkur: hest (poet.). [11] yfir skall: vandet gik over (dens) ryg. [12] drap ei stall: blev ikke modløst. [13] drösull: hest (poet.). [14] Reyndi á beinin: benene prøvedes hårdt. [15] flaumur: ström. [16] svipur: bevægelse. [17] brim (acc. obj.): brændingen. [18] stólpa-gripur: kærnekraftigt dyr. [19] krappa-dans: farlig dans.

er hann náði loks til lands
laminn jökul-fleinum[1].

10. Af eðli[2] göfgu fákur fann,
fæti að mátti ei skeika,
læknir skyldu-verkið vann,
verkið mannkærleika.

11. Úr barns og móður bætti hann þraut,
blessun upp því skar hann,
önnur laun hann engin hlaut,
ánægður þó var hann.

12. Þó að liggi lífið[3] á,
láta þeir[4] núna bíða,
í jökulhlaupi Jökulsá
og jakaburði[5] að ríða.

Jón tíkargjóla[6].

1. Á Skerjafirði[7] skaut hann sel,
en skaut hann ei til fulls í hel;
selurinn enn var syndur vel
og sýndi honum hið gráa stjel.

2. Veiðibráður[8] var hann Jón,
vildi sels ei bíða tjón;
hugaður einsog harðfengt[9] ljón
henti[10] hann sjer í laxafrón[11].

3. En — seggurinn[12] eigi syndur var,
sökk hann því til hálfs í mar[13],

---

[1] jökul-fleinum: de skarpe isflager fra jöklen; fleinn: spids. [2] eðli: natur. [3] liggi lífið á: det er livet om at göre. [4] þeir: mænd (i alml.). [5] jakaburður: isflage-flom. [6] tíkargjóla: af tík, tævehund, gjóla = svag vind; det hele = svag vind. [7] Skerjafjörður: syd for Reykjavik. [8] veiðibráður: fangst-hidsig. [9] harðfengur: kraftig. [10] henti: kastede. [11] laxafrón: lakseland ɔ: søen. [12] seggurinn: manden. [13] mar: sø.

sels hann hreifa[1] hremdi[2] snar
og hjelt sjer dauðahaldi þar.

4. Kópur hann í kafi[3] dró,
kempan nóg þar drakk af sjó;
upp í sker þeir skoluðust[4] þó;
skalf hann Jón, en — selinn sló.

5. „Mikið varstu fífl og flón[5]
að fleygja þjer í sjóinn, Jón!
síður en eigi syndur“. — Tón
sendi Jón[6] um ýsu frón[7]: —

6. „Þó fljóti eg lítið betr en blý,
bræður góðir! treysti eg því,
að selurinn er sökkva-frí[8],
og sjórinn nógur að drífa í“.

---

14. Matthías Jóchumsson.

Lofsöngur.

1. Ó, guð vors lands! ó, lands vors guð,
vjer lofum þitt heilaga, heilaga nafn!
Úr sólkerfum[9] himnanna hnýta þjer krans
þínir herskarar, tímanna safn!
Fyrir þjer er einn dagur sem þúsund ár,
og þúsund ár dagur, ei meir,
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.
:|: Íslands þúsund ár — :|:

---

[1] hreifar: luffer. [2] hremdi: greb (og holdt fast). [3] í kafi: (nede) i vandet. [4] skoluðust: førtes af strömmen. [5] fífl og flón: fjante og tåbe. [6] tón sendi Jón: sagde höjt (udover). [7] ýsu frón: kullernes land ɔ: søen. [8] sökkva-frí: ‘synke-fri’, som ikke kan synke. — Den sidste linje udgör Jons mundheld. [9] sólkerfi: solsystem.

eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

2. Ó, guð! ó, guð! vjer föllum fram
og fórnum[1] þjer brennandi, brennandi sál,
guð faðir, vor drottinn frá kyni til kyns,
og vjer kvökum vort helgasta mál;
vjer kvökum og þökkum í þúsund ár,
því þú ert vort einasta skjól;
vjer kvökum og þökkum með titrandi tár,
því þú til bjóst[2] vort forlaga[3] hjól.
:|: Íslands þúsund ár :|:
voru morgunsins húmköldu[4] hrynjandi tár,
sem hitna við skínandi sól.

3. Ó, guð vors lands! ó, lands vors guð,
vjer lifum sem blaktandi, blaktandi[5] strá;
vjer deyjum ef þú ert ei ljós það og líf,
sem að lyftir oss duftinu frá;
ó, vert þú hvern morgun vort ljúfasta líf,
vor leiðtogi í daganna þraut,
og á kvöldin vor himneska hvíld og vor hlíf,
og vor hertogi á þjóðlífsins braut;
:|: Íslands þúsund ár :|:
verði gróandi þjóðlíf með þverrandi tár,
sem þroskast á guðs-ríkis braut.

Eggert Ólafsson.

1. Þrútið[6] var loft og þúngur sjór,
þokudrúngað[7] vor.
Það var hann Eggert Ólafsson,
hann ýtti[8] frá kaldri Skor.

---

[1] fórnum: ofrer. [2] til bjóst: (búa til): tilberede, skabe. [3] forlög: skæbne. [4] húmkaldur: mörke-kold (natkold). [5] blaktandi: svajende. [6] þrútið: sky-fyldt. [7] þokudrúngað: tåge-tung. [8] ýtti (ɔ: skipi): stødte fra land.

2. Gamall þulur[1] hjá græði[2] sat.
   geigur[3] var svip hans í,
hann mælti við Eggert Ólafsson:
   „Mjer ógna[4] þau vinda-ský".

3. „Jeg sigli ei skýin, jeg sigli sjá!"
   svaraði kappinn og hló,
jeg trúi á guð, en grýlur[5] ei,
   og gleð mig við reiðan sjó".

4. Gamall þulur frá græði hvarf,
   gegndi[6] með þúngri lund:
„Þú siglir ei þennan sjó í dag,
   þú siglir á guðs þíns fund".

5. Það var hann Eggert Ólafsson,
   hann ýtti frá kaldri Skor,
vindur upp segl og sjálfur við stjórn[7]
   settist með formanns[8] þor.

6. Knúðu rastir[9] knerrir tveir,
   komið var rok[10] um svið[11];
síðasti fugl úr fjarri Skor
   flögraði á vinstri hlið.

7. Á búlkanum[12] situr brúður úng,
   bleik var in göfga kinn:
„Ó guð! sú báran er brött og há,
   hún brotnar í himininn inn!"

8. „Hækkið þið seglin!" hetjan kvað,
   en Helja skjótari varð;

---

[1] þulur: vismand. [2] græðir: sø. [3] geigur: angst. [4] mjer ógna: jeg er bange for. [5] grýlur: skræmsler (grýla et slags væsen, man skræmmer börn med). [6] gegndi: svarede. [7] stjórn: roret (egl. styrelse). [8] formaður: formand (den egenlige betegnelse for den, der er den øverste og styrmand i en fiskerbåd). [9] rastir: strömmene. [10] rok: storm. [11] svið: sø. [12] búlki: skibsladningen (stuvet, fastsurret).

boðinn skall yfir báru-mar[1], —
í búlkann var komið skarð.

9. Það var hann Eggert Ólafsson,
frá unnar-jónum[2] hann stökk,
og niður í bráðan Breiðafjörð
í brúðar örmum sökk.

10. „Það var hann Eggert Ólafsson“,
— Ísalands vættur kvað —
„aldregi græt jeg annan meir
en afreks-mennið það“.

11. Ef þrútið er loftið, þúngur sjór
og þokudrúngað vor,
þú heyrir enn þá harma-ljóð,
sem hljóma frá kaldri Skor.

Leiðsla.

1. Og andinn mig hreif upp á háfjalla-tind
og jeg horfði sem örn yfir fold[3],
og mín sál var lík ístærri[4] svalandi lind
og jeg sá ekki duft eða mold.

2. Mjer þótti sem hefði jeg gengið upp gil
fult með grjótflug[5] og hræfugla-ljóð,
fult með þokur og töfrandi tröllheima-spil,
uns á tindinum hæsta jeg stóð.

3. Mjer þótti sem hefði jeg þolað alt stríð,
alt, sem þola má skjálfandi reyr,
og mjer fanst sem jeg þekti ekki háska nje hríð,
og að hjarta mitt bifðist ei meir.

4. Eg andaði himinsins helgasta blæ
og minn hugur svalg[6] voðalegt þor,

---

[1] báru-mar: bølgens hest ɔ: skibet. [2] unnar-jór: d. s. [3] fold: jorden. [4] ístær: is-klar. [5] grjótflug: sten-ras [6] svalg: slugte.

og öll hjarta míns dulin og deyjandi fræ
urðu dýrðleg sem ljómandi vor.

5. En mín sál var þó kyr, því að kraftanna flug[1]
einsog kyrrasta jafnvægi[2] stóð,
og mjer söng einhver fyllíng[3] í svellanda[4] hug
einsog samhljóða gullhörpu-ljóð.

6. Einsog heilög guðs ritníng lá hauður og sær,
alt var himnesku gullletri skráð[5],
meðan dagstjarnan kvaddi svo dásemdar-skær
einsog deyjanda guðs-sonar náð.

---

15. Þorsteinn Erlíngsson.

Lágnætti.

1. Margoft þángað mörk og grund
mig að fángi[6] draga,
sem þær[7] ánga út við Sund[8]
eftir lánga daga.

2. Bundinn gestur að jeg er
einna best jeg gleymi,
meðan sest á sumri hjer
sól í vesturheimi.

3. Ekki er mart sem foldar frið
fegur skarta lætur,
eða hjartað unir við
einsog bjartar nætur.

4. Kvikt[9] er valla um sveit nje sjá
svo að kalla megi;

---

[1] flug: flugt. [2] jafnvægi: ligevægt. [3] fyllíng: fylde. [4] svellanda: svulmende. [5] skráð: skrevet. [6] að fángi: til favntag. [7] þær ɔ: mörk og grund, skoven og jorden. [8] Sund ɔ: Øresund. [9] kvikt: levende, bevægeligt.

raddir allar þagna þá,
þegar hallar degi.

5. Sofnar lóa er löng og mjó
ljós á flóa deyja;
verður ró um víðan sjó,
vötn og skógar þegja.

6. Hjerna brunnu[1] blóma munn[2]
brosin sunnu viður,
nú að grunni út í unn[3]
er hún runnin niður.

7. Stjörnur háum stólum frá
stafa[4] bláan ósinn
út við sjáar ytstu brá[5]
eftir dáin ljósin.

8. Utar bíða óttutíð
ægis fríðu dætur,
þar sem víði[6] sveipar síð
sól um blíðar nætur.

9. Á um njólu[7] aldinn[8] mar
út hjá póli gaman:
árdags sól og aftann þar
eiga stóla saman.

10. Þeim er yndi út um sjá
yfir lindum[9] bláum
skýjum[10] bindast örmum á
eða tindum háum.

11. Blómin væn þar svæfir[11] sín
sumarblænum þýðum

---

[1] brunnu: subj. er brosin sunnu = solens smil. [2] blóma munn styres af viður (= við) ɔ: 'mod blomsterms mund'. [3] unn: bølgen. [4] stafa: danner striber (ved spejling). [5] brá: kant. [6] víði (af víðir): søen. [7] njólu: natten. [8] aldinn: gammel. [9] lindum (af lind): egl. 'kilderne', her: bølgerne. [10] skýjum: styres af á. [11] svæfir: dysser i sövn (subj. er eyjan i l. 3).

ytst í sænum eyjan mín
iðjagræn í hlíðum.

12. Sljettu[1] bæði og Horni[2] hjá
heldur Græðir anda,
meðan hæðir allar á
aftanklæðum standa.

13. Ekki er nóttin leið nje löng:
landið rótt þar bíður
meðan hljótt að sævar-söng
sól um óttu ríður.

14. Ægis dætur hafsbrún hjá
hárið væta lánga,
sem hún lætur liðast frá
ljósrar nætur vánga.

15. Sóley kær, úr sævi skjótt
sunnan skæra líður.
Sje þjer blær um bjarta nótt
bæði vær og þýður.

Sólskríkjan.

1. Sú rödd var svo fögur, svo hugljúf[3] og hrein,
sem hljómaði til mín úr dálitlum runni;
hún sat þar um nætur og söng þar á grein
svo sólfögur ljóð um svo margt sem jeg unni,
og kvöld eftir kvöld hóf hún ástarljóð ein —
ó, ef að þú vissir, hvað mikið hún kunni.

2. Hún kvað um sitt fjölbreytta[4] fjalldala skraut,
hve frítt[5] er og rólegt að eiga þar heima,
hve mjúkt er í júní í ljósgrænni laut,
hve ljett þar er vetrarins hörmum að gleyma,

---

[1] Sljetta: Melrakkasljetta, nordl. Isl. [2] Horn: forbjærg på nordl. Isl. [3] hugljúf: hu-kær (kær for sjælen). [4] fjölbreyttur: mangeartet. [5] frítt (af fríður): skönt.

og hvað þá er inndælt við ættjarðarskaut
um ástir og vonir að sýngja og dreyma.

3. En sætust af öllum og sigrandi blíð
hún söng mjer þar ljóðin um dalbúans næði [1],
um lundinn sinn kæra og lýnggróna hlíð,
þó lítil og fátækleg væru þau bæði;
en svipurinn hýrnar [2], þjer sýnast þau fríð
í sýngjandi snjótitlíngs vornæturkvæði.

4. Þar söng hún í kyrðinni elskhugans óð [3]
um óbygðar heiðar og víðsýnið fríða,
og æskunnar barnglaða, blíðróma ljóð,
sem biður þess sumarið: aldrei að líða [4];
því sitja þar vorkvöldin hlustandi hljóð,
því hika [5] þar nætur og dreymandi bíða.

5. En fjarri er nú söngur þinn, sólskríkjan mín,
og sumur þíns vinar hin fegurstu liðin;
hann lángar svo oft heim á Þórsmörk [6] til þín,
hann þráir [7] svo ljóðin og vornætur friðinn, —
hann harmar í skógunum hrjósturlönd sín,
hann hlustar sem gestur á náttgalakliðinn.

---

16. Hannes Hafstein.

Fuglar í búri.

1. Ó hvað mig tekur það sárt [8] að sjá
saklausu fuglana smáu
stolna burt sínu frelsi frá,
sem fleygt sjer gætu [9] þó vængjum á
uppi um heiðloftin háu.

---

[1] næði: ro, rolige liv. [2] hýrnar: bliver gladere. [3] óð, mask.: digt. [4] líða: være forbi. [5] hika: stanser. [6] Þórsmörk, en egn (tidligere skov) på østsiden af Markarfljót, der begrænser Fljótshlið, digterens hjem. [7] þráir: savner. [8] tekur sárt: det smærter mig bittert. [9] fleygt sjer gætu: kunde sig svinge.

þið vesalíngs, vesalíngs fángar,
jeg veit hversu sárt ykkur lángar.

2. Hreyfið ei vængina, hímið[1] þið,
hæðið þá ei með að flögra[2];
lokaða búrið ei gefur grið,
og gæfi það smugu[3], þá tækju við
hindranir húsveggja fjögra.
Þeim, sem fært er að fljúga,
í fángelsi er dapurt að búa.

3. Hinum, sem aldregi flogið fá,
finst það hugnun[4] og gaman,
að horfa fuglana fleygu á
fjötraða, jarðbundna einsog þá,
að líta hinn loftfrjálsa taman.
Þið vesalíngs, vesalíngs fángar,
jeg veit, hversu sárt ykkur lángar.

Fjallasöngur.

1. Glatt og frjálst á fjöllum er
frjálsir sveinar erum vjer,
látum skeiða[5], hleypum hart,
hesturinn okkar bilar vart[6].
Komi gjótur[7], klárinn yfir stekkur,
komi hrjóstur[8], stiklar[9] hann á þeim.
Fram á stökki sjerhver röskur rekkur,
ríðum nú til fjalladísa heim.

2. Fjallatröll í fellunum[10],
fjallabörn í hellunum,

[1] himið: værer stille med sænket hoved. [2] flögra: baske (med dem). [3] smugu: rift (mellem tremmerne, hvorigennem de knnde smutte). [4] hugnun: trøst, tilfredsstillelse. [5] skeiða: her i alml. 'løbe rask'. [6] bilar vart: svigter næppe. [7] gjótur: hul (i vejen). [8] hrjóstur: ujævn, stenet, grund. [9] stiklar: træder (ɔ: på sten fra sten). [10] fellunum (af fell): mindre fjælde.

hraustum drengjum heilsið þjer.
Heilir svo, nú komum vjer.
Lítið upp og sýnið okkur svipinn[1],
sýnið okkur þreknar herðar nú,
vættur, það er synd að hírast hnipin[2],
hjer er nóg af gleði, sæl vert þú.

3. Og þú, fagra fjalladís,
fólgin bak við klett og ís,
komdu fram með fríða kinn,
findu sveinahópinn þinn.
Komdu, hlæðu[3] blítt við biðlum þínum,
breiddu sparifeldinn[4] undir þá,
gef úr þínum lindum[5] val af vínum,
veit þeim sæti stóli þínum hjá.

4. Hjer er bæði lind og laut[6]
ljósgrænt klædd í sumarskraut,
ágæt handa hestunum,
hvíla besta gestunum.
Lindardísir, kveðið oss nú kvæði,
komið svo með veigar[7] handa oss;
hjer við getum glatt[8] oss öll í næði[9],
gola, kom og rjett oss svalan koss.

Undir Kaldadal.

1. Jeg vildi óska að það yrði nú regn
eða þá bylur[10] á Kaldadal,
og ærlegur kaldsvali okkur í gegn
ofan úr háreistum[11] jöklasal.

---

[1] svipinn: ansigtstrækkene. [2] hnipin: nedböjet, sörgmodig. [3] hlæðu (af hlæja): le, smil. [4] sparifeldinn: söndagsfelden (skindet) ɔ: det grönne græs. [5] lindum (af lind, fem.): kilder. [6] laut: fordybning, lille dal. [7] veigar: (kraftig) vin, drik. [8] glatt (af gleðja): fryde. [9] í næði: i ro og mag. [10] bylur: snestorm. [11] háreistur: höjt bygget, höj.

2. Vjer þurfum loft og vjer þurfum bað
að þvo burt dáðleysis mollukóf[1].
Vjer þurfum að koma á kaldan stað,
á karlmensku vorri halda próf[2].

3. Vjer þurfum á stað[3] þar sem stormur hvín
og steypiregn[4] gerir hörund vott,
svo þeir geti skolfið og skammast sín,
sem skjálfa vilja, það er þeim gott.

4. Ef kaldur stormur um karlmann fer
og kinnar bítur og reynir fót,
þá finnur hann hitann í sjálfum sjer
og sjálfs síns kraft til að standa mót.

5. Að kljúfa rjúkandi kalda[5] gegn,
það kætir hjartað í röskum hal.
Jeg vildi að það yrði nú ærlegt regn
og íslenskur stormur á Kaldadal.

Áníng.

1. Á grund undir holtbarði[6] háu
af hestunum sprettum[7] vjer þá;
jeg klappa klárnum á hálsinn
og klóra honum eyranu hjá.
Sko, knálega[8] karlinn sjer veltir
og kraftbyggðan hristir hann skrokk[9],
og vindurinn faxinu feykir
og fallegum ennislokk.

2. Vjer hreiðrum[10] oss uppi undir holti,
og hundurinn fylgir oss trúr.

---

[1] mollu-kóf: den tunge stille lufts kvalme. [2] próf: eksamen. [3] þurfum á stað: trænger til et sted. [4] steypiregn: styrtregn. [5] rjúkandi kalda: rygende kulde. [6] holtbarð (ntr.): stenet og bar (fjæld)-afsats. [7] spretta af: tage sadlerne af. [8] knálega: kraftigt. [9] skrokkur: krop. [10] hreiðrum; lejrer (egl. bygger rede).

Ur töskunum tökum vjer nestið
og tappana[1] flöskunum úr.
Vjer tölum um veginn og veðrið
og viðburði[2] leiðinni á,
um greiðann[3] á gistíngarstaðnum
og gæðin stúlkunum hjá.

3. Í vestrinu sól fer að síga,
hún sindrar[4] á snæfjöllin skyggð[5],
og dagur fer þegar að þverra
og það er svo lángt niðrí byggð.
Við þurfum að spretta úr spori[6],
á spöðunum halda[7] í kveld.
Ef klárarnir hvílast og fyllast,
þá komumst vjer samt, að jeg held.

4. Já, klárinn minn, kom þú að læknum
og kroppaðu[8] þar sem er best.
Við báðir sem best skulum nota
hinn bráðfleyga[9] áníngar-frest[10].
Í hnakkinn[11] minn höfuðið legg jeg
og hugljúfum dvala mig fel.
Nú heyri jeg hestinn minn bíta —
já, hertu þig, karltetur[12], vel.

---

[1] tappana (af tappi): propperne. [2] viðburði: tildragelser. [3] greiðann: det ydede (gæstfriheden). [4] sindrar: gløder. [5] skyggð: skinnende lyse. [6] spretta úr spori: lade det gå rask af sporet, ɔ: ride rask til. [7] halda á spöðunum: egl. ‘holde dygtig på spaderne’ ɔ: arbejde kraftig, her: skynde sig. [8] kroppaðu: pluk (græsset). [9] bráðfleygur: som flyver, er forbi, hastig. [10] áníngar-frest: frist, tid til at bede. [11] hnakkinn: sadlen. [12] karltetur: omtr. = ‘gamle’ (kælende).

17. Stökur.

1. Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, titlíngur:
galar, krúnkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, sýngur[1].

2. Ljósið kemur lángt og mjótt,
logar á fífustöngum[2],
Halla kerlíng fetar fljótt
framan eftir göngum[3].

3. Fuglinn í fjörunni[4]
hann heitir már[5],
silkibleik er húan hans
og gult undir hár.

4. Kondu nú að kveðast á[6],
kappinn, ef þú getur,
láttu gánga ljóðaskrá[7]
ljóst[8] í allan vetur.

5. Ferhyrnd kæran[9] fögur og væn
fróð heilræðin kennir skást[10],
fángið býður firðum[11] kæn[12],
freknur[13] víða um það[14] sjást.

---

[1] Til hvert subst. (dyrenavn) svarer det verbum, der betegner hvert dyrs lyd, i rigtig rækkefølge. [2] fífustöngum: kæruldstænger, små træstykker med kæruld (som lys). [3] göngum: (af göng ntr. pl.) gang (i et hus). [4] fjörunni: (af fjara), strandbred. [5] már = måge. [6] kveðast á: se ovf. s. 44. [7] ljóðaskrá: egl. 'digt-samling', ɔ: et utal af vers. [8] ljóst: adv. 'tydeligt', ufejlbarlig. [9] er en gåde (opløsn.: en bog). kæran: egl. 'kær kvinde'. [10] skást: hører til heilræðin, 'de bedste'. [11] firðum = mændene, folk (af firðar). [12] kæn = klog. [13] freknur = fregner, ɔ: bogstaverne. [14] það = det, ɔ: den mente genstand.





Druck von Ehrhardt Karras G. m b. H. in Halle (Saale)